

**Menningarminjar á fyrirhuguðu
framkvæmdasvæði við Tjörnesveg**

Oddgeir Hansson

Fornleifastofnun Íslands

FS106-98211

Reykjavík, 1999

Efni:

1. Inngangur	1
2. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar	2
3. Fyrri athuganir og skráning	3
4. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði	5
NP-007 Bangastaðir	6
NP-008 Fjöll	16
NP-009 Auðbjargarstaðir	18
SP-295 Máná	18
SP-296 Valadalur	33
SP-297 Breiðavík	40
SP-298 Sandhólar	44
SP-299 Ketilsstaðir	47
SP-300 Mýrarkot	54
SP-301 Hóll	56
SP-302 Ísólfstaðir	58
SP-303 Hallbjarnarstaðir	61
SP-304 Ytri-Tunga	68
SP-305 Hringver	76
SP-306 Syðri-Tunga	86
SP-307 Tungugerði	89
SP-308 Kvíslarhóll	91
SP-309 Rauf	92
SP-310 Héðinshöfði	94
SP-671 Fornleifar á fleiri en einni jörð	101
5. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar	102

6. Tillaga um aðgerðir	109
7. Niðurlag	110
Heimildir	112

Viðauki: Kort af menningarminjum á og við fyrirhugað vegarstæði.

1. kafli. Inngangur

Fyrirhugaðar eru framkvæmdir við Tjörnesveg frá Héðinshöfða og út að Víkingavatni í Kelduneshreppi. Í ráði er að byggja upp og leggja bundið slitlag á veginn. Mun núverandi vegarstæði verða fylgt í megindráttum að Gerðibrekku í Kelduneshreppi. Þaðan er gert ráð fyrir talsvert mikilli tilfærslu á vegarstæðinu. Mun vegurinn liggja í sveig til austurs að Fjallahöfn, og þaðan út yfir svonefnt Rif, þaðan sem hann sveigir til suðurs og sameinast loks gamla vegarstæðinu skammt vestan við Víkingavatn.

Haustið 1998 fór Vegagerðin á Akureyri fór þess á leit við Fornleifastofnun Íslands að hún gerði mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á menningarminjar á svæðinu. Í þessari skýrslu er greint frá árangri athugunar á fyrrgreindu vegarstæði. Markmið athugunarinnar var að kanna ritaðar heimildir um fornleifar á svæðinu, leita minja á vettvangi og leggja mat á áhrif fyrirhugaðra framkvæmda. Við undirbúning rannsóknarinnar voru kort og ritheimildir um menningarminjar á svæðinu athugaðar, loftmyndir skoðaðar og rætt við ábúendur og aðra staðkunnuga á svæðinu. Gengið var eftir fyrirhuguðu vegarstæði og nágrenni þess kannað. Á sama tíma og áhrif vegaframkvæmda á menningarminjar voru könnuð var gerð aðalskráning fornleifa í Tjörneshreppi á vegum sveitarfélagsins og söfnuðst við það mun ítarlegri og heildstæðari upplýsingar um fornleifar á svæðinu öllu. Á grundvelli þessa var tekin saman skrá yfir fornleifar á svæðinu og hún skoðuð í ljósi fyrirhugaðra framkvæmda. Í skýrslunni er fylgt hefðbundinni framsetningu FSÍ á nauðsynlegum gögnum við umhverfismat,¹ og greint frá lögbundnum forsendum fornleifakönnunarinnar, takmörk rannsóknarsvæðis skilgreind, greint frá fyrri fornleifaathugunum á svæðinu, vettvangsrannsóknum lýst, og lagt mat á áhrif framkvæmda. Við undirbúning vettvangsvinnu var stuðst við svæðisskráningu fornleifa í Tjörneshreppi og Kelduneshreppi sem Sædís Gunnarsdóttir gerði 1998. Vettvangsvinna var gerð á tímabilinu 3. júní til 24. september 1999 af höfundi skýrslu þessarar, en einnig skráðu

¹ Sbr. Adolf Friðriksson, *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Snæfellsnessvegar um Mávahlíðarrif*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997; - Sami: *Skýrsla um menningarminjar við fyrirhugað vegarstæði Ólafsvíkurvegar og Útnessvegar sunnan Fróðárheiðar*, Fornleifastofnun Íslands, Reykjavík, 1997. Eftirfarandi kafli um umhverfismat vegna fornleifagæslu er að mestu samhljóða samnefndum köflum í fyrri skýrslum.

Mjöll Snæsdóttir og Elín Ósk Harðardóttir í september. Verkið í heild var unnið undir stjórn Orra Vésteinssonar. Sérstakar þakkir fá heimildamenn á Mánárbakka, Ketilsstöðum og Hallbjarnarstöðum II, Guðni Halldórsson forstöðumaður Safnahússins á Húsavík og starfsmenn Vegagerðarinnar á Akureyri fyrir margvíslega liðveislu.

2. Kafli. Um mat á umhverfisáhrifum framkvæmda á menningarminjar

Á undanförnum árum hafa verið gerðar breytingar á löggjöf um verndun fornleifa og hefur eftirlit með framkvæmd laganna verið aukið. Samkvæmt 17. grein þjóðminjalaga (nr. 88/1989, sbr. lög nr. 43/1991 og breyting á lögum samþykkt 7/5 1994), eru allar fornleifar á Íslandi friðhelgar: "Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja ..." Auk þjóðminjalaga ná lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 63/1993 einnig yfir verndun menningarminja, enda markmið laganna að tryggja að mat á umhverfisáhrifum verði fastur liður í undirbúningi að framkvæmdum. Í 5. gr. ofangreindra laga eru sérstaklega tilgreindar framkvæmdir sem háðar eru umhverfismati, og er vegagerð þar á meðal. Er þessi fornleifakönnun í anda þeirra markmiða sem sett hafa verið þessari löggjöf. Mat á áhrifum framkvæmda á fornleifar gerir kröfur um fjölþætta athugun á heimildum og vettvangsrannsókn, enda er skilgreining á fornleifum í þjóðminjalögum víðtæk. Til fornleifa teljast hvers kyns leifar fornra mannvirkja og annarra staðbundinna minja sem menn hafa gert eða mannaverk eru á, svo sem:

- a. byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi mannvirkjum, húsaleifar hvers kyns, svo sem kirkna, bænahúsa, klaustra og búða, leifar af verbúðum, naustum verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum;
- b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum, kolagröfum og rauðablæstri;
- c. gömul tún- og akurgerði, áveitumannvirki og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita;
- d. gamlir vegir, stíflur, brýr, vatnsvöð, varir, hafnir og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og vitar og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra;
- e. virki og skansar og önnur varnarmannvirki;
- f. gamlir þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengjast siðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð;
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettum, klöppum eða jarðföstum steinum;
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið;

- i. skipsflök eða hlutar úr þeim.
Að jafnaði skal telja minjar 100 ára og eldri til fornleifa

Það er skýrt af þessari skilgreiningu að fornleifar eru ekki aðeins öll mannvirki heldur einnig staðir sem á einn eða annan hátt tengjast menningu og atvinnuvegum, hvort heldur sem er vöð eða álagablettir. Þessari skilgreiningu hefur verið fylgt við framkvæmd umhverfismats, líkt og gert er við hefðbundna fornleifaskráningu.

Ef mannvistarleifar sem falla undir ofangreinda skilgreiningu finnast á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði, þá þarf að leita heimildar til að hreyfa við þeim. Í 21. gr. Þjóðminjalaga segir m.a. : “Nú telur... sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, svo sem vegagerð, að hann þurfi að gera jarðrask er haggar við fornleifum og skal hann þá skýra Þjóðminjasafni Íslands frá því áður en hafist er handa um verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd mundi leiða. Þjóðminjasafn ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum”.

3. kafli. Fyrri athuganir og skráning.

Elstu heimild sem til er um skipulega fornleifakönnun í nágrenni við fyrirhugað athafnasvæði, er að finna í *Árbók hins íslenska fornleifafélags* frá árinu 1906. Þar lýsir Brynjúlfur Jónsson því er fyrir augu bar í ferð er hann tókst á hendur um Norðurland fyrir fornleifafélagið, sumarið 1905. Þar nefnir hann þrjá staði á Tjörnesi, Valahaug (SP-296:015) í landi Valadals, sem er meintur legstaður, Hallbjarnarhaug (SP-303:045) í landi Hallbjarnarstaða sem einnig er meintur legstaður og eyðibýlið Böðólfstaði (SP-304:006) í landi Ytri-Tungu. Gefur Brynjúlfur nákvæma lýsingu af þessum stöðum.²

Ekki er vitað um að aðrir hafi gert skipulega leit að fornleifum á Tjörnesi en löngu áður en Brynjúlfur var þar á ferð höfðum menn tekið eftir fornleifum þar. Eggerti Ólafssyni og Bjarna Pálssyni var sagt frá Mánahaugi er þeir voru á ferð um Norðurland 1753 og skoðuðu þeir því staðinn en komust að því að hann væri sennilega aðeins náttúrusmíð.³ Í skýrslu Gísla Auðunssonar sóknarprests til dönsku fornleifanefndarinnar 1821 segir hann frá Vala- eða Volahaugi og að þar hafi fundist messingarker. Í skýrslu kollega hans í Garði í

² Brynjúlfur Jónsson 1906, 7-8.

³ FEB II; 85

Kelduhverfi er hinsvegar ekki minnst á neinar mannvirkjaleifar.⁴

Í lýsingu Húsavíkursóknar frá 1842 segir: “ Af öngvum fornleifum veit eg hér, ... Ei eru hér rúnir, málmsmíðir, naust, hróf, dómhringar eður merkilegir steinar eður haugar. Lítið er hér um fornmannasögur ... eður að fornleifar hafi fundist í jörðu.” Í sömu lýsingu þar sem fjallað er um eyðijarðir í nágrenni við fyrirhugað athafnasvæði segir: “Eyðijarðir eru hér víða, en enginn getur sagt hvenær þær hafi lagst í eyði. ...[Eyðijarðir] undir Héðinshöfða Tröð og Hólkot og undir Ytritungu Beiólfsstaðir(?) og Gilkot. Fleiri eyðijarðir hafa nú ei bændur nefnt hér.” Einnig er fjallað um fornar kirkjur eða bænhús á svæðinu: “Kirkjur eða bænhús hafa víða verið hér, en ei fæ eg uppgötvað hvenær þau hafa af tekist eða hve margir bæir hafi heyrt undir hvört þeirra. Bænhús hefur t.d. verið í ... Héðinshöfða, Ísólfstöðum og Sandhólum og sjást enn glögg merki til þeirra.”⁵

Í lýsingu Kelduhverfis frá 1839 segir hinsvegar: “Ekkert sem spurning þessi (um fornleif ar), upptelur finnst hér í sveit. ...né orðrómur um að þær hafi hér nokkurn tíma fyrir eður síðar að undanfögnu fundist eða fyrir komið. Lýsing þessi er rituð í Garði í Kelduhverfi í september árið 1839.”⁶

Á 20. öld hafa menn víða tekið eftir fornleifum á athugunarsvæðinu og er þeirra víða getið í örnefnalýsingum en þær voru ritaðar eftir frásögnum staðkunnugra. Flestar lýsingarnar eru gerðar af Ara Gíslasyni á sjöunda áratugnum, en margar þeirra hafa verið endurskoðaðar síðan.

Árið 1930 lét Matthías Þórðarson Þjóðminjavörður friðlýsa eyðibýlið Böðólfsstaði(SÞ-304:006) í landi Ytri-Tungu og eru það einu friðlýstu minjarnar á svæðinu.⁷

Þá gerði Bjarni F. Einarsson fornleifakönnun vegna mats á umhverfisáhrifum vegna malarnáms á svæðinu árið 1997. Í skýrslu hans er fjallað um eftirtalda staði: Álfasteina(SÞ-295:031), geitakofa(SÞ-295:040), refagildru(SÞ-295:033), Hvaltjarnarhús(SÞ-295:014), túngarð(SÞ-295:046), Mánahaug(SÞ-295:024), Mánársel(SÞ-295:026) og Valahaug(SÞ-296:015).⁸

⁴ FF, 609-610.

⁵ SSÞ, 193, 195.

⁶ SSÞ, 223.

⁷ Ágúst Ó. Georgsson, Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar. Reykjavík 1990, bls. 53

⁸ Bjarni F. Einarsson, *Katlar sunnan við Húsavík og Hlíðarhorn á Tjörnesi. Fornleifakönnun vegna mats á umhverfisáhrifum*. Reykjavík 1997, 7-12.

4. Kafli. Fornleifar á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði

Hér að neðan er birt skrá um fornleifar við fyrirhugað vegarstæði Tjörnesveg frá og með Víkingavatni í Kelduneshreppi að Héðinshöfða í Tjörneshreppi. Í skránni eru allir þeir minjastaðir sem þekktir eru í fyrirhugaðri veglínu og næsta nágrenni hennar. Sú leið var valinn að merkja inn á loftmyndir Vegagerðarinnar á Akureyri alla þá staði sem vitað er um, jafnvel þó þeir séu fjarri vegarstæðinu og ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Upplýsingar um þá staði eru í skránni hér að neðan. Með þessu á að vera tryggt að heildaryfirlit um menningarminjar á svæðinu sé til taks og ennfremur að hægt verði að taka tillit til fornleifa verði breytingar á hönnun vegarstæðisins frá þeirri tillögu sem nú liggur fyrir.


Í skráningarkerfi Fornleifastofnunar hefur hver sýsla skammstafað heiti og hver jörð hefur númer. Miðað er við jarðaskiptingu eins og hún kemur fyrir í Jarðatali Johnsens frá 1847 og byggir tölusetning jarðanna á því. Þá er hverjum minjastað gefin kennitala sem hengt er við sýslutákn og jarðarnúmer (dæmi: SP-301:001). Upplýsingar um hvern stað eru settar fram á staðlaðan hátt: fyrst kemur kennitala staðarins í gagnagrunni FSÍ, staðarheiti, tegund fornleifar, hlutverk og hnattstaða í gráðum og mínútum. Þar næst kemur tilvitnun í heimild ef einhver er, lýsing á staðsetningu, aðstæðum og að lokum aðrar upplýsingar, hættumat og heimildaskrá.

Í næsta kafla verður fjallað nánar um þá staði sem líklegt er að fyrirhugaðar framkvæmdir muni hafa áhrif á en hér eru gefnar grunnupplýsingar um menningarminjar í veglínunni og nágrenni hennar.

NÞ-007 Bangastaðir

NÞ-007:001 Bangastaðir tóft bústaður

66.10.129N 016.594V



Bæjarhóllinn er um 300 m vestan við þjóðveg og um 30 m sunnan við Bangastaðavatn.

Nokkuð myndarlegur túngarður liggur í kringum heimatún. Bangastaðir fóru í eyði árið 1953.

Tún í órækt norðan, austan og vestan megin. Sunnan megin er þýfður grasmói. Vestan megin er fjallshlíð.


Tóftin er um 21x16 m að stærð og er hleðsluhæð um 1,9-2 m. Þykkt veggja er um 1,6-1,8 m. Hleðslur standa að mestu, en þekja er fallin og liggur hún greinileg í tóftinni. Leifar af stoðum og sperrum sjást greinilega. Bæjarhóllinn sjálfur er myndarlegur og nær hann lengst um 8-10 m út frá tóftinni að

vestanverðu. Er hann þar um 1,8 m á hæð. Sökum þess að þekjan liggur ofan í tóftinni og að veggir eru farnir að falla, er ekki hlaupið að því að átta sig á "herbergjaskipaninni." Skál það haft í huga er uppdráttur er skoðaður. Austan megin í tóftinni sjást leifar af timburstafni. Einnig má þar sjá þar sperrur og stoðir. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 1

NÞ-007:002 tóft Hesthús 66.10.176N 016.59.577V



Hestúsið er í brekku um 100m NV af bæjarhólnum. Um 50 m austar standa fjárhús 006.

Húsið stendur efst í brekku. Fyrir ofan og vestan þau er þýfður lyngmói. Tún í órækt fyrir neðan og austan.

Húsið er um 12x6 m að stærð. Húsið er tvískipt og er

hleðsluhæð í vestari hluta þess töluvert meirri en í eystri hlutanum, eða um 2,2 m. Hleðsluhæð í eystri hlutanum er um 1,5 m. Dyr hafa verið tvennar og snúa báðar til austurs. Þekja úr torfi er fallin og liggja leifar hennar í tóftinni (torf, stoðir, sperrur). Þykkt veggja er um 1m. Veggir eru hlaðnir úr grjóti.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917

NP-007:003 tóft 66.10.183N 016.59.613V

Um 5m austa við hesthúsið er að finna um 0,6m djúpa dokk sem er alveg greinilega manngerð.


Í túni sem er í órækt.

Dokkin eða tóftin er um 10x6,5 m að stærð og lítur út fyrir að vera eggлага, ef undan er skilið lítið útskot austan megin í henni sem er ferkantað. Tóftin lítur út fyrir að

vera tvískipt (þ.e.a.s. eggлага hlutinn), en leifar af millivegg sjást í henni miðri. Hleðsluhæð er um 0,6 m. Þykkt veggja er um 1m.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



NP-007:004 tóft útihús 66.10.059N 016.59.623V


Tóft er um 120 m SV af bæjarhólnum, um 20 m frá vesturbakka Bangastaða vatns. Túngarður liggur um 6 m vestan við hana og um 30 m norðan við hana

. Þýfður grasmói.

Tóftin er um 21x7 m að stærð og er hleðsluhæð um 1,5 m. Þykkt veggja er um 1m. Grjóthleðslur standa að mestu grónar, þ.e. nyrðri hlutinn. Syðri hluti tóftarinnar er mikið til siginn þó víða gægist leifar af grjóthleðslum upp úr sverðinum. Hér er líklega um að ræða gerði fyrir "framan" húsið sem sjálft er ekki nema um 10 m að lengd. Gerðið er þá um 11 m. Sama breidd er á hvoru tveggja. Dyr eru á suðurenda. Við vesturhlið hússins er gryfja um 2x2 m að stærð og um 2 m að dýpt.


Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Túnakort 1917



NÞ-007:005 Gerði tóft geitakofi

66.10.019N 016.59.653V



"Sunnan til í [túninu], vestast, er svonefnt Gerði. Þar eru kofarústir. Þegar Bjarni var strákur, hafði Bangastaðabóndi geitur á Gerði." "Það eru rústir í Gerði. Garðhleðsla hefur verið kringum Gerði, en hafi verið ógreinileg sums staðar." Þessi lýsing passar að öllu leiti nema því að Gerði er utan túns, eða um 60 m frá túngarðinum þar sem hann lokast um túnið

að sunnan. Tóftin stendur á vesturbakka Bangastaðavatns á örliðlu nefi eða nesi sem gengur þar út í vatnið. Stendur hún um 7 m frá enda þess.


Þýfður grásmói á litlu nesi við stöðuvatn.

Tóftin er um 8x6 m að stærð og er hleðsluhæð um 1,8 m. Hún er hlaðin úr tofi og grjóti. Þykkt veggja er um 1 m. Þekjan er fallin og má sjá leifar hennar í tóftinni, þ.e. torf, stoðir og sperrur. Leifar af garðlagi sjást á kafla vestan við tóftina. Er syðri endi þess um 3 m frá tóftinni. Hér er um 15 m langan stubb að ræða sem er í misgóðu ásigkomulagi en nyrðri hluti hans er hvað heillegastur. Sá syðri er nokkuð sprunginn. Breidd garðlagsins er um 1 m og hæð sú sama.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 2; Ö-Bangastaðir viðb., 2

NÞ-007:006 tóft fjárhús 66.10.179N 016.59.496V



"Norðaustur af bæ eru fjárhús úr torfi." Um 80 m eru á milli fjárhússins og bæjarhólsins. Austan við fjárhúsin í um 20 m fjarlægð rennur lækur til norðurs, er kemur úr Bangastaðavatni.

Vatnið sjálf er í um 50 m fjarlægð til suðurs.

Í óræktuðu túni.

Tóftin er um 13x13 m að stærð. Veggir eru úr torfi og grjóti og er hæð

þeirra um 1,7 m. Þykkt veggja er um 1,5 m. Tóftin skiptist í tvo jafnstóra hluta og ganga garðar hlaðnir úr grjóti og með steyptri plötu eftir miðju beggja. Steypan gefur til kynna að hér sé ekki um mjög gamla byggingu að ræða. Dyr eru tvennar á húsinu, aðrar syðst á vesturvegg, en hinar syðst á austurvegg. Þekja úr torfi er fallin og sjást leifar af henni ásamt stoðum og sperrum inni í tóftinni.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 2

NP-007:007 varða landamerki 66.11.357N 016.59.760V

"Norðan við Engidalsgjá heitir Skeiðöxl. Þar sem vegurinn er nú tæpast á brúninni, þar nokkuð hærrí mitt milli Engidalsgjár og Skarfaflasar, hér aðeins norðar er varða við sjó. (Ath.: Guðmundur hefur ekki séð þessa vörðu né heyrt hana nefnda.)" Í Landamerkjalyýsingu fyrir Máná SP-295 er sagt að staðið hafi til að hlaða vörðu á þessum stað. Að sögn heimildamanns mun varða þessi aldrei hafa verið hlaðin. Hér fylgja þó hnit þeirrar staðsetningar sem sagt er frá í örnefnalyýsingu.

Þýfður lyng og grasmói

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 2

NP-007:008 varða landamerki

"Norðan við Engidalsgjá heitir Skeiðöxl. Þar sem vegurinn er nú tæpast á brúninni, þar nokkuð hærrí mitt milli Engidalsgjár og Skarfaflasar, hér aðeins norðar er varða við sjó. (Ath.: Guðmundur hefur ekki séð þessa vörðu né heyrt hana nefnda.) Þaðan eru svo merkin, lína beint í vörðu á svonefndum Jarðabakka." Varða þessi er merkt inn á meðfylgjandi kort.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 2

NP-007:009 heimild um leið 66.11.300N 016.59.636V

"Norðan við Skeiðöxl eru svo nefndir Reykjavellir, og þar undan heitir Rauðsgjá í klettana. Gamla reiðgatan var áður á blábakkanum við Rauðsgjá." Um 15 m fyrir austan og neðan þjóðveg má greina leifar eftir einhversskonar slóða, en hvort hér er um að ræða leifar af þessari reiðgötu eða eingöngu troðninga eftir kindur, er erfitt að greina.

Sjávarbakki. Þýfður gras og lyngmói.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 2

NP-007:010 *Bangastaðahöfn* heimild um lendingu 66.06.843N
016.58.709V

Undir björgunum, austan bæjar, niður við sjó, heitir Bangastaðahöfn. Er þar hægt að koma hestum niður í fjöru og lending allgóð og stutt á fengsæl fiskimið." Hamarinn er afmarkar Bangastaðahöfn að norðanverðu nefnist Svarthamar. Frá bæjarhól að Svarthamri eru um 1-1,5 km í ASA. Uppi á sjávarbakkanum við höfnina liggur nokkuð myndarlegur grjóttgarður frá Svarthamri um 300 m til suðurs. Brekkan frá sjávarbakkanum niður að höfninni nefnist Búðabrekka. Dregur hún nafn sitt af verbúð sem er á hjalla við höfnina. Hægt er að komast niður að höfninni eftir þröngum einstigum sem liggja niður Búðabrekku en einnig er hægt að velja sér lengri en jafnframt auðveldari leið, niður aflíðandi brekku er liggur frá höfninni til SV meðfram Búðabrekku, þar til hún sameinast brekkubrúninni eftir um 1 km. Þetta er ekki styttri leið en hún er auðveldari.


Lendingin var skjólsæl en því olli dálítið nes er gekk út frá Svarthamri, því mun hafa skolað burt í miklu brimi er gekk þar yfir árið 1934. Er þar sémilega aðjúpt en fjaran

stórgrýtt.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 3

NP-007:011 tóft verbúð 66.09.808N 016.09.808V



“Undir björgunum, austan bæjar, niður við sjó, heitir Bangastaðahöfn. Er þar hægt að koma hestum niður í fjöru og lending allgóð og stutt á fengsæl fiskimið. Þar var útræði fyrrum, og má sjá verbúðarleifar á hjalla ofan við höfnina, undir brattri brekku, sem dregur nafn af verbúðunum og heitir Búðarbrekka.” “... verbúðarleifar á hjalla ofan við höfnina, undir brattri brekku, er nefnist Búðarbrekka ...” Í Jarðabók Árna og Páls XI, 275 er sagt að hér hafi verið sæmilegt uppsátur 1712. Þar segir einnig: “Verbúðir hafa hjer ekki verið í manna minni, en að fornu fáeinar, og sjást þeirra nú lítil merki.”

Dálitill hjalli við sjó, þýfður, grasi og lyngi vaxinn.

Um er að ræða tvær tóftir. Sú syðri er um 9x8 m að stærð og opnast til vesturs. Er eins og það vanti alveg á hana vesturvegginn. Hleðsluhæð er um 1,3 m og þykkt veggja er um 1 m. Tóftin sem stendur norðar er svipuð að stærð, eða um 8x8 m. Við þessa tóft er sambyggð önnur minn tóft við SA. hornið. Þess má geta að stóru tóftirnar tvær

virðast ekki vera fyrstu húsin sem byggð eru á þessum stað því þær standa báðar uppi á hálfgerðum hólum, sem eru full reglulegir til þess að geta verið algjörlega frá náttúrunnar hendi. Viðbyggingin við nyrðri tóftina er líka mun signari en hún og gæti því verið eldri. Tóftirnar standa eins og áður sagði uppi á dálitlum hjalla við fjöru. Er um 30 m löng, aflíðandi lyngbrekka til austurs frá tóftunum og niður í fjöru. Um 8 m eru á milli tóftanna. Grjóthleðslur sjást vel. Að sögn heimildamanns þá munu þeir er réru frá Bangastaðahöfn á þessari öld, hafa haldið til heima á Bangastöðum. Einhverjar fleiri byggingar munu hafa verið þar áður fyrr og voru þær niðri í fjöru. Mun þeim hafa skolað burt í briminu mikla 1934(sbr. 010).

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 3; LNP, 27-28; JÁM XI, 275

NP-007:012 *Krossgötur* heimild um leið 66.09.621N 016.58.935V

“Og með Búðarbrekku [sjá 008]. Sunnan við miðja Búðarbrekku er hún lægri, og þar var þungavaran venjulega flutt upp á hestum. Þarna heita Krossgötur.” “Krossgötur er rétt, þó að í eðli sínu sé það vafasamt, þar sen engar götur skerast, götur koma sín úr hvorri átt frá brekkurótum, en sameinast í eina í miðri brekku.”

Í Lyngbrekku við sjó.

Aðalleiðin liggur skáhalt upp eftir brekkunni til suðurs. Er þetta nokkuð þröngur

sneiðingur og liggur hann að mestu á aflíðandi stalli í brekkunni. Um miðja vegu sameinast hann öðrum sneiðingi sem á upphaf sitt mun sunnar. Heitir það á Krossgötum þar sem þeir sameinast.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 3, Ö-Bangastaðir viðb JJ, 2

NP-007:013 tóft 66°10.113N 016°59.634V


Þar sem túngarður liggur um 30 m fyrir vestan bæjarhólinn, er tóft sem er sambyggð garðinum að vestanverðu og þ.a.l. utan túns.

Við rætur fjallshlíðar. Þýfður gras og lyngmói.

Tóftin er 13x8 m að stærð. Hleðsluhæð er um 1,5 m. Þykkt veggja er um 0,5 m. Myndar túngarðurinn austurhlið hennar.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir:



NP-007:014 *Bangastaðastekkur* heimild um stekk 66.09.802N 016.58.704.V

"Neðan við brekkuna heitir einnig Bangastaðastekkur. ...

Bangastaðastekkur var búinn til úr gamalli verbúðartóft." Stekkurinn er um 8 m SA af syðri verbúðatóftini (010).


Sjávarbakki. Þýfður gras og lyngmói.

Tóftin er um 9x9 m að stærð og er hleðsluhæð um 0,3 m. Þykkt veggja er um 1 m. Hér er um 3 hólfa að ræða. Tóftin er talsvert sigin en þó er skipan hólfa hennar greinileg.

Skýring á hættumati: Stekkurinn stendur nær sjó en verbúðirnar.

Hættumat: Hætta V. sjávarrofs.

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 3



NP-007:015 *Gerðibrekka* örnefni 66.08.406N 016.57.914V

"Austur af Eyrinum, við vatnið fyrnefnda, og suður af Bangastaðarhöfn heitir Hafnarbjarg; þar sunnar á björgunum er Háubrekkuhaus, þar aðeins sunnar er Litlubrekkuhaus, og upp af þeim eru svo brekkurnar, Háabrekka og Litlabrekka, og syðst á merkjum er Gerðisbrekkkuhaus. ... Gerðibrekkan klýfur sig frá heiðinni, beygir til norðausturs og gengur þar í sjó fram, er beint og brött, nær alla leið suður á móts við Stofufjall í Fjallalandi." Hér er engu við að bæta og er Gerðibrekkan merkt inn á kort. Lyngbrekka.

Ekki sést til fornleifa í eða við Gerðisbrekku.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 4

NP-007:016 heimild um leið 66.08.415N 016.57914.V

"Í [Gerðibrekku 012] á merkjum heitir Bruni. Bruni er svolítill hjalli í Gerðibrekku, og var þar oft farið með hesta, þegar vegurinn varð ófær." Þjóðvegurinn liggur yfir Gerðibrekku. Er hjalli þessi mjög greinilegur vestan þjóðvegur þar sem hann liggur fram af Gerðibrekku að sunnanverðu.

Hjalli í lyngbrekku.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 4

NP-007:017 *Grettistak* þjóðsaga 66°09.740N 016°59.931V

"... uppi á brún Bangastaðafjalls er Grettistak, sem sést vel frá bænum." Steinninn er uppi á brún Bangastaðafjalls, á móts við suðurenda vatnsins. Sú saga fylgir steininum að væri honum velt fram af brúninni og niður í vatn þá kæmi silungur í það.

Uppi á fjallsbrún. Stórgrýti allt í kring.

Steinninn er um 2 m að hæð og svipaður að breidd. Nokkuð kantaður að sjá.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 5

NP-007:018 tóft bústaður 66°09.605N 016°59.418V


"Sú saga er til um nafn Bangastaða, að upphaflega hafi býlið verið byggt sunnan við Bangastaðavatn. Þangað kom umrenningsstúlka að vetrarlagi, er Imba var kölluð, og baðst gistingar, en henni var úthýst í hríðarveðri seinni part dags. Hún fannst síðar látin við Imbuþúfu í landi Auðhjargarstaða. Eftir það gerðist reimt á bænum og heyrðust högg. Svo mikil brögð urðu að því, að bærinn var fluttur norður fyrir vatnið. Hvarf þá draugagangurinn. En bærinn var nefndur Bankstaðir eftir það. Bankstaðir breyttust svo síðar í Bangastaði." Imba þessi mun hafa gengið fyrir björg við Imbuþúfu. Nokkuð mikla tóft er að finna um 400 m frá suðurenda Bangastaðavatns. Heimildamaður segir að vatnið hafi minkað talsvert frá því sem áður var og má því gera því skóna að tóft þessi hafi verið mun nær vatninu áður fyrir. Önnur kennileiti: Stór steinn sem sést vel vestur frá þjóðvegi er um 2 m austan við NA horn tóftarinar.

Að mestu nokkuð sléttlent og grasi vaxið, en þó er þýfður lyngmói austanvið tóftirnar. Lækur rennur til norðurs um 25 m vestan við tóftina. Votlent er í nágrenni lækjarinns.

Tóftin er um 30x12 m að stærð og er hleðsluhæð um 1 m. Þykkt veggja er um 1m. Hleðslur eru talsvert signar og farnar að hlaupa í þúfur, en þó er vel hægt að átta sig á "herbergjaskipan" tóftarinnar. Tóftin skiptist í 7 misstór hólfr og er innangengt á milli sumra. Útskýring á hættumati: Tóftin stendur á eyrum og er aldrei að vita hve nálægt vatn fer henni í leysingum.

Hættumat: Hætta v. vatnsaga

Heimildir: Ö-Bangastaðir, 5



NP-007:019 tóft 66°10.057N 016°59.630V

Um 40 m suður af tóft 004 og um 7 m frá vesturbakka Bangastaðavatns er tóft.


Tún í órækt, nokkuð þýft.

Tóftin er um 16x8 m að stærð. Hún er talsvert sigin og farin að hlaupa í þúfur og er því erfitt að átta sig á "herbergjaskipan", en hún virðist þó vera tveggja hólf. Hleðsluhæð er um 0,4 m.

Einhvernskonar garðhleðsla er í tóftinni miðri frá norðri til suðurs. Dyr eru syðst á austurvegg.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir:



NP-007:020 garðlag túngarður 66°10.126N 016°59.461V

Mikið garðlag liggur umhverfis túnið á Bangastöðum er það mjög greinilegt, enda í nokkuð góðu ásigkomulagi.

Í túni.

Hleðsluhæð er um 1 m og er breidd garðlagsins um 0,6 m. Garðlagið er hlaðið úr torfi. Austan megin við norðurenda vatnsins er eins og garðlagið gangi út í vatnið og lítur út fyrir að það hafi að hluta gegnt því hlutverki að stýra á einhvern hátt rennsli úr vatninu. Jón Ólafsson á Fjöllum segir að Bangastaðavatn hafi átt það til að þorna upp að miklum hluta á þurrum sumrum og því hafi verið gripið til þess ráðs að stífla vatnið, eða stýra rennslinu úr því. Var túngarðurinn því framlengdur í þessum tilgangi.

Hættumat: Hætta v. vatnsaga.

Heimildir: Ö-Bangastaðir viðb., 4

NP-007:021 garðlag 66°09.743N 016°58.872V

"Upp á brún Búðarbrekku [008], frá Svarthamri og spöl suður hefur veirð hlaðinn grjóttgarður og síðan niður brekku og þvert yfir fram á bjargbrún. Þar er sagt, að fé hafi verið haft í vörzlu." Garðlagið er vel sjáanlegt og allheillegt á um 300 m löngum kafla suður frá Svarthamri (sjá 010).

Fjarlægð garðlagsins til austurs frá Bangastaðavatni er um 600 m. Á brekkubrún. Stórgrýttur melur.

Garðurinn er allheillegur uppi á brekkubrúninni frá Svarthamri til suðurs en hverfur eftir 300 m. Engin merki eru eftir hann í Búðabrekkunni eða fyrir neðan hana, allt fram á bjargbrún.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir viðb., 4

NP-007:022 heimild um rist

"Torf var rist á tanga, er gengur út í vatnið." Skrásetjari sá hvergi ummerki eftir torfristu við vatnið.

Við stöðuvatn. Bakkinn yfirleitt lyngi vaxinn og þýfður.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir viðb., 6

NP-007:023 Engidalsstekkur tóft stekkur 66°10.728N 016°59.453V


"Engidalsstekkur er nyrst í Engidal, við brekkurót, rétt ofan við veg. Sést vel fyrir veggjum." Engidalur heitir dalur skammt norðan við Bangastaði. Ef gengið er yfir hæðina norðan við bæinn er komið í Engidal. Er stekkurinn norðanmegin í dalnum og austast. Er stekkurinn um 50 m vestan þjóðvegjar þar sem hann liggur niður af svonefndri Skeiðsöxl að sunnanverðu.

Þýfður grasmói.

Um er að ræða 3 hólfi er standa í hálfgerðum sveig frá SA-NA. Það syðsta og stærsta um 10x7 m að stærð. Út úr suðurenda þess gengur um 5 m langur garðstubbur. Miðhólfið, og jafnframt það minnsta er um 4x2 m að stærð. Nyrsta hólfið er um 4x4 m að stærð. Hleðslur standa grónar. Hleðsluhæð er um 1m. Þykkt veggja er um 1 m. Vesturhlið tóftarinnar er að huta mynduð af fjallshlíðinni. Þannig lítur út fyrir að að tóftin sé "vaxin" út úr fjallshlíðinni.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Bangastaðir viðb JJ, 3



NP-007:024 tóft 66°10.737N 016°59°499V


Um 30 m austan við Engidalsstekk 023 er að finna tóft.

Þýfður grasmói.


Tóftin er um 6x5 m að stærð. Hleðsluhæð er um 0,6 m. Þykkt veggja er um 0,5 m.

Hættumat: mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: Ö-Bangastaðir viðb., 6



NÞ-007:025 tóft 66°10.109N 016°59.544V



Um 30 m austan við bæjarhólinn og um 5 m frá norður enda vatnsins er að finna um 1,5 m djúpa dokk sem sökum reglulegrar lögunar sinnar gæti verið manngerð.

Óræktað tún, nokkuð þýft.


Tóftin eða dokkin er um 4x3 m að stærð og um 1,5 m á

dýpt.

Hættumat: Engin hætta

NÞ-008 Fjöll

NÞ-008:010 3 tóftir beitarhús 66°07.790N 016°57.303V



"Neðan við Lónið gengur austur malarkambur, sem heitir Reki. Norðan við Rekann myndast eins og vik inn, sem heitir Fjallahöfn. Fjallahöfn var í daglegu tali nefnd Höfn. Þetta er löggilt höfn, og var stundum siglt þangað til verzlunar. Áður voru beitarhús í Fjallahöfn, þar er stararengi með smátjörnum. ... Norður af Höfninni er Húsahjalli, dregur hann nafn af beitarhúsum þeim, sem fyrr voru nefnd, og eru á hjallanum tættur eftir beitarhúsin." Húsahjalli er við svonefnt Hringbjarg, en uppi á bjarginu er svonefnd Imbupúfa, eftir stúlku er hrapaði þar eitt sinn.

Beitarhúsið stendur lyngi vöxnum og þýfðum hjalla við stórgrýtta fjöru.

Hér er um 3 tóftir að ræða. Sú nyrsta og jafnframt sú stærsta er um 18x7 m stærð. Er hún þriggja hólfa. Garðhleðsla liggur eftir henni miðri (sjá mynd). Dyr eru á suðurgafli. Þessi tóft er mun betur farin en hinar og

teljast hleðslur hennar grónar. Er hleðsluhæð hennar um 1,3 m. Miðtóftin er um 10x8 m að stærð og er hleðsluhæð hennar um 0,4 m. Syðsta tóftin er líka um 10x8 m. hleðsluhæð hennar er mest um 1m. Um 1m er á milli þessara þriggja tófta.

Nýja vegarstæðið liggur yfir Húsahjalla og fer það mjög nálægt norðurenda syðstu tóftarinnar. Austan við beitarhúsin eru þrjár minni tóftir og virðist vegarstæðið örugglega liggja yfir þær. (Hér er um að ræða stikur nr. 30900 M og 30850). Fyrir neðan hjallann að austanverðu er stekkjartóft 031 sem einnig er í mikilli hættu vegna vegagerðarinnar.

Hættumat: mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 4

NÞ-008:012 *Fjallahöfn* heimild um lendingu 66°07.666N 016°57.300V

"Neðan við Lónið gengur austur malarkambur, sem heitir Reki. Norðan við Rekann myndast eins og vik inn, sem heitir Fjallahöfn. Fjallahöfn var í daglegu tali nefnd Höfn. Þetta er löggilt höfn, og var stundum siglt þangað til verzlunar." Fjallahöfn er skammt norðan Auðbjargarstaða og er í landi þeirra. Auðbjargarstaðir er nýbýli út frá Fjallalandi og er Fjallahöfn því skráð með Fjöllum. Árið 1934 gerði mikið brim sem olli því að höfnin fylltist og varð ónothæf eftir það. Sama óveður olli því að Bangastaðahöfn lagðist

af (Sjá Bangastaðir, 010).

Stórgrýtt fjara, en fyrir ofan og vestan hana er snarbrött brekka með klettabelti. Í brekkunni er dálftill hjalli með tóftum sem skráðar eru sérstaklega.

Einnig eru tóftir við höfnina og eru þær skráðar sérstaklega.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 4

NP-008:029 3 tóftir verbúð 66°07.790N 016°57.303V

1712: "Verskáli hefur hjer einn verið, sem nú er af fallinn." segir í jarðabók Árna og Páls. Ekki er ljóst hvar þessi "verskáli" hefur verið en 3 verbúðalegar tóftir eru um 10 m austan við beitarhúsin á Húsahjalla við Fjallahöfn (010), fremst á austurbakka hjallans.


Þýfður lyngmói á grónum hjalla við stórgrýtta fjöru.

Tóftirnar eru mjög signar og hlaupnar í þúfur. Því er erfitt að greina lögun þeirra. Þær eru allar svipaðar að stærð. Sú nyrsta er um 5x4 m að stærð, sú í miðjunni er um 4x3 m og sú syðsta er um 5x4 m. Hleðsluhæð tóftanna er 0,2-0,3 m. Liggja tóftirnar þétt saman í röð á bakkanum og er líklega ekki meira en um 1 m á milli þeirra. Tóftir þessar ásamt beitarhúsunum eru í mikilli hættu vegna vegagerðar, en þær eru í nýja vegarstæðinu.

Verbúðirnar fá hér sömu GPS-hnit og beitarhúsin (010).

Hættumat: mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: JÁM XI, 276



NP-008:031 tóft stekkur 66°07.745N 016°57.123V


Í fjörunni við Fjallahöfn fyrir neðan, eða austan við svonefndan Húsahjalla þar sem beitarhús 051 eru, er stekkjartóft.

Í fjöru og er nokkuð stórgrýttur fjörukambur vestan við tóftina.

Tóftin er hlaðin úr grjóti og er hún um 20x12 m að stærð auk afhýsis sem er um 5x5 m. Hleðsluhæðin er um 1,3 m. Ekki er gróið yfir hleðslur. Tóftin er við nýja vegarstæðið og hlýtur því að teljast í mikilli hættu.

Hættumat: mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 17



NP-008:035

Tóft er um 50 m vestur af fyrirhuguðu vegarstæði, um 720 m norður af beitarhúsunum við Fjallahöfn (010). Tóftin var ekki skrásett á vettvangi, en sést mjög vel á loftmynd.

Lyngmói, víða uppblásinn.

Virðist vera um 20x10 m að stærð.

Hættumat: Hætta v. vegagerðar.

Heimildir: Loftmynd frá 1999 (1:2000)

NP-009 Auðbjargarstaðir

NP-009:006 heimild um draug

"Upp af urðinni, Höfninni (Fjallahöfn) og sem framhald af Valabjörgum, er bjargveggur allmikill, sem heitir Hafnarbjörg. Yzt á Hafnarbjörgum er stök þúfa, sem heitir Imbuþúfa, dregur nafn af kvenmanni, sem þar fór óvart fram af. Þykir þar reimt og ekki hollt taugaóstyrkum að vera einum á ferli." Á Imbuþúfu er hringsjá. Ef horft er fram af bjarginu við Imbuþúfu, sést niður í Fjallahöfn. Er Imbuþúfa næsta hæð, eftir að komið er niður af Gerðibrekku að sunnanverðu.

Stórgrýttur melur.


Ekki sést til fornleifa nema ef talin er varða er stendur um 30 m austan þjóðvegur.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir, 4

SP-295 Máná

SP-295:001 Máná Hús bústaður 66°11.831N 017°06.265V



Gamli bærinn á Máná stendur enn að hluta. Þ.e.a.s að 4 hús eða burstir eru enn uppistandandi. Ástand þeirra er þó mjög lélegt og er fyrirsjáanlegt að þær falli á næstu árum. Sunnan við vestustu burstina er íbúðarhús úr steini sem byggt var 1907. Göng eru úr kjallara þess yfir í gamla bæinn. Kjallarinn er handgrafinn.

Í túni.

Þær burstir sem enn eru uppistandandi eru nefndar sérstökum nöfnum. Sú vestasta er kölluð Smíðaskemma, þá Miðskemma og loks Gamlaeldhús. Austan við Gamlaeldhús er síðan fjós sem rúmaði á sínum tíma 8

nautgripi (005). Sambyggð fjósinu að norðan var hlaða sem er fallin svo eftir stendur einungis tóftin. Að heildar flatarmáli er bærinn um 23x16 m að stærð. Smíðaskemma,

Miðskemma og fjós eru með bárujárnsklæddum þökum. Annars er byggingarefnið timbur, torf og grjót. Norður úr Gamlaeldhúsi gengur tóft með óskilgreint hlutverk. Segir heimildamaður að svo langt sem hann muni þá hafi mykjunni frá fjósinu verið kastað í tóft þessa. Heildarstærð bæjarhóls er um 32x32 m. Bæjarlækur rennur til norðurs upp við hólinn að austanverðu. Austur frá fjósinu og hlöðunni, teigir bæjarhóllinn sig um 16 m til austurs eða að bæjarlæknum. eru þar í honum dokkir sem gætu verið tóftaleifar. Þær eru þó of óljósar til þess að hægt sé að henda reiður á þeim. Heimildamaður segist muna eftir því að hey hafi verið sett upp á þessum stað. Yfir fjósinu var baðstofa. eða baðstofuloft sem nú mun vera horfið. Er afi heimildamanns keypti Mána um aldamótin 1900, var gamli bærinn kominn talsvert til ára sinna og var ekki vitað hvenær hann var byggður.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-295:002 Lambhús tóft fjárhús 66°11.817N 017°06.389V

Fjárhús eru um 40 m VSV af gamla bænum. Um 10 m VSV af fjárhúsunu er torfkofi sem enn er uppistandandi (003).


Í túni.

Tóftin er um 15x15 m að stærð. Hleðsluhæð er um 1.8 m. Er hér í raun um að ræða tvö fjárhús (sambyggð) og hlöðu sem er sambyggð þeim að austanverðu. Dyr eru á vesturgafli.


Kálgarður er undir suðurvegg. Leifar af þekju úr timri og torfi liggja ofan í tóftinni.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



SP-295:003 Hús útihús 66°11.812N 017°06.378V



Hús er um 10 m VSV af fjárhúsunum (002). Síðast var þessi kofi notaður sem hesthús í túni.

Húsið er úr torfi, grjóti og timbri. Ástand þess er bágborið og ekki langt að bíða að þekjan falli. Húsið er um 8x7 m að stærð. Dyr eru syðst á austurvegg.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-295:004 Stórhús heimild um fjárhús 66°11.869N 017°06.432V

Stórhús var um 50 m NV af gamla bænum. Húsin eru nú horfin og hefur staðurinn verið sléttaður undir tún. Var jarðýta notuð við verkið.


Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-295:006 Borg tóft fjárhús 66°12.001N 017°06.449V



Árið 1963 voru gömul útihús og torfi, m.a. fjárhús fyrir 200 fjár. Fjárhús þetta er um 140 m VNV af íbúðarhúsinu á Mánárbakka sem er nýbýli frá Máná, norðan þjóðvegjar. Er fjárhúsið vestan árinna. Við fjárhúsin að sunnanverðu voru byggð hlaða og lítil tengibygging úr steini árið 1950.

Í túni.

Tóftin er um 21x15 m að stærð. Hleðsluhæð er um 1,5 m. Tóftin sem er úr torfi og grjóti, er þriggja hólfa, þ.e 2 fjárhús og ein hlaða. Þekjan er að mestu fallin og liggur ofan í tóftinni. Hlaðan sem er NA megin í tóftinni er niðurgráfin að hluta.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: BBSÞ 1963, 654

SP-295:007 heimild um mannvirki 66°11.831N 017°00.873V

Á milli Mánársels (026) og hólranans með rústunum fornu (047), er talsverð lægð í túninu sem nær allt niður á fjörुकambinn í norði. Nyrst í þessar lægð segir heimildamaður að vottað hafi fyrir hleðsluleifum. Þær er nú búið að slétta. Var það gert með jarðýtu.

Í ræktuðu túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

SP-295:009 tóft stekkur


Tóft er austan árinna þar sem landamerkjagirðing milli Valadals og Mánár liggur að henni í gílinu, og áin tekur við af henni sem landamerki.

Í árgili á árbakka. Gilið er lyngi vaxið. Tóftin er eingöngu úr grjóti og er um 10x4 m að stærð. Hleðsluhæð er um 0,5 m. Tóftin opnast til norðurs. Hún er tveggja hólfa. Vesturveggur, suðurgafli og milliveggur milli hólfanna tveggja, eru hlaðnir úr grjóti. Austurhlið tóftarinnar er mynduð af gilbrekkunni sem hún stendur við, en svo virðist sem áin hafi einhverntíma runnið þar um, og sorfið hálfgerðan stall sem myndar vegginn.

Hættumat: Hætta v. vatnsaga

Heimildir: Örnefnakort.

66°11.459N 017°06.414V



SP-295:010 Fiskikofi tóft 66°12.063N 017°06.529V

"Máná rennur austanvert í vík þá, sem heitir Hjallavík." Niðri á fjörukambinum í Hjallavík um 10 m vestan við Mánána er tóft. Ábúendur nefna þessa tóft "Fiskikofann", en aflinn mun hafa verið verkaður þar á meðan útræði var á staðnum. Ekki sjást ummerki eftir hjalla þá er víkin heitir eftir.


Á grasi grónum fjörukambi við fremur stórgrytta fjöru.

Tóftin er um 7x6 m að stærð og er hleðsluhæð um 1,5 m. Sjá má leifar af þekju í tóftinni, þ.e. timbur og torf. Veggir eru hlaðnir úr torfi og grjóti. Dyr opnast til norðurs.

Skýring á hættumati: Nálægð tóftarinnar við sjó, setur hana í þennan flokk.

Hættumat: Hætta v. sjávarrofs.

Heimildir: Ö-Máná, 1



SP-295:011 *Garðar* örnefni 66°12.095N 017°06.305V

"Þegar komið er austur fyrir Máná, heitir fjaran fyrst Garðar." Fjaran heitir Garðar austur frá Máná að svonefndu Beitarnefi. Þar sér ekki fyrir garðlagi eða garðlögum sem fjaran gæti heitið eftir. Heimildamaður kannaðist heldur ekki við slíkar fornleifar.

Nokkuð stórgrýtt fjara.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Máná, 1-2

SP-295:012 *Vörðuhólar* örnefni 66°12.113N 017°05.926V


"Þegar komið er austur fyrir Máná, heitir fjaran fyrst Garðar. Næst norðan hennar er svonefnt Beitarnef. En mýrin niður við árósin heitr Beit. Með fjöru, næst austan við Beitarnef, er Beitarvík. En upp af Beit og Beitarnefi eru melhólar, sem nefndir eru Vörðuhólar." Vörðuhólar eru þrjár uppgrónir melhólar beint suður af Beit og Beitarnefi. eru þeir hver upp af öðrum. Sá syðsti sem er fyrir sunnan þjóðveg og sá nyrsti sem er fyrir norðan þjóðveg, eru báðir með hundapúfu á hábungunni sem gætur verið leifar eftir vörður.

Þýfður grasmói.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Máná, 2

SP-295:013 *Stekkur* tóft stekkur 66°12.189N 017°04.719V



"Næsta vík austan við Beitarvík [sjá 009] heitir Hvalvík. Milli þeirra er nafnlaus tangi. Þá er næst upp frá sjó Stekkjarleiti, og undan því er Stekkjarvík." "Þá er aftur tekið heima við Stekkjarleitið. Austan við Leitið, ofan við víkina á bakkanum, er gamall stekkur, Stekkur, sem gefur öll þessi stekkjarnöfn." Stekkur þennan er auðveldast að finna með því að fylgja ströndinni til austurs frá Beitarnefi. Áætluð fjarlægð frá Beitarnefi er um 900 m.

Vallendi við sjó í lægð á milli tveggja holta eða hólrana.

Hér er greinilega um nokkuð gamla tóft að ræða því hún er talsvert sigin. Þó má sjá leifar af grjóthleðslum sem ekki hefur gróið yfir. Tóftin sjálf

er um 19x10 m að stærð en að auki gengur um 6 langur veggur út frá SV horni hennar til suðurs, sem gæti hafa verið aðhald við hlið inn í stærra hólftóftarinnar.


Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Máná, 2, 5

SB-295:014 Hvaltjarnarhús

tóft beitarhús 66°12.216N 017°03.696V

"Þar utar er Húsaleiti, og utan þess, upp með leitinu, er Húsvík. Upp af Húsvík eru Hvaltjarnarhús." "Í Húsvík voru beitarhús." Hvaltjarnarhús eru þessi beitarhús kölluð. eru þau fremst á sjávarkambi í um 500 m frá stekki nr. 013. Þjóðvegur liggur framhjá beitarhúsunum um 20 m suður af þeim. Beitarhúsin eru umkringd fornum túngarði sem nær spölkorn suður fyrir þjóðveg. Er túngarður þessi skráður sérstaklega undir númerinu 046. Um 15 m vestur af beitarhúsunum og innan túngarðsins er að finna nokkuð



stóra tóft sem er greinilega mun eldri. Er hún skráð sérstaklega undir númerinu 015. Á grösugum sjávarkambi.

Tóftin er um 18x11 m að stærð. Hleðsluhæð er mest um 1,9 m. Tóftin er úr torfi (0,5 m), og grjóti (1,5 m).


Skýring á hættumati: Tóftin er það nálægt sjó að hún verður að teljast í hættu.

Hættumat: Hætta v. sjávarrofs.

Heimildir: Ö-Máná, 2; Ö-Mána ath. og viðb., 8

SB-295:015 tóft 66°12.216N 017°03.696V

"Þar utar er Húsaleiti, og utan þess, upp með leitinu, er Húsvík. Upp af Húsvík eru Hvaltjarnarhús." Tóft er um 15 m vestur af Hvaltjarnarhúsum 014. Lítur hún út fyrir að vera



nokkuð gömul. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur kom á staðinn þann 22/5'97 og hafði hann þetta um rústina að segja: "C.a 10 m vestur af beitarhúsinu er fornleg rúst að sjá. Er hún c.a. 16 m löng (A-V) og er suðurlangveggur áberandi sveigður út á við. Hluti af rústinni hefur verið notaður sem kálgarður í seinni tíð."

Grasmói við sjó. Þjóðvegur er um 20 m fyrir sunnan tóftina.

Tóftin er um 24x10 m að stærð. Hleðsluhæð er um 0,3 m. Tóftin er talsvert sigin og farin að hlaupa í þúfur, gerir erfðara að greina fullkomlega lögun hennar og skipan hólfa. Hér virðist þó vera um 5 hólfa að ræða.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Máná, 2. Bjarni F Einarsson, *Katlar sunnan við Húsvík og Hlíðarhorn við Máná á Tjörnesi. Fornleifakönnun vegna mats á umhverfisáhrifum.* Reykjavík 1997, 10

SP-295:016 tóft 66°11.716N 017°00.899V

"Þá beygir ströndin til suðurs. Þar er enn nafnlaus fjara. Upp frá henni liggur dalur, sem heitir Foladalur, en víkin næsta heitir Selvík. Austan hennar heitir Selhorn." "Í Selvík sjást selrústir." Hér er um að ræða Mánársel sem skráð er sérstaklega undir 026 en stök tóft er um 25 m vestur af selinu.

Í ræktuðu túni.

Tóftin er svo afmynduð af gróðri og þýfi að ómögulegt er að átta sig á lögun hennar. Hér munu því einungis ytri mál tóftarinnar gefin upp. Heimildamaður gerði einhverntíma kartöflugarð á milli tóftarinnar og selsins og komu þá upp postulínsbrot.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Máná, 2; Ö-Mána ath. og viðb., 8

SP-295:017 heimild um hesthús 66°11.856N 017°06.188V

"Næst við túnið í Dýjareit er Hesthúsdý." "Hesthúsið stóð skammt frá Hesthúsdýi." Hesthúsið stóð um 60 m ANA af gamla bænum. Það mun nú vera horfið með öllu og hefur staðurinn verið sléttaður undir tún. Húsið hrundi upp úr 1950 en var síðan jafnað endanlega við jörðu upp úr 1960 og staðurinn sléttaður með jarðýtu.

Í túnjaðri.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Máná, 3; Ö-Mána ath. og viðb., 8

SP-295:018 *Huldufólkssteinn* örnefni huldufólksbústaður 66°11.807N 017°05.976V

"Austan við túnið hjá Litlaleiti vestanverðu er Huldufólkssteinn." Huldufólkssteinn er við norðurgafli geitakofans (040).

Þýfður gras og lyngmói

Er þetta nokkuð stór steinn, tæpur metri á hæð og breidd.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Máná, 3

SP-295:021 stífla áveita 66°11.764N 017°06.185V

Ef bæjarlæknum er fylgt til suðurs er brátt komið í laut nokkra þar sem hann breikkar snögglega. Fyrir norðurenda lautarinnar er um 15 m löng garðhleðsla.

Í laut sem lækur rennur um.

Hleðsluhæð er um 1m og breidd er um 0.5 m. Hér hefur farveginum líklega verið breytt í þeim tilgangi að veita læknum í farveginn er liggur hjá hlóðunum (039), þar sem hann kvíslaðist og rann að hluta meðfram syðstu túngirðingu til vesturs og að hluta til norðurs inn á tún. Farveginum var síðan breitt aftur er vatnsleiðsla var lögð að bænum eins og sagt er frá í 039. Elsti farvegurinn sést vel við VNV enda stíflunnar. Stíflan er allavega frá því fyrir 1900, því hún var komin er afi heimildamanns keypti Máná um aldamótin.

Hættumat: Hætta v. vatnsaga.

Heimildir:

SP-295:022 *Gvendarbrunnar* lind vatnsból 66°11.916N 017°06.321V

Norður frá bæjarhólnum spretta Gvendarbrunnar upp undan þjóðveginum að

norðanverðu. Er um tvær uppsprettur að ræða með um 10 m millibili.

Þétt upp við þjóðveg.

Heimildamaður telur að þjóðvegurinn liggja að hluta yfir uppspretturnar, enda sýnist vatnið ekki spretta upp við þjóðveginn, heldur virðist það koma undan honum.

Hættumat: Hætta v. vegagerðar

SB-295:024 *Mánahaugur* heimild um legstað 66°11.850N 017°01.988V

"Austan við Hvarfmýrardal upp af Knarrartá er mólendi, sem heitir Knarrarmýrar. Þær eru kenndar við Knarrarbrekku. Á Knarrarbrekku er fornmannahaugur rétt ofan við veginn og heitir Mánahaugur." Eggert Ólafsson og Bjarni Pálsson geta um Mánahaug í ferðabók sinni frá miðri 18. öld: "Mánárhaugur er sagður vera haugur fornmanns sem Máni hét. En hann er náttúrulegur grjóthóll og ætti samkvæmt Landnámu að heita Mánapúfa."

Mánahaugur er um 3.5 km austur af bæjarhólnum á Máná. Liggur þjóðvegurinn nálægt honum að norðan og austan. Varða stendur um 100 m norðan við hauginn.

Uppblásinn melur er í kringum hólinn.

Hóllinn er mjög áberandi sama úr hvaða átt er horft. Greinilegt er að grafið hefur verið í hólinn, en efst á honum er um 0,5 m djúp gryfja. Um 2x2 m að stærð.

Hættumat: Engin hætta


Heimildir: Ö-Máná, 6; FEB II, 73

SB-295:026 *Mánársel* tóft býli/sel66°11.725N 017°00.964.

1712: "Mánár Sel, eyðihjáleiga.

Bygð á selstaði heimajarðarinnar í úthögum norður frá hjer um fyrir 40 árum, og varaði bygðin inn til næstu 6 ára, og atla menn þetta hafi verið fornt eyðiból, so sem líklegt sýnist af girðingum hjer í kríng. Meðan bygðin varaði þá tíundaðist kotið fyrir fjórungi allrar jarðarinnar."

"Mór er þar fyrstur [eftir 021] milli Foladals og Knarrarbrekku. Hann heitir Foladalsmór. Þá er stutt dokk, sem heitir Foladalur og var fyrir nefndur. Austan við Foladal er



viðarflesja, sem heitir Folamýrar, en á ekki mýrarnafnið skilið. Þetta eru smálækjarseyrur, og smálækir í dalnum heita Foladalslækir. Þá er komið að ás, sem heitir Selöxl. Vestan undir honum er hvammur, sem heitir Aðhald. Hefur það verið girt af, þegar búið var í Selinu. Þar suður og upp frá Selinu heita Selbugar smáhvammar og móaholt á milli. ... Þar eru upptök Selár. Mánársel var rétt austan undir ánni niður við sjó. Þar sér fyrri túni og túngirðingu." Í BBSÞ segir: "Mánársel nefnist eyðibýli austarlega í Mánárlandi. Þar var byggð öðru hvoru fram á síðari hluta 19. aldar." "Þegar Þingeyjarsýslu var skipt árið 1841 í Norður- og Suður-Þingeyjarsýslu voru sýslumörk sett um Knarrarbrekku og samnefndan tanga. Mánársel stóð rétt norðan við núverandi þjóðveg skammt austan við Knarrarbrekku og var því vestasta byggt ból í N-Þing. á

meðan þar var búið." Mánársel er um 30 m norðan þjóðvegjar í um 400 m fjarlægð austur af Mánahaugi. Búið er að slétta í kringum rústirnar svo þær skera sig töluvert úr landslaginu. Þær eru reyndar talsvert miklar og virðist hér vera um nokkuð myndarlegann bæjarhól að ræða. Í um 25 m fjarlægð vestur af selrústunum, er að finna aðra mun minni tóft sem er skráð sérstaklega sem 016.

Í ræktuðu túni.


Rústahóllinn sjálfur er um 30x21 m að stærð. Tóftin á honum er um 21x14 m að srærð. Hleðsluhæðin er yfirleitt um 1m. Sökum þess að tóftin er þakin hávöxnu grasi, þá reyndist örðugt að átta sig á "herbergjaskipan" tóftarinnar. Skal teikningin skoðuð með það í huga. Tóftin er einnig farin að hlaupa í þúfur. Hún fellur þó í flokkinn "hleðslur standa grónar." Dyr eru ógreinilegar v. gróðurs. Draugasaga. Um Mánársel er það sagt að þar hafi löngum verið reimt. Var þeim er áttu leið þar hjá, ráðlagt að staldra þar ekki við, sérstaklega ef menn voru einir á ferð. Egill Sigurðsson, faðir heimildamanns, er fæddur var 1893, sagði þá sögu að þegar hann var á 14. aldursári hafi borist bréf að Máná frá miðli nokkrum í Reykjavík, og með því lokað umslag. Í bréfinu stóð að til þess að vinna á reimleikunum við Mánársel, þá skyldi einhver hugrakkur einstaklingur fara einn út að selinu með lokaða umslagið, taka sér stöðu í tóftinni miðri, horfa til austurs og lesa upphátt innihald bréfsins er það hafði að geyma. Að því loknu átti viðkomandi að stinga bréfinu inn í vegg í tóftinni. Ekki fylgir sögunni hvert efni bréfsins var. Nú vildi svo til að það kom í hlut Egils að fara í þessa "hættuför", sem hann og gerði. Fór hann í einu og öllu eftir fyrirmælum miðilsins og er sagt að töluvert hafi slegið á reimleika við selið eftir það. Egill sagði frá því seinna, að á meðan hann var að framkvæma þessa "athöfn", þá hafi sér fundist sem einhver hafi hallað sér yfir öxlina á honum eins og til þess að reyna að rýna í bréfið. Egill brýndi það alla tíð fyrir börnum sínum að staldra aldrei við í selinu ef þau voru þar ein á ferð, svo ekki hefur hann haft mikla trú á áhrifamátt bréfsins að "sunnan".

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: JÁM XI, 272; Ö-Máná, 6-7; BBSÞ 1963, 655; Land og fólk, 316

SB-295:027 *Aðhald* 7 tóftir rétt 66°11.840N 017°01.027V

"Mór er þar fyrstur [eftir 021] milli Foladals og Knarrarbrekku. Hann heitir Foladalsmór. Þá er stutt dokk, sem heitir Foladalur og var fyrr nefndur. Austan við Foladal er viðarflesja, sem heitir Folamýrar, en á ekki mýrarnafnið skilið. Þetta eru smálækjarseyrur, og smálækir í dalnum heita Foladalslækir. Þá er komið að ás, sem heitir Selöxl. Vestan undir honum er hvammur, sem heitir Aðhald. Hefur það verið girt af, þegar búið var í Selinu. Þar suður og upp frá Selinu heita Selbugar smáhvammar og móaholt á milli." Bjarni F. Einarsson kom þarna 22/5'97 og hafði hann þetta um svæðið að segja: "Í kvosinni vestur af bæjarhúsunum[Mánárseli] við læk sem þar rennur (Seljalæk)[svo], eru margar rústir. Þar á meðal er túngarður, skepnuhús af óræðum aldri og jafnvel fornbæjarrúst á ás austan við lækinn." Aðhald er veststan undir hólrana þeim er tóft 047 stendur á. Er þetta nokkuð djúpur hvammur sem svonefnd Selá rennur um til sjávar. Er aðhaldið girt miklum hlöðnum gördum er loka það af að hluta. (sjá uppdrátt). Innan þess svæðis er garðarnir afmarka er að finna nokkrar tóftir í misgóðu ástandi.



Um 5m vestan við "túngarðinn" sem lokar af aðhaldið er um 167 m langt garðlag sem liggur samsíða vesturhluta hans. Nær það um 55 m til suðurs frá SV horni "túngarðsins." Frá þessu sama horni liggur það samsíða "túngarðinum" til norðurs þar til eftir um 130 m, en þá fer það að sveigja í áttina að honum uns það sameinast honum alveg þar sem virðist vera hlið. Garðlagið virðist því mynda nokkurskonar trekt að þessu hliði. Meðfram garðlaginu að vestanverðu liggur djúp greinileg dokk sem líklegt er að efni í garðlagið hafi verið tekið úr. Hæð garðlagsins er um 1 m og breidd þess um 1,5 m. Garðlagið sem afmarkar aðhaldið, er vandaðra en það sem lýst var hér á undan. Lokar það afhaldið af að norðan, sunnan og vestanverðu. Seláin lokar það síðan af að austanverðu. Norðurhluti garðsins er um 48 m langur, suðurhlutinn um 30 m langur og vesturhlutinn er síðan um 175 m langur. Hleðsluhæðin er um 1 m, og breidd um 0.5 m. Tóftir innan svæðissins eru 7. Sú sem merkt er 27a á uppdraetti er 4-5 hólfa og um 20x10 m að stærð. Hleðsluhæð er 0,3 m. Tóft 27b er full óljós til þess að hægt sé að segja til um stærð eða lögun hennar. Tóft 27c er tveggja hólfa og um 27x7 m að stærð. Hleðsluhæðin er um 0,5 m. 27d er um 4x9 m að stærð og er hún niðurgrafin um 1m. Hér er um 1 hólf að ræða. 27e er um 4x3 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,4 m. Er hér um 1 hólf að ræða. 27f er um 5x5 m að stærð. Er hún niðurgrafin um 1 m. Er hér um eitt hólf að ræða. 27g er um 15x9 m að stærð. Er hér um 2 hólfa að ræða. Hleðsluhæðin er um 0.5 m. Tóftin er í hættu vegna nálægðar við sjó.

Hættumat: Hætta v. sjávarrofs.

Heimildir: Ö-Máná, 6-7

SP-295:028 *Torfhvammur* örnefnirista 66°11.579N 017°01.010V

"Mór er þar fyrstur [eftir 021] milli Foladals og Knarrarbrekku. Hann heitir Foladalsmór. Þá er stutt dokk, sem heitir Foladalur og var fyrir nefndur. Austan við Foladal er viðarflesja, sem heitir Folamýrar, en á ekki mýrarnafnið skilið. Þetta eru smálækjarseyrur, og smálækir í dalnum heita Foladalslækir. Þá er komið að ás, sem heitir Selöxl. Vestan undir honum er hvammur, sem heitir Aðhald. Hefur það verið girt af, þegar búið var í Selinu. Þar suður og upp frá Selinu heita Selbugar smáhvammar og móaholt á milli. Þeir heita Austarhvammur, Vestarhvammur og Torfhvammur. Í Torfhvammi var rist torf." Torfhvammur er votlendur hvammur um 300 m suður af Mánárseli (026).

Votlendur hvammur. Um hann rennur lækjarseyra. Grasi og lyngi vaxinn. Þýfður á köflum.

Ekki sjást merki um ristu í Torfhvammi.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Máná, 6-7

SP-295:029 *Reiðholt* heimild um leið 66°12.024N 017°07.008V

"Vestan við ána, upp frá mörunni, er Mánármýri, sem er allstórt svæði. Þar neðst, skammt upp frá sjó, er Reiðholt." Í ath. og viðb. segir: "Reiðholt liggur þvert yfir mýrina. Þar lá vegur fyrrum." Reiðholt nær alveg að landamerkjagardinum móti Valadal. Um það lá gömul reiðleið.

Þýfður grasmói að mestu, en stórgrýti stendur víða upp úr sverðinum. Mýrlent er umhverfis holtið.

Ekki sést til fornleifa og er ekki ljóst hvar þessar reiðgötur hafa verið nákvæmlega.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Máná, 1; Ö-Mána ath. og viðb., 8

SP-295:030 heimild um kvíar 66°11.742N 017°06.262V

"Kvíahlíð heitir græna hlíðin næst fyrir ofan túnið. Þar voru kvíar." Kvíahlíð er mosa- og lyngivaxin hlíð fast sunnan við túnið. Ekki sést til fornleifa í Kvíahlíð.

Mosa- og lyngivaxin hlíð.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Mána ath. og viðb., 8

SP-295:031 *Álfasteinar* heimild um huldufólksbústað 66°11.658N 017°05.373V

Austur frá gilinu sem bæjarlækurinn rennur um er stórgrýtt holt er nefnist Fagrahlíð. Ofan á því eru svonefnd Fögruhlíðargrjót. Þar er grjótnám. Undir NA-horni hlíðarinnar eru Álfasteinar. Er annar þeirra við rætur hlíðarinnar en hinn mun vera um 40 m norðar. Þeir sjást ekki frá þjóðveginum en eru nokkuð áberandi þegar upp á holtið er komið. Fjarlægð steinanna ASA frá bæjarhólnum á Máná er um 600 m.

Undir holtinu sem er stórgrýtt, er lyngmói.

Nokkuð stórir steinar er skera sig úr og eru því auðþekkjanlegir. Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur var þarna á ferð 22/5'97 og hafði hann þetta að segja um steinana:

“*Lega og staðhættir* Í dálitilli kvos sem fróin er grasi og lyngi. C.a 600m S af þjóðvegi og c.a. 800 m ASA af Máná. Skammt frá álfasteinunum eru hamrar. Í lyngmóa. *Lýsing Álfasteinar*. Stærri steinninn er c.a. 2 x 2,5m stór (NNV-SSA) og 1,8 m hár. Minni steinninn er c.a. 30 m SSV frá þeim stærri. Ekki var alveg víst að um álfastein væri að ræða. *Heimildir og munnmæli*. Ekki mátti banka á steinana né hafa ólæti í frammi nálægt þeim. Annars gat eitthvað farið úrskeiðis (Aðalgeir Egilsson, bóndi á Mánárakka).”

Hættumat: Mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: Bjarni F Einarsson, *Katlar sunnan við Húsavík og Hlíðarhorn við Máná á Tjörnesi. Fornleifakönnun vegna mats á umhverfisáhrifum*. Reykjavík 1997, 8

SP-295:032 heimild um lendingu 66°12.055N 017°06.582V

"Heimræði er hjer og lending ein bæði brimsöm og stórgrýtt, og verða því svipul aflabrögðin." "Skipsuppsátrið er erfitt, en óhætt þegar að upp er komið ..." Eina lendingin í landi Mánár er í Hjallavík (sbr. 010). Er fjaran þar yfirleitt stórgrýtt nema á um 60 m löngum kafla beint norður af tóft 041. Nálægt austurvegg tóftarinnar er gamalt dráttarspil, sem rennir stoðum undir staðsetninguna. Ekki sjást leifar uppsátra við lendinguna.

Fremurstórgrýtt fjara.

Fjaran er yfirleitt stórgrýtt, nema á um 60 m löngum kafla, þar sem grjótið er smærra í sniðum. Lendingin lítur út fyrir að hafa verið í erfiðara lagi.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: JÁM XI, 272

SP-295:033 refagildra 66°11.980N 017°04.881V

Um 250 m suður af stekknunum við Stekkjarvík (013), og fyrir sunnan þjóðveg er refagildra á uppblásnum stórgrýtismel. Þór Magnússon þjóðminjavörður, er þar var á ferð fyrir nokkrum árum, var sannfærður um að um refagildru væri að ræða. Bjarni F. Einarsson sem einnig hefur komið á þennan stað, hallaðist aftur á móti á þá skoðun að þetta væri gömul dys. Umhverfis gildruna eru rofabörð sem benda til þess að melurinn hafi verið uppgróinn áður fyrr. Hæð rofabarðanna bendir til þess að þykkt jarðvegarinnis hafi verið það mikil að hann hafi hulið hulið staðinn sem gildran stendur á og hana sjálfa að mestu.

Á uppblasnum stórgrýtismel.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Bjarni F Einarsson, *Katlar sunnan við Húsavík og Hlíðarhorn við Máná á Tjörnesi. Fornleifakönnun vegna mats á umhverfisáhrifum*. Reykjavík 1997, 9

SP-295:035 heimild um mannvirki 66°11.848N 017°06.317V

Um miðja vega á milli gamla bæjarinnis og hesthússins (017), segir heimildamaður að séð hafi fyrir tveim tóftum sem nú hafa verið sléttaðar undir tún og var jarðýta notuð við verkið.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

SP-295:036 *Forin* heimild um mannvirki 66°11.846N 017°06.353V

Heimildamaður segist muna eftir hringlaga gerði er hafi verið um 30 m NV af bæjarhólnum. Var það alltaf kallað "Forin" þó það hafi ekki staðið undir því nafni í tíð heimildamanns, því staðurinn hafi verið uppgróinn. Var gerðið notað sem geymslustaður fyrir ýmis verkfæri. Segir heimildamaður að rétt svo hafi sést votta fyrir þessum hleðslum, því þær hafi verið mjög signar. Gerðið mun nú vera horfið með öllu og hefur staðurinn verið sléttaður undir tún.

Í tún

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

SP-295:037 heimild um mannvirki 66°11.878N 017°06.283V

Heimildamaður segist muna óljóst eftir torfhúsi eða kofa er var um 90 m NA af bæjarhólnum. Kofinn er nú horfinn og hefur staðurinn verið sléttaður undir tún.

Í túni

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: Hætta v. ábúðar

SP-295:038 heimild um mannvirki 66°11.793N 017°06.306V

Heimildamaður segist muna óljóst eftir torfkofa er staðið hafi í um 40 m fjarlægð suður af bæjarhólnum. Hann mun nú vera horfinn með öllu og hefur staðurinn verið sléttaður undir tún.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

SP-295:039 hlóðir 66°11.770N 017°06.273V

Bæjarlækurinn rann eitt sinn niður á túnið við SA horn þess. Þar við hornið var ullarþvottarstaður. Þar sunnan við gamla lækjarfarveginn eru leifar af hlóðum. Læknum var síðar veitt í þann farveg sem hann er nú í og var gamli farvegurinn nýttur sem rás fyrir vatnsleiðslu frá uppsprettu lækjarinnar að bænum.

Þýfður lyngmói.

Hlóðirnar eru um 1x1 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,3 m. Hleðslur teljast signar.

Hættumat: Engin hætta


SP-295:040 tóft geitakofi 66°11.807N 017°05.976V

Utan túns í um 200 m fjarlægð frá bæjarhólum er að finna allstóra tóft er eitt sinn gegndi hlutverki geitakofa.

Melhóll að austan, annars þýfður gras og lyngmói

Tóftin er um 14x7 m. að stærð og er hleðsluhæðin um 1m. Tóftin er á mörkum þess að teljast gróin og að hleðslur standi. Því er hleðsluhæðin í lægra lagi þó sjá megi grilla á stöku stað í einstök lög af torfi og grjóti. Leifar af þekju (timbur og torf) liggja í eystri enda tóftarinnar.

Hættumat: Engin hætta




SP-295:041 tóft 66°12.055N 017°06.623V

Tóft er á fjörukambinum við Hjallavík um 100 m vestur af Fiskikofanum (010). Stundur hún fyrir ofan eða sunnan landinguna í Hjallavík (032). Ábúendur á Mánárbakka og í Árholti hafa notað þessa tóft sem geymslustað fyrir bát er þeir eiga í sameiningu.

Á grasi grónum fjörukambi.

Tóftin er um 11x7 m að stærð og er hleðsluhæð um 1,3 m. Tóftin er á mörkum þess að teljast gróin og að hleðslur standi. Tóftin er niðurgráfin. Dyr eru óljósar. Víða glittir í grjóthleðslur.

Hættumat: Hætta v. sjávarrofs.



SP-295:042 garðlag 66°12.072N 017°06.471V


Niður við sjó austan við ána, gegnt fiskikofanum (010) endar eystri bakki árinna í svolitlu horni niður við fjörugrjótið. Gengur staðurinn undir nafninu Horn. Er hann um 150 m NV af íbúðarhúsinu á Mánárbakka. Á Horni er garðlag er lokar af hluta þess.

Á grösugum árbakka niður við sjó.

Garðlagið er um 8 m langt og um 0,5 m breitt. Garðlagið er talsvert hrúnið eða sigið og nær hleðsluhæðin mest um 0,5 m (við norðurenda þess).

Hættumat: Hætta v. vatnsaga/sjávarrofs.

SP-295:043 tóft 66°12.062N 017°06.454V



Á svonefndu Horni um 12 m austur af 042, er að finna greinilegar leifar af grjóthleðslum. Á grösugum árbakka niður við sjó.

Þó greinilega móti fyrir grjóthleðslum á þessum stað er lögum tóftarinnar óljós. Það er einungis við suðurenda hennar sem hægt er að sjá greinilegan vegg. Tóftin er um 10x7 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m.

Hættumat: Hætta v. sjávarrofs.

SP-295:044 heimild um mannvirki 66°12.049N 017°06.223V

Um 50 m ANA af fjósinu á Mánárbakka sá fyrir grjóthleðslum. Segir heimildamaður að um hafi verið að ræða tóft með gafla vísandi í norður og suður. Hún mun hafa verið sléttuð undir tún.

Í ræktuðu túni.

Ekki sést lengur til tóftarinnar, en heimildamaður gat þó sýnt skrásetjara nokkra vaðsteina er hann hafði fundið í og við tóftina.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

SP-295:045 tótáþyrping 66°12.222N 017°05.


Svokallað Beitarnef skýlir Hjallavík að austan. Nyrst á fjörukambinum og fremst á nefinu er dálítið svæði þar sem virðist votta fyrir hleðslum af einhverju tagi. Heimildamaður segir að þar hafi lengi verið tófugreni.

Grösugur fjörukambur við stórgrýtta fjöru.

Svæðið er 45x27 m að stærð. Innan svæðisins sést móta fyrir grjóthleðslum, mjög óreglulegum þó. Mögulegt er að um uppgróið fjörugrjót sé að ræða.

Hættumat: Engin hætta

SP-295:046 garðlag túngarður 66°12.216N 017°03.696V



Hvaltjarnarhús (014) og tóft (015) eru innan túngarðsins.

Garðlagið liggur meðfram sjó að norðan, og undir þjóðveg að sunnanverðu. Annars graslendi.

Garðurinn er í það heila um 320 m langur. Er hann hlaðinn úr grjóti. Hann er talsvert siginn á köflum. Leifar af vírgirðingu má sjá víða á honum.

Garðlagið fær hér sömu GPS-hnit og Hvaltjarnarhús.

Hættumat: Hætta v. vegagerðar/sjávarrofs.

Heimildir:

SP-295:047 tóft býli 66°11.748N 017°01.042V

Um 70 m VNV af Mánárseli (026), uppi á lyngi vöxnum hólrana er liggur meðfram vesturjaðri túnsins til sjávar, er forn tóft. Bjarni F. Einarsson sagði tóft þessa vera þá merkilegustu á svæðinu og taldi hann að hér væri um fornt bæjarstæði að ræða.


Á lyngi vöxnum hólrana í túnjaðri

Tóftin er um 21x7 m að stærð. Er hún mjög mikið sigin, enda er hleðsluhæðin ekki nema u.þ.b. 0.2 m. Er hér um 4 hólf að ræða.

Hættumat: Hætta

Heimildir: Bjarni F Einarsson, *Katlar sunnan við Húsavík og Hlíðarhorn við Máná á Tjörnesi. Fornleifakönnun vegna mats á umhverfisáhrifum.*

Reykjavík 1997, 11



SP-296 Valadalur

SP-296:001 Valadalur bæjarhóll bústaður 66°11.784N 017°07.379V

Núverandi íbúðarhús stendur á gamla bæjarhólum, byggt árið 1911. Undir húsinu öllu er kjallari sem er 1,87 m á dýpt. Hús þetta var sambyggt gamla bænum sem var norðan við það. Gamli bærinn mun hafa verið tvær burstir. Sambyggð gamla bænum að austan voru hlaða og fjós. Til eru ljósmyndir af gamla bænum í eigu Aðalgeirs á Mánárþakka. Burstir gamla bæjarins munu hafa snúið til vesturs. Búið er að slétta að hluta í kringum

húsið frá 1911 en um 8 m norðan við húsið er bæjarhóllinn ósnortinn. Í Byggðum og búum er mynd af þessu húsi og sést einnig hluti gamla bæjarinnis og fjóssins. Bæjarhóllinn er nokkuð myndarlegur. Vildi svo heppilega til að það var nýbúið að slá í kringum hann er skrásetjari var þar á ferð, þannig að hann var mjög greinilegur. Skrásetjari gekk um hólinn sem var gróinn háu grasi og rakst þar á grjót og ýmsar ójöfnur sem vel gætu verið leifar af hleðslum.

Í túni

Ekki sést til fornleifa. Bæjarhóllinn er um 30x20 m að stærð og er húsið frá 1911 ekki talið þar með, heldur einungis sá hluti hólins sem er norðan við það.

Skýring á hættumati: Þó ekki sé lengur búið á jörðinni, er íbúðarhúsið nýtt sem sumarbústaður. Einnig mun tún vera nytjað.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir:

SP-296:002 heimild um lambhús 66°11.781N 017°07.380V

Hér var um að ræða lambhús og stóð það um 30 m suður af íbúðarhúsinu. Hús þetta mun nú vera horfið, en þar sem það stóð er nú ójafn grasivaxinn blettur sem ekki er sleginn.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-296:003 heimild um hesthús 66°11.774N 017°07.424V

Örkammt sunnan við lambhúsið var hesthús sem nú mun vera horfið, en það mun einnig hafa verið innan þessa óslétta blettar er minnst er á í 002.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-296:004 *Eyrarhús* tóft fjárhús 66°11.986N 017°07.639V

Nyrsti hluti túnsins er norðan þjóðveggar og nær niður að sjó. Nálægt ströndinni eru tvær fjárhústóftir. Í báðum tilvikum er um að ræða fjárhús og hlöðu. Syðri tóftin er um 350 m norður af bæ. Bæði húsin munu hafa verið brennd niður af landeigendum til þess að komast mætti hjá því að greiða af þeim opinber gjöld.


Í túni, nálægt sjó.

Tóftin er um 20x13 m að stærð og er þekjan fallin en hleðslur (torf og grjót) standa enn að mestu. Hleðsluhæð er um 2 m. Leifar af þekju eru í tóftinni (bárujárn, timbur og torf).

Skýring á hættumati: Þótt ekki sé búið á jörðinni, þá eru tún hennar nýtt. Einnig eru tóftirnar svo nálægt sjó að þær gætu verið í hættu síðar meir.

Hættumat: Hætta v. ábúðar/sjávarrofs

Heimildir: Túnakort 1917



SB-296:005 *Eyrarhús* tóft fjárhús

66°12.034N 017°07.636V


Nyrsti hluti túnsins er norðan þjóðveggar og nær niður að sjó. Nálægt ströndinni eru tvær fjárhústóftir. Í báðum tilvikum er um að ræða fjárhús og hlöðu. Nyrðri tóftin er um 5 m NA af þeirri syðri (004). Bæði húsin munu hafa verið brennd niður af landeigendum til þess að komast mætti hjá því að greiða af þeim opinber gjöld.

Í túni, nálægt sjó

Tóftin er um 18x 13 m að stærð. Hleðsluhæð er um 2,3 m. Þekjan er fallin en hleðslur (torf og grjót), standa enn. Leifar af þekju (bárujárn, timbur og torf), sjást í tóftinni.

Hættumat: Hætta v. ábúðar/sjávarrofs.

Heimildir: Túnakort 1917



SB-296:007 heimild um fjós 66°11.786N 017°07.358V

Árið 1963 voru öll útihús úr torfi og sum með járnþaki, þá var fjós fyrir 4 nautgripi. Hér var í raun um að ræða fjós og hlöðu sem voru sambyggð gamla bænum og íbúðarhúsinu frá 1911 að austanverðu (sjá túnakort). Fjósið og hlaðan munu nú vera horfin með öllu og staðurinn verið sléttður. Var jarðýta notuð við verkið.


Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: BBSÞ 1963, 653

SP-296:008 tóft 66°11.727N 017°07.349V



Tóft er um 65 m SV af bæjarhólnum. Túngarðurinn (012) liggur um 5 m sunnan við tóftina.

Þýfður gras og lyngmói

Tóftin er um 5x3 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,3 m. Tóftin er mikið sigin og er því ekki

mjög greinileg. Dyr eru á NV- horni

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir:

SP-296:009 *Merkjagarður* heimild um landamerki

"Að austanverðu á móti Máná er á merkjum garður, sem heitir Merkjagarður. Hann liggur upp mýrina og að Máná, sem síðar er á merkjum móti Máná." Landamerkjagirðingin liggur ofan á garðinum, meðfram heimatúninum að austanverðu.


Mýrlendi að mestu en þó tekur við örfoka melur er komið er suður fyrir bæ.

Landamerkjagirðingin er um 1700 m löng frá sjó að Máná. Liggur hún fyrst til suðurs frá sjónum en sveigir síðan til austurs rétt sunnan við Voladalsbæinn. Fyrstu 750 metrana er vírgirðing ofan á garðinum en eftir það hverfur garðurinn alveg sem gæti orsakast af því að eftir þessa 750 m liggja merkin yfir uppblásinn mel annars vegar og hins vegar yfir mýri. Garðurinn gæti því verið fokin burt á kafla eða sokkinn í mýri. Einnig kemur til greina að garðurinn hafi einfaldlega aldrei náð lengra.

Hættumat: Hætta v. vatnsaga/ábúðar

Heimildir: Ö-Valadalur, 1

SP-296:011 tóft 66°11.721N 017°07.442V



Um 100 m SV af bæjarhólnum og fyrir sunnan túngarðinn (012) er tóft.

Þýfður gras og lyngmói.

Tóftin er um 7x7 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0.5 m.

Hættumat: Engin hætta

SP-296:012 garðlag túngarður 66°11.749N 017°07.404V

Túngarður er um 70 m suður af bæjarhólnum. Er austurendi hans við landamerkin á móti Máná. Fornar reiðgötur lágu meðfram garðinum að sunnanverðu.

Úr vestri liggur hann yfir þýfðan gras- og lyngmóa í um 260 m, en síðustu 100 m liggur hann yfir mýri.

Garðlagið er um 360 m á lengd og um 1 m á breidd. Hleðsluhæðin er um 1 m. Garðlagið

er eingöngu úr grjóti fyrstu 260 m úr vestri, en síðustu 100 m að landamerkjunum er hann úr torfi og grjóti.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

SB-296:015 *Valahaugur* heimild um legstað 66°11.834N 017°08.161V

"Sunnan við veginn, í dalsbrúninni gegnt bænum, er Valahaugur. Í hann hefur verið grafið." Valahaugur er 500-600 m VNV frá bænum. Valahaugur er mjög greinilegur vestan megin við mynni dalsins og sker sig talsvert úr landslaginu. Þjóðvegurinn liggur fram af vesturbrún dalsins, rétt norðan við hauginn.

Í fjallshlíð

Efst á hólnum sést greinilega hvar grafið hefur verið í hann. Er gröfin um 1 m á dýpt og um 3x1.5 m að stærð.

Brynjúlfur Jónsson segir ítarlega frá Valahaug í skýrslu um fonrleifar á Norðurlandi frá 1905: "Valahaugur er sýndur uppi í dalsbrúninnu gegnt bænum Valadal. Það er raunar náttúrulegur hóll, eða öllu heldur dálítill grasi gróinn ás. Hann er allhár og af honum fagurt útsýni. Að ofan er hann flatur og eigi víðari ummáls en svo, að þar er rúm fyrir haug, þó hann væri nokkuð stór. Nú er þar svo út grafið, að allar menjar haugsins eru horfnar. Björn Helgason, bóndi í Ytri-Tungu, sagði mér, eftir afa sínum, að Páll bóndi á Héðinshöfða, langafi Björn, hefði grafið Valahaug út og fundið þar tvo hluti af eir, armhring og "bauk", - það virðist hafa verið eins koma smá-ílát; aðrir sem höfðu sagnir af greftri Páls, kölluðu það "ofurlítinn eirkei".- Ekkert fann Páll þar annað, hvorki vopna né beinaleifar, og bendir það til þess, að áður hafi haugurinn verið rofinn og rændur, en þessir tveir hlutir, sem Páll fann, hafði þá orðið eftir af vangá. Svo segir Björn, að Páll hefði haft "baukinn" til að geyma ýmislegt smávegis í. En hvað um hann varð eftir Páls dag vissi hann ekkert um. Um armhringinn hafði hann heyrt það, að síðast hefði átt hann kona þar á nesinu, er Aðalbjörn hét, hún hefði farið til Ameríku fyrir 15-20 árum og hefði að líkindum haft hringinn með sér."


Í skýrslu sóknarprests frá 1821 segir um þennan fund: "... Stendur eitt Forn manna Leidi mærrí Gardinum Valadal í Husavíkur Sokn; Vala eður / :ímist/: Vola-haugur Kallad; i hvorn ecki hefur verid grafid svo það sé her vitannlegt edur grundad; enn fyrir rúmum 30 Arum fanst a eirni hlið haugsins, hvar Moldin var eydd og uppblásinn af vindum, Kier edur Pottur, af Messing sem tekur 1 pott og pela, hérum bil, hvar af heimast þar muni fleira fémaett i vera Kunna." 1866: "Kringlóttur HRÍNGUR sléttur, að mestu einfaldur, með litlu auga að ofan. Hann er 1 þumlungur og 1 1/2 lína þvert yfir ... Hríngur þessi á að hafa fundizt upp blásinn í Voladalshaugi á Tjörnesi."

Þjms. 322

Hættumat: Mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: Ö-Valadalur, 2; Árbók 1906, 7; FF, 609, Skýrsla FÍ I, 133

SP-296:016 Stekkur tóft stekkur66°11.530N 017°07.530V



"Valagjá er rétt við veginn. Ef haldið er suður með Hallinu að austan, er þar klettahóll, sem heitir Grjóthóll. Rétt austur af honum er Stekkur austur undir Eyrarlæk." Eyrarlækur heitir lækurinn er rennur eftir Valadal endilöngum. Er einfaldast að fylgja austurbakka lækjarins nánast inn að dalbotni, en þar er stekkurinn austan lækjarins. Vestan lækjarinn, gegnt stekknunum er svo Grjóthóll. Fjarlægð SV frá bæ er um 400 m.


Að austan er holt sem nefnt hefur verið

Hall. Að vestan í um 10 m fjarlægð, rennur lækur til norðurs. Þýfður lyngmói
Tóftin er um 11x7 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0.8 m. Tóftin er tveggja hólfa. Er hún mjög sigin og hlaupin í þúfur, en þó mjög greinileg. Er hún eins og byggð út úr Hallinu og liggur minna hólfið hærra en það stærra. Stór steinn myndar norðurvegg minna hólfsins.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Valadalur, 3

SP-296:021 tóft 66°11.712N 017°07.432V



Um 100 m SV. af bæjarhólnum er tóft. Er hún um 10 m vestur af vesturenda grjótgarðs er liggur sunnan við bæinn.

Þýfður gras og lyngmói.

Tóftin er um 5x4 m að stærð. Hleðsluhæð er um 1.2 m. Hún er eingöngu úr torfi. Tóftin opnast til vesturs.


Hættumat: Engin hætta

SB-296:022 garðlag
Garðlag er austan við Eyrarlæk, um 200 m VSV af bæjarhólnum. Er það þar sem Eyrarlækur beygir til austur.

Þýfður gras og lyngmói. Mýrlendi. Garðlagið er í heildina um 105 m langt og fylgir það lækjarfarveginum. Breidd þess er um 0,5 m og hleðsluhæð um 0,3 m.

Hættumat: Hætta v. vatnsaga

66°11.659N 017°07.707V




SB-296:026 tóft 66°12.030N 017°08.081V

Suður af rústasvæðinu við Sandvík (023) er votlendissvæði með smátjörnum er nefnt hefur verið Tappir. Nær það alla leið suður að Þjóðvegi. Austan við Tappirnar, á dálitlum hól, um 50 m norðan Þjóðvegjar, er tóft. Er hóllinn alveg við Tappirnar. Vestan til í Töppunum, gegnt tóftinni eru mógrafir.

Vestan við Tappirnar er hóll eða holt sem nefnt hefur verið Bak. Að sunnanverðu liggur Þjóðvegurinn. Hóllinn austan við Tappirnar sem tóftin stendur á, er þýfður og lyngi vaxinn.

Tóftin er um 5x4 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Tóftin er farin að síga en er þó mjög greinileg. Tóftin er sérkennileg fyrir þær sakir að frá dyrum hennar sem eru á vesturhlið, við SV horn, liggur um 12 m löng og 1 m breið renna til vesturs að lítilli tjörn í Töppunum. Er eins og rennan eða stígurinn sé hlaðin.

Hættumat: Engin hætta



SP-296:027 garðlag áveita 66°11.659N 017°07.707V

Garðlag sést á loftmynd, nálægt garðlagi 022.

Mýrlendi, nokkuð slétt.

Garðlagið er um 125 m langt og breidd þess um 1 m. Hleðsluhæð þess er um 1m. Garðlagið liggur VSV-ANA. Meðfram SA hlið garlagsins er rás, eða skurður sem vatn fæðir um.

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c.a 1:35000)

SP-296:028 garðlag

Garðlag kom í ljós er loftmyndir á svæðinu voru skoðaðar. Það liggur frá norðri til suðurs og er norðurendi þess um 100 m ASA frá afleggjara er liggur út að Sandvík (sjá 023).

Mýrlendi.

Út frá túlkun loftmyndar sem er í 1:35000, virðist garðlagið teygja sig um 175 m til suðurs en sveigir síðan allsnögglega til austurs og endar loks eftir um 50 m. Garðlagið er að hluta innan framkvæmdasvæðis vegagerðarinnar, að því leyti að núverandi vegarstæði liggur við eða yfir norðurenda garðsins, en einnig liggur fyrirhugað vegarstæði yfir hann um 75 m sunnar.

Hættumat: mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c.a 1:35000)

SP-297 Breiðavík

SP-297:001 *Breiðavík* bæjarhóll bústaður 66°11.068N 017°09.577V

Í Breiðuvík eru tvö íbúðarhús. Það eldra og jafnframt það nyrðra stendur á gamla bæjarhólnum.

Í túni.

Bæjarhóllinn nær um 18 m austur frá húsinu og um 18 m til norðurs. Húsið sem er byggt árið 1919, stendur því við eða á SV-horni hólsins. Er þetta nokkuð myndarlegur bæjarhóll. Ekki er hægt að segja að það sjáist til fornleifa á bæjarhólnum, en þó gægjast hér og þar upp steinar úr sverðinum sem gætu verið leifar af hleðslum. Undir húsinu er handgrafinn kjallari með hlöðnum veggjum.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir:

SP-297:002 heimild um útihús 66°10.986N 017°09.536V

Heimildamaður segist muna óljóst eftir tóftum við SA-horn túnsins, en þær munu nú vera horfnar með öllu.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-297:003 heimild um útihús 66°11.114N 017°09.566V

Í Breiðuvík eru tvö fjárhús. Bæði standa norður af bæjarhólnum. Nyrðri fjárhúsin standa

á þeim stað þar sem útihús eru sýnd á túnakorti. Hér er þó ekki um sömu hús að ræða, því þessi hús sem eru úr steini eru byggð á árunum 1954 (hlaðan) og 1957 (fjárhúsið).
Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-297:004 heimild um fjárskýli

"Fjárborg var reist í Breiðuvík og hlaða við. Hún er nú horfin." Fjárborgin, eða fjárhúsið var úr torfi og grjóti, en það var rífið árið 1967 og staðurinn sléttaður með jarðýtu. Hún var um 200 m norður af bæjarhólnum.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917, Ö-Breiðavík viðb, 6

SP-297:005 heimild um útihús 66°11.161N 017°09.692V

Fremst á sjávarbakkanum um 300 m norður af bæjarhólnum eru leifar af tóft. Er hér einungis um að ræða lítinn veggstubb. Heimildamaður segir að tóftin hafi náð a.m.k. 5 m út fyrir núverandi sjávarbakka. Sjór hefur nú sorfið meirihluta tóftarinnar í burt og sýndist skrásetjara að þess væri ekki langt að hún hverfi með öllu. Heimildamaður segir að dágott bil hafi verið á milli norðurenda tóftarinnar og sjávarbakkans, er hann kom hér fyrst.

Í túni, á sjávarbakka.

Um er að ræða um 5 m langan veggstubb með hleðsluhæðina 1 m.

Hættumat: mikil hætta V. sjávarrofs.

Heimildir: Túnakort 1917

SP-297:006 *Breiðavíkurlending* heimild um lendingu 66°11.183N 017°09.650V

"Lending er góð, og er ruddur bílvegur þangað." "Rétt neðan við bæinn er Lending, afbæjar nefnd Breiðavíkurlending, talin góð." "1712 var uppsátur í B." Lendingin var og er við norðurenda bæjargilsins. Bæjarlækurinn fellur þar til sjávar. Heimildamaður réri sjálfur frá Breiðuvík til skamms tíma.

Smágrýtt fjara, lækjarós.


Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: BBSÞ 1963, 652; Ö-Breiðavík, 2; JÁM XI, 270

SP-297:007 *Stekkjargil* tóft stekkur

"Í sambandi við Tröllagil eru gil tvö, Miðgil, sem sameinast því rétt ofan við túnið, og Nátthagagil, sem er austan við bæ og heitir líka Stekkjargil." "Nátthaginn var fyrir kúr. Honum var skipt í Efri-Nátthaga og Neðri-Nátthaga. Líklega hefur verið stekkur í Fremri-Nátthaga." Núverandi ábúandi gat



ekki glöggvað sig á því hvar skiptingin milli Efri- og Neðri-Nátthaga mun hafa verið. Skal því hér talað um Nátthagann sem heild. Nátthaginn er nokkuð flatt undirlendi í Stekkjar/Nátthagagili, skammt ASA af bæjarhólnum. NA-megin í nátthagnum um 20 m sunnan þjóðvegur er dálítil dæld sem minnir á tóft. Þar liggja þrjár kynslóðir þjóðvegarinnis yfir nátthagann og er sú yngsta sú sem gerð verður á næstu árum. Þar verður sem sagt smá tilfærsla á vegarstæðinu til suðurs og vill svo til að nýi vegurinn á eftir að liggja yfir tóftina að hluta að norðanverðu. Nokkuð slétt graslendi.

Tóftin er um 6x5 m að stærð og er hleðsluhæðin eða dýpt hennar um 0.2 m. Hún er frekar illgreinanleg. Dyr virðast vera austarlega á suðurvegg tóftarinnar.

Hættumat: mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: Ö-Breiðavík, 2; Ö-Breiðavík viðb, 3

SP-297:009 *Illistígur* heimild um leið 66°11.031N 017°09.475V

"Illistígur er upp úr Bæjargili að austan, dálítið vestur af Kambi, mitt á milli hans og Nátthagagils." Ekki er alveg ljóst hvar þessi Illistígur var en sennilega hefur hann verið á austurbarmi Bæjargils, um 30 m norðan þjóðvegur. Þar er einmitt brattur sneiðingur upp úr gilinu og er þetta í raun eini staðurinn sem gæti komi heim við lýsingu örnefnaskrár.

Lækjargil

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Breiðavík ath og viðb, 6

SP-297:010 *Hádegisvarða* varða eyktarmark

"Milli Nátthagagils [sbr 007] og Miðgils heitir Bunga. Hún var grasi vaxin, en er blásin moldarhæð nú. Þar austar er Hádegisvarða." "Hádegisvarða er í hásuður af bæ." Hádegisvarða stendur á melholti um 400 m suður af bæjarhólnum. Sést hún vel frá bænum.

Stórgrýttur melur.

Varðan er í nokkuð góðu ásigkomulagi og er hæð hennar um 1.5 m.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Breiðavík, 3; Ö-Breiðavík ath og viðb, 6

SP-297:012 *Brunnhús* heimild um brunn 66°11.050N 017°09.634V

"Benedikt, faðir Önnu, gerði læk frá Fossgili og heim í Bæjargil, yfir túnið, og gerði hús yfir lækinn, eins konar brunnhús. Þessu hefur ekki verið haldið við." Búið er að fylla upp í lækjarfarveg þennan. Brunnhúsið stóð skammt austan við SA-horn íbúðarhússins á bæjarhólnun.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Breiðavík viðb, 3

SP-297:013 *Nónvarða* varða eyktarmark 66°10.292N 017°10.054V

"Svæðið frá Fossgili og að Tröllagili vestan við bæ, eru melhæðir, sem heita Bak." "Syðst á horni Baksins var Nónvarða, sem var eyktarmark." Ef gengið er suður eftir vesturbakka Tröllagils, er Nónvarða fyrsta varðan sem komið er að. Fjarlægð hennar frá

bæ er um 800 m til SV. Sést hún vel frá bæ.

Á melhæð.

Varðan er nokkuð sigin og gróin og því eins og óvenjustór hundapúfa

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Breiðavík, 2; Ö-Breiðavík viðb, 5

SB-297:014 heimild um geitakofa 66°11.089N 017°09.211V

"Anna man vel eftir Krosslaut. Vegur lá yfir hana og yfir hólinn, þar sem Benedikt faðir hennar gerði geitakofa." Um 100 m sunnan við þjóðveginn austanmegin í náttuganum, opnast lítið gil fram í hagann. Er Krosslaut vestarlega í norðurbarmi gilsins. Hvorki sést til fornleifa í lautinni né á hólnum sem er skammt austan hennar. Liggur vegarslóði eftir lautinni.

Á grasivöxnum gilbarmi.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Breiðavík viðb, 5


SB-297:015 tóft 66°11.034N 017°09.651V

Um 50 m vestur af bæjarhólnum er að finna litla dokk sem sökum reglulegrar lögunar sinnar gæti verið tóft.

Í túni

Tóftin er um 6x6 m að stærð og er hleðsluhæðin eða dýpt hennar um 0.5 m. Hún stendur í brekku og virðist eins og grafin inn í hana. Dyr eru ekki greinilegar.

Hættumat: Hætta v. ábúðar



SB-297:016 heimild um geitakofa

"Faðir Önnu hafði 20 geitur. ... Geithús var niðri á túni." Ekki er vitað um staðsetningu geitakofans.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Breiðavík viðb, 5


SB-297:017 heimild um fjós

"Sumarfjós var í Breiðuvík. Kýr lágu þar inni um nætur og voru mjólkaðar þar." Ekki er vitað um staðsetningu sumarfjóssins.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Breiðavík viðb, 6

SP-297:018 tóft 66°11.130N 017°09.539V



Um 20 m NA af nyrðri fjárhúsunum er að finna litla tóft. Er hún utan túngirðingar, á vesturbarmi bæjargilsins.

Á grasi grónum gilbarmi.

Tóftin er um 6x5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Tóftin er talsvert sigin og gróin, en samt mjög greinileg. Dyr eru á suðurvegg.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Breiðavík viðb, 6

SP-297:019 garðlag óþekkt

Garðlag sem sást ekki við vettvangskönnun, er nokkuð greinilegt þegar loftmyndir af svæðinu eru skoðaðar. Er það um 175 m austur af bæjargilinu, norðan þjóðveggar. Sjávarbakki.

Garðlagið liggur N-S og virðist vera um 250 m langt. Liggur þjóðvegurinn yfir það.

Hættumat: mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c. 1:35000)

SP-297:020 garðlag óþekkt

Garðlag þetta sást ekki við vettvangskönnun, en sést vel á loftmynd. Það liggur SA-NV og er NV-enda þess að finna um 100 m sunnan þjóðveggar.

Uppblásinn melur að mestu, en þýfður lyngmói á köflum. Gilbarmur.

Frá NV-endanum teygir garðlagið sig um 400 m í SA. Um 175 m SA frá syðri endanum er garðstubbur sem gengur þvert á stefnu garðlagsins stóra. Þessi stubbur sem nær ekki alveg að fyrrnefnda garðlaginu, er um 90 m að lengd. Gamli þjóðvegurinn virðist liggja yfir norðurenda fyrrnefnda garðlagsins.

Hættumat: Hætta v. vegagerðar

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c. 1:35000)

SP-298 Sandhólar

SP-298:009 *Geirastaðasund* örnefni 66°10.633N 017°12.480V

"Auk þessara gatna voru götur með bæjunum t.d. djúpar, langtroðnar, beinustu leið á milli Mýrarkots og Ketilsstaða. Einnig liggja ævagamlar götur milli Ketilsstaða og Sandhóla og nærri þeim í landi Sandhóla við svonefnt Geirastaðasund, mýrarsund, milli tveggja langra mela sem eru hluti ísaldaruðninga þeirra sem nafn Sandhóla er dregið af má enn sjá móta fyrir miklum garðlögum og er allra líkast því að þar hafi verið þó nokkrar byggingar." "Geirastaðir vour ekki til svo að Baldur viti. Hann heyrði sagt, að einhvern tíma hefði verið byggt við Geirastaðasund, og þar áttu að hafa verið tættur, en hann man ekki eftir þeim. Ekki munu neinar heimildir um nafnið Geirastaði." Geirastaðasund er örskammt SA af bænum. Ekki sést til neinna tófta í Geirastaðasundi, en heimildamaður segir þó að sig rámi í það að óljósar tættur hafi verið í sundinu, skammt sunnan við brú 048. Sagði hún að sér kæmi ekki á óvart þó þær væru horfnar með öllu sökum þess hve votlent er í sundinu.

Sund á milli tveggja langra mela.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 6; Ö-Sandhólar ath, 3

SP-298:016 vegur brú 66°10.379N 017°12.417V

Í Geirastaðasundi um 100 m fyrir norðan Þjóðveg er brú (önnur er sunnar á mótum Geirastaðasunds og Vilpu - 048).

Geirastaðasund er votlent sund á milli tveggja hólrana sem eru þýfðir og lyngi vaxnir. Sundið sjálf er að mestu grasi vaxið.

Brúin er um 18 m löng og 2 m breið og nær hún yfir allt sundið. Hún er úr torfi og timbri. Hleðsluhæð er um 1.5 m. Lækjarseyra rennur undir brúna.

Hættumat: Hætta v. vatnsaga.


SP-298:024 tóft 66°10.861N 017°12.284V

Í lækjargilinu, um 70 m suður af íbúðarhúsinu á Smiðjuhólum er nokkuð greinileg tóft skammt austan við lækinn.

Í gili á lækjarbakka. Gras og lyngmói.

Tóftin er um 7x3 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0.5 m. Hún er nokkuð sigin en samt vel greinanleg.

Hættumat: Engin hætta



SP-298:039 tóft geitakofi 66°10.843N 017°12.205V

Um 100 m SA af íbúðarhúsinu á Smiðjuhóli, er geitakofi. Tóftin er um 2 m vestan við heimreiðina að húsinu og er á austurbarmi Lækjargils.


Á gilbarmi fast við vegarstæði. Þýfður lyngmói.

Tóftin er um 6x6 m að stærð og er hleðsluhæð um 0,5 m. Tóftin er eins og grafin að hluta inn í hólrana þann er vegurinn liggur eftir. Segist

heimildamaður muna vel eftir grjóthleðslum í tóftinni en þær eru nú fallnar og er spurning hvort gerð heimreiðarinnar hafi haft einhver áhrif í þá átt.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Sandhólar, 8



SP-298:046 Torflaut heimild um ristu 66°10.838N 017°12.152V

"Torflaut nefnist laut, er gengur norðaustur úr Lækjargilinu ofanverðu. Torflautarþúfa nefnist smá höll, sem er á nyrðri barmi Torflautar, þar sem hún endar." Samkvæmt athugasemdum segir að rista hafi verið í lautinni. Torflaut er mýrarrani sem gengur NA úr Lækjargilinu norðanverðu, hverfur síðan undir veginn og heldur síðan áfram austurs. Torflaut á upphaf sitt nálægt geitakofanum (039), sem er á gilbarminum. Að sögn heimildamanns á mýrin að hafa þornað töluvert er vegurinn var lagður yfir hana. Ekki

sjást merki um torfristu í Torflaut.

Mýri í laut.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Sandhólar, 9-10, Ö-Sandhólar ath, 3

SP-298:048 heimild um vað 66°10.645N 017°12.749V

"Víðilækur heitir smá lækur spotta korn sunnan við Vilpuna. Liggur vegurinn til Ketilsstaða [SP-671:011] eða inn á Nes yfir læk þennan á litlu snotru vaði ..." Víðilækur er næsti lækur SV við Vilpuna. Um Vilpuna rennur lækur sá er brúin 049 liggur yfir. Troðningar frá Vilpu liggja yfir lækinn um 200 m norðan við rafmagnslínu er þar er. Öldótt landslag, þ.e. uppgrónir melhólar og þýfður lyngmói.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Sandhólar, 11

SP-298:049 vegur brú 66°10.707N 017°12.502V

"Geirastaðasund nefnist grösugt mýrarsund, sem liggur í suðaustur frá Vilpunni allt upp fyrir Þjóðveginn. Reiðgatan á milli Sandhóla og Ketilsstaða lá á mótum Geirastaðasunds og Vilpu [671:009] og var þar smá brú yfir lækjarsytru eða keldu, sem annars var slæm yfirferðar." Neðarlega í Geirastaðasundi má sjá leifar eftir brú eða hleðsluleifar beggja vegna lækjarins. Geirastaðasund er lægð á milli tveggja hólrana skammt suður af eystra íbúðarhúsinu. Sem kennileiti má einnig nefna hesthús sem stendur nánast í lægðinni og er brúin um 100 m SV af því.

Þýfður lyngmói, votlendur á köflum.

Brúin er um 2 m á breidd og hefur líklega verið um 2,5-3 m að lengd. Um það er þó erfitt að úrskurða því brúin er mjög sigin. Það sem sést af henni eru hlutar af grind í gólfi sem er úr viðardrumbum og hleðsluleifar beggja vegna lækjarins.

Hættumat: Hætta V. vatnsaga

Heimildir: Ö-Sandhólar, 10

SP-298:050 heimild um áfangastað 66°10.645N 017°12.749V

"Víðilækur heitir smá lækur spotta korn sunnan við Vilpuna. Liggur vegurinn til Ketilsstaða [SP-671:010] eða inn á Nes yfir læk þennan á litlu snotru vaði og er lítill hvammur rétt neðan við vaðið. Var þar góður hvíldarstaður litlum ferðalöngum, sem oft skokkuðu milli bæjanna."

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Sandhólar, 11

SP-298:051 *Tröllagil* örnefni tröllabústaður 66°10.986N 017°09.680V

"Tröllagilshæð nefnist hæðin austan Löngulágar og nær hún austur að Tröllagili, sem deilir löndum Breiðuvíkur og Sandhóla á alllöngu svæði. Tröllagil er merkt á korti herforingjaráðsins. Tröllagilspúfa nefnist smá hóll austast á Tröllagilshæð austur undir brún Tröllagils." Tröllagil gengur frá Breiðuvík til SV. Þjóðvegur liggur yfir Tröllagil við Breiðuvíkurbæinn.

Þýfður gras og lyngmói. Uppblásinn melur inn á milli.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Sandhólar, 12

SP-298:067 garðlag óþekkt

Leifar garðlags sjást á loftmynd um 350m VSV frá heimreiðinni og um 525m NV frá þjóðveginum. Það sást ekki við vettvangaskönnun.

Þýfður lyngmói í frekar öldóttu landslagi.

Garðlagið er líklega um 150 m langt.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c.a. 1:35000)

SP-298:068 garðlag óþekkt

Á loftmynd sjást leifar ag garðlagi og er austurendi þess um 350 frá vesturbarmi Fossgils og um 75 m norðan þjóðveggar.

Þýfður lyngmói að mestu, öldótt landslag.

Garðlagið virðist vera um 600m langt í heildina og sveigir smám saman að þjóðveginum og hverfur loks alveg undir hann. Sá hluti hans er liggur sunnan þjóðveggar er um 200m að lengd.

Hættumat: mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c.a. 1:35000)

SP-298:069 garðlag óþekkt

Leifar af garðlagi sjást á loftmynd og gæti það verið framhald garðlags 068 en tenging þar á milli er þó ekki greinileg á loftmynd. Fjarlægð suður frá afleggjaranum að Sandhólum er um 340 m.

Lyng og grasmói. Votlendur á köflum. Þar ofar, melhólar.

Garðlagið liggur N-S. Frá því á móts við afleggjarann að Sandhólum er garðlagið mjög illgreinanlegt á um 190 m löngum kafla. Frá sama punkti til vesturs er garðlagið síðan mjög greinilegt á um 350 m löngum kafla. Fjarlægð garðlagsins austur frá þjóðveginum er c.a 275 m

Hættumat: Hætta

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c.a 1:35000)

SP-299 Ketilsstaðir

SP-299:001 *Ketilsstaðir* bæjarhóll bústaður 66°10.389N 017°13.051V

Á bæjarstæði Ketilsstaða eru 2 íbúðarhús. Það eldra og vestara var reist 1928 á hlaðinu framan við gamla bæinn. Norðan við það stóðu bæjardyr lengur og austan við þær var baðstofan, síðast notuð sem fjós. Stóð hún fram yfir 1963. Sunnan við baðstofuna/fjósið og aftan eða austan við íbúðarhúsið stóð einnig lengi skemma. Áfast íbúðarhúsinu er steypdur skúr, byggður um 1965 og er hann á framhluta bæjarins. Yngra íbúðarhús er fast SA við bæjarhólinn. Á suðurbakka Ketilsstaðalækjar.

Óslétt flöt, grasi vaxin og gægjast steinar upp úr, milli íbúðarhúsa, fast á lækjarbakka.

Hólbunga, slétt að ofan, um 30x40 m, kantur að vestan.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

SB-299:002 heimild um fjárhús 66°10.363N 017°13.009V

Fast norðan við heimreið, um 15 m austan við austurgafli yngra íbúðarhússins, um 30 m austan við bæjarhól (001), stóð fjárhús. Túngarðurinn lá fast vestan við það.

Slétt grasflöt á lækjarbakka, heimreið og hlað sunnan og vestan við.

Fjárhús þetta sneri A-V, dyr á S-vegg. Hlaða vestan megin. Það stóð enn 1963 og var þakið tekið niður árið 1974, en endanlega rifið og sléttað yfir árið 1975. Þetta var annað af tveimur fjárhúsum úr torfi sem enn stóðu árið 1963. Það tók um 50 fjár.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917; BBSÞ, 649.

SB-299:003 heimild um fjárhús 66°10.396N 017°12.987V


Norðan við Ketilsstaðalæk, gegnt bæjarhólnum (001), þar sem hlaðin brú er yfir lækinn, er hól og stóðu á honum fjárhús. Stóðu þau um 20 m vestan við fjóshlöðuna, Hólbunga efst í túni, nokkuð slétt að ofan. Fjóshaugur er nú fremst á hólnum.

Hús þessi tóku um 30-40 kindur. Þau stóðu árið 1963 en voru orðin þaklaus árið 1965 og var þeim síðan rutt niður um 1967-'68.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SB-299:004 Akurhús tóft hesthús 66°10.366N 017°13.126V



"Í túninu suður og niður af bænum (um 70-80 m) stóð hús, sem síðast var notað sem hesthús og nefndist það Akurhús. Stóð það uppi allt fram um 1970. Sést enn fyrir tóftinni. Suðausturveggur hússins var sambyggður vallargarðinum. Fram eftir þessari öld sást fyrir garði umhverfis blett við húsið. Var hann hringmyndaður en tók aðeins yfir hann hluta hringins umhverfis húsið sem var innan vallargarðsins. Nefndist svæðið sem garðurinn afmarkar Akur." Um 70 m VSV af bæjarhólnum (001) er tóft Akurhúss, norðan í túngarðinum er liggur niður eftir túninu

sunnan við bæinn.

Í túni, við túngarð. Utan við hann er stykki með þýfðum grasmóa. Slétt tún er upp að tóftinni að NV.

Akurhús hékk enn uppi er núverandi ábúandi kom árið 1965, en féll saman skömmu síðar. Viðir úr þekjunni sjást enn inni í tóftinni. Enn sést í grjóthleðslur inni í tóftinni, sem er um 3,5x2 m að innanmáli með dyr á vesturlangvegg. Austan við tóftina, í krikanum milli hennar og túngarðsins er eins og upphækkaður pallur sem gæti verið mannvirkjaleifar.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 4

SP-299:005 *Hesthúshóll* heimild um hesthús 66°10.451N 017°13.176V

"10-15 m sunnan Ketilsstaðalækjar og 160-180 m niður frá bæ er útjafnaður (af jarðvinnsluvélum), lágur hóll sem nefndur er Hesthúshóll og örskammt norðvestur af honum er þýfður blettur í gamla túninu sem aldrei hefur verið sléttaður til fulls og nefnist hann Hesthúsgrund. Hesthúskofi stóð þar allt fram yfir 1930 og sagt er að hann hafi brunnið er verið var að reykja þar kjöt. Gömul garðlög voru einnig á hól þessum í minni Friðbjarnar í Mýrkoti." Hóllinn er um 130 m VNV af bæjarhólum, 20 m sunnan við Ketilsstaðalæk.

Í túni

Þó sléttað hafi verið yfir húsið, þá sést lág og breið bunga í túninu þar sem það stóð. Hún er þríhyrningslaga, um 14x14 m að stærð og er dæld í henni að sunnanverðu, um 3x3 m að stærð.

Ekkert sér lengur til garða þeirra er getið er um í örnefnalýsingu, nema ef verið gætu ójöfnur norðan til á hólum. Um 30 m vestar og neðar í túninu eru tvær lágur hólbungur sem gætu verið mannvirkjaleifar.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 5

SP-299:006 *Akur* heimild um akur 66°10.366N 017°13.126V

"Í túninu suður og niður af bænum (um 70-80 m) stóð hús, sem síðast var notað sem hesthús og nefndist það Akurhús. Stóð það uppi allt fram um 1970. Sést enn fyrir tóttinni. Suðausturveggur hússins var sambyggður vallargarðinum. Fram eftir þessari öld sást fyrir garði umhverfis blett við húsið. Var hann hringmyndaður en tók aðeins yfir hann hluta hringsins umhverfis húsið sem var innan vallargarðsins. Nefndist svæðið sem garðurinn afmarkar Akur. Garðurinn var jafnaður út um miðja öldina. Ekki er tilefni nafngifta þessara þekkt nú og engar sagnir um akuryrkju hér norður við opið haf eru okkur kunnugar ..." Akur er 60-70 m VSV af bæjarhólum, og norðan við Akurhús(004) Í túni.

Garðlagið var sléttað áður en núverandi ábúandi kom árið 1965. Gerðið mun hafa verið um 50 m langt, og legið frá túngarðinum austan við Akurhús 004, og síðan meðfram túngarðinum og komið aftur á vesturhlið hans. Hólfið hefur verið um 17 m breitt, vestast en mjókkar í odd austast.


Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 4

SP-299:007 tóft geitakofi 66°10.466N 017°12.963V

Um 120 m NNV við bæjarhólinn, og norðan við Ketilsstaðalæk er tóft. Stendur hún á hól norðan við skurð er rennur í bæjarlækinn, rétt austan við rafmagnslínu.

Tóftin er á hólrana, grösugum og sléttum að ofan. Sunnan við hann er skurður þar sem áður var túngarður, en túnið norðan við hann er nú í órækt. Vestan við tóftina er þýfður mói en norðan við er mýrardrag í lægð á milli þessa hóls og þess næsta.



Tóftin er um 6x4 m að stærð. Veggir hafa verið um 0.5 m á þykkt. Tóftin er aflöng og snýr frá N-S. Hleðsluhæð er um 0,4 m. Dyr eru á suðurgafli. Ytra byrði veggja er nokkuð greinilegt en það lítur út fyrir tóftin hafi blásið, en er nú uppgróin. Í kringum hólinn er þúfnakragi og við vesturendann, neðan við tóftina er um 10 m langur stúfur sem gæti verið garðlag. Norðan við hólinn er reglulegur kantur sem gæti verið garðlag. Hann sést greinilega norðan frá. Fjarlægð hans frá hólnum er um 85 m. Um 20 m austan við geitakofann er dokk sem gæti verið mannvistarleifar.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: BBSÞ 1963, 649

SP-299:008 garðlag landamerki 66°10.959N 017°13.824V

"Að norðan ræður merkjum milli Ketilsstaða og Sandhóla garður, sem sést votta fyrir við sjó fram." Garðlagið sést best um 1 km NV frá bæjarhólnum og má sjá nokkuð greinilega u.þ.b. 255 m langan kafla sem endar um 60 m frá sjó. Merkjalækur rennur sunnan við og samhliða garðlaginu.

Þýfður lyngmói.

Vírgirðing liggur ofan á garðlaginu og er hún fallin að mestu. Á hinum 60 m langa kafla frá enda garðlagsinsog niður að sjó lítur út fyrir að hlaðið hafi verið undir girðinguna. Einnig lítur út fyrir að hlaðið hafi verið minna garðlag ofan á það sem hér er fjallað um. Breið rás er meðfram garðlaginu, austast, norðan við það, en lengst af er hún sunnan við það. Ekki er alveg ljóst hvort um sama garðlag er að ræða sem birtist vestan við efstu girðingu.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 1

SP-299:009 garðlag landamerki 66°10.376N 017°12.712V

"Að norðan ræður merkjum milli Ketilsstaða og Sandhóla garður, sem sést votta fyrir við sjó fram. Þá ræður svokallaður Merkilækur spölkorn upp í mýrina, þar til hann beygist lítið eitt til norðurs, sést þá votta fyrir gömlum merkigarði upp í hólana norðan við Ketilsstaði. Þá ræður hinn sami garður merkjum til suðausturs í svonefndan Denghól, ..." Hér er líklega um að ræða framhald af garðlagi 008. Garðlagið sést aftur um 20 m fyrir vestan efstu girðingu á um 20 m löngum kafla til austurs. Fyrir austan girðinguna birtist það aftur um 30 m frá henni og nú á um 50 m löngum kafla. Fjarlægð ANA af bæjarhólnum er um 150 m.

Þýfðir lyngmóar, votlendi. Lækur rennur þétt meðfram garðinum.

Garðurinn er töluvert sprunginn en einnig virðist hann hafa gengið til á köflum. Er loftmynd var skoðuð af svæðinu kom í ljós að landamerkjagarðurinn er einnig nokkuð greinilegur á um 350 m löngum kafla austan þjóðveggar og liggur hann þétt upp við mógrafasvæði SP-299:020 að norðanverðu. Þvert á hann að norðanverðu kemur síðan annað garðlag sem skrásett er með Sandhólum sem SP-298:069 og liggja þeir saman við austur enda landamerkjagarðsins. Það er ljóst að þjóðvegurinn liggur yfir landamerkjagarðinn og því telst hann vera í hættu vegna vegagerðar.

Hættumat: Hætta v. vegagerðar

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 1, Loftmynd frá 09.10.76 (c.a 1:35000)

SP-299:011 náma mógrafir 66°10.483N 017°13.642V

"Norður af Mýrarkotsbænum, 600 m upp (nærri austri) frá sjónum og um 200 m norður frá bæjarhúsunum í Mýrarkoti eru gamlar svarðargrafir og pyttir sem lækur rennur úr." Einnig er þar tóft eftir mókofa við NV-horn grafanna. 150 m NNA af Mýrarkoti og um 50 m neðan við hlið neðanvið neðstu tún Ketilsstaða.

Þýfðir lyngmóar.

Mógrafir á einu svæði sem er um 30x20 m að stærð. Rennur lækur úr þeim. Tóftin er um 5x3 m að stærð.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 4

SP-299:012 heimild um ristu 66°10.502N 17°13.652V

"Norður af Mýrarkotsbænum, 600 m upp (nærri austri) frá sjónum og um 200 m norður frá bæjarhúsunum í Mýrarkoti eru gamlar svarðargrafir og pyttir sem lækur rennur úr. Nefnist hann Torfulækur. Mun það dregið af því að mikið torf var rist í nágrenni lækjarins." Um 50 m vestan við mógrafir 011 (sem lækurinn rennur úr) eru sléttar grundir meðfram læknum þar sem torf gæti hafa verið rist. Annars rennur lækurinn um þýfða móa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 4

SP-299:013 *Emauskofi* heimild um mannvirki 66°10.396N 017°12.969V

"Þar sem nú standa fénaðarhús og hlaða 10-20 m utan við bæjarlækinn og örskammt austar en íbúðarhúsið, sem er sunnan lækjarins, stóð kofi sem nefndist Emauskofi ... Austurveggur hans var sambyggður vallargarðinum um hið gamla tún jarðarinnar. Stóð þessi kofi uppi árið 1915 er Friðbjörn heimildarmaður okkar flutti í Mýrarkot." Þar sem Emauskofi stóð er nú fjós, og hlaða norðan við það, norðan við Ketilsstaðalæk. Hefur verið um 100 m austan við 003. Undir byggingum á breiðum hól efst í túni.

Ekki er vitað um hlutverk kofans.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 4

SP-299:014 garðlag túngarður 66°10.396N 017°13.212V

"Þar sem nú standa fénaðarhús og hlaða 10-20 m utan við bæjarlækinn og örskammt austar en íbúðarhúsið, sem er sunnan lækjarins, stóð kofi sem nefndist Emauskofi ... Austurveggur hans var sambyggður vallargarðinum um hið gamla tún jarðarinnar." Túngarðurinn sést enn að sunnanverðu, frá heimreiðinni vestur fyrir Akurhús. Þar skammt vestan við beygði garðurinn til NV og sést þar sem hár bakki í túninu þó hann hafi verið sléttaður. Norðan við heimreiðina sést garðlagið nokkra metra út í bæjarlækinn. Austurhliðin sést einnig norðan við fjóshlöðu og 003, en meðfram norðurhlið rennur nú lækur í skurði og er garðlagið þar nokkuð óskýrt. Norðan við Hesthúsgrund (005) hefur garðlagið verið sléttað en sést þó móta fyrir því. Það sama er að segja um vesturhlið.

Í túni


Garðlagið afgirðir stórt svæði, einkum að norðaustan.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 4

SP-299:015 gerði óþekkt

66°10.452N 017°12.867V



Um 150 m norðan við bæjarhólinn og um 60 m ANA af geitakofanum (007). er óraglulegt gerði.

Gerðið er norðan til í lægð á milli tveggja hólrana sem liggja A-V, norðan við túnið. Á sléttri flöt. Hóllinn norðan við var áður melur en hefur nú verið græddur


upp og er kúahagi.

Gerðið er um 20x11m að stærð og eru veggir um 2 m að þykkt og um 1,5 m á hæð. Gerðið er eggлага og snýr í A-V og er breiðara í austurendann. Rof er innan í gerðinu og lyngi vaxnar þúfur. Veggir eru byrjaðir að hlaupa í þúfur og eru stór skörð komin í þá að NV-verðu. Dyr eru illgreinanlegar. Tvær mógrafir er að finna um 20 m vestan við gerðið.

Hættumat: Engin hætta

SP-299:016 stífla sundlaug

66°10.399N 017°12.832V



Um 100 m NNA af fjóshlöðunni og um 80 m austur af geitakofanum (007), er stífla í læknum sem rennur norðan við túnið.

Lækurinn rennur á milli túnsins og hólrana sem er norðan við það.

Hér er um að ræða um 11 m langt garðlag sem hefur verið hlaðið til þess að stífla lækinn. Hann er u.þ.b. 1 m á breidd og liggur í sveig. Lækurinn rennur nú í gegnum skarð sunnan til á garðlaginu.

Þegar lækurinn hefur verið stíflaður hefur myndast pollur sem hefur verið um 10x15 m stór og um 1m djúpur.

Hættumat: Hætta v. vatnsaga

SP-299:018 frásögn. legstaður 66°10.363N 017°12.994V

Í kring um 1970 komu mannabein í ljós í tvígang á sama stað í hlaðinu á Ketilsstöðum. Þau fundust um 2-3 m norður af NA horni yngra íbúðarhússins, en sá staður er norðan við heimreiðina um 15 m norðan við bæjarhólinn (001).

Áður tún, við heimreið, nú hlað, á lækjarbakka.

Beinin voru grafin aftur í lækjarbakkanum. Hér var um greinileg mannabein að ræða.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir:

SP-299:019 stífla sundlaug 66°10.478N 017°13.120V

Stífla er um 180 m NV við bæjarhólinn og um 30 m neðan, eða vestan við lækjarmót sem þar eru.

Liggur í grasi grónum lækjarfarvegi.

Garðlag þetta hefur verið hlaðið þvert yfir lækinn. Ofan við það er farvegurinn breiðari enn víðast hvar annarsstaðar

Hættumat: Hætta v. vatnsaga

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 7

SP-299:020 heimild um mógrafir 6610.268N 017°12.619V

Mógrafir eru við landamerki Sandhóla, fast upp við þjóðveginn að austanverðu, fast við landamerkjagardinn.

Mýrlendi

Norðan við grafirnar er mókofi sem er um 5x4 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,8 m.

Um er að ræða eina stóra gröf sem er um 20x20 að stærð, en einnig eru nokkrar minni grafir austan við hana. Þar er annar mókofi um 4x3 m að stærð. Um 20 m SA frá þessu svæði er annað sem er um 30x30 m að stærð og er það sennilega eldra.

Hættumat: mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 7

SP-299:021 heimild um kvíar 66°10.537N 017°13.073V

"Ekki er vitað með vissu hvar stekkir eða kvíar voru á Ketilsstöðum en forn garðlög var að finna u.þ.b. 250-300 m frá gamla bænum, sem enn stendur niður með Ketilsstaðalæk og bæði sunnan og norðan hans. Á a.m.k. öðrum þessara staða gæti hafa verið rétt eða kvíar. Búið er að brjóta þessa bletti báða til túns svo öll merki um þessi lyngivöxnu garðlög eru nú horfin." Sunnan við lækinn sjást engin merki um mannvirki nema tvær þústir í túninu vestan við Hesthúsgrund. Norðan við lækinn voru hins vegar miklar tóftir sem núverandi ábúandi sléttaði. Var jarðýta notuð við verkið. Þessi staður er rúmlega 200 m NV af bæjarhólum og um 40 m norður af læknum.

Illa slétt tún. Í kring eru þýfðir móar. Staðurinn er neðst í dálítilli brekku.

Samkvæmt lýsingu ábúanda voru þetta talsvert miklar tóftir en lítið sést af þeim nú. Gróflega áætluð stærð að sögn heimildamanns, var um 20x10 m.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 8

SP-299:022 garðlag óþekkt 66°10.495N 017°13.109V

"Ekki er vitað með vissu hvar stekkir eða kvíar voru á Ketilsstöðum en forn garðlög var að finna u.þ.b. 250-300 m frá gamla bænum, sem enn stendur niður með Ketilsstaðalæk og bæði sunnan og norðan hans. Á a.m.k. öðrum þessara staða gæti hafa verið rétt eða kvíar. Búið er að bjóta þessa bletti báða til túns svo öll merki um þessi lyngivöxnu garðlög eru nú horfin." Þetta er ekki allskostar rétt því eitt garðlag hefur orðið eftir um 40 m SA við 021 og um 150 m NV við bæjarhólinn á norðurbakka Ketilsstaðalækjar, norðan við lækjarmótin.

Þýður mói, blandaður grasi og lyngi. Um 5 m neðan við garðlagið er mýri.

Garðlagið liggur í breiðum boga út frá lækjarfarveginum, um 18 m til norðurs, þar kemur

vinkilbeygja til vesturs, en síðan hverfur hann eftir um 4 m

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 8

SP-299:025 garðlag landamerki 66°10.517N 017°14.119V

Landamerkjagarður er á milli Ketilsstaða og Mýrarkots. Vestari endi garlagsins er um 40 m frá sjávarbakkanum. Þaðan liggur hann til austurs þar til um 100 m eru í það að endinn nái að vera á móts við Mýrarkot. Garðlagið sést síðan aftur um 200 m austar og hverfur sá kafli síðan á móts við bæjarhúsin á Ketilsstöðum. Garðlagið sést síðan næst á milli girðingar á efstu túnnum og þjóðveggarins þar sem það liggur að garðlagi(SP-671:011) sem liggur þvert á það, samhliða veginum.

Þýfður lyngmói. Mýrlendi á köflum.

Garðlagið er víða allsigið og hlaupið í þúfur. Girðingarundirstaða hefur verið hlaðin ofan á það. Á landamerkjum fyrir austan þjóðveginn er varða. Hún liggur þó aðeins sunnar en garðlagið. Sést hún vel frá þjóðveginum. Mun hér vera um að ræða vörðu þá er nefnd er Ytri-varða í örnefnalýsingu fyrir Hól.

Hættumat: Engin hætta

SP-300 Mýrarkot

SP-300:001 *Mýrarkot* bæjarhóll bústaður 66°10.373N 017°13.896V

Núverandi íbúðarhús stendur á gamla bæjarstæðinu um 800 m fyrir vestan þjóðveg og um 100 m suður af landamerkjum við Ketilsstaði (SP-299). Það var byggt í tveim áföngum og var eldri hluti þess sem er jafnframt sá syðri byggður árið 1941. Yngri hlutinn var byggður árið 1963. Enginn kjallari er undir húsinu og segir heimildamaður að þegar báðir hlutar þess voru byggðir, hafi einungis verið gerðar rásir fyrir veggjum í bæjarhólinn, en aðrir hlutar hans látnir ósnortnir.

Í túni.

Engar leifar sjást af gamla bænum, en bæjarhólinn sjálfur er um 25x20 m að stærð.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

SP-300:002 heimild um hesthús 66°10.371N 017°13.866V

Hesthús stóð um 40 m austur af íbúðarhúsinu, norðan við og upp við heimreiðina, um 60 m suður frá landamerkjum við Ketilsstaði (SP-299).

Heimreið liggur þétt upp við staðinn að vestanverðu. Þýfður grasmói norðan og austan við.

Búið er að slétta staðinn og er þar nú geymsluplan fyrir vélar.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-300:005 heimild um fjós 66°10.400N 017°13.873V

Í Byggðum og búum frá 1963 segir að torffjós fyrir 5 nautgripi sé á jörðinni. Fjósið stóð undir austurvegg núverandi íbúðarhúss og var mjótt sund á milli húsanna. Fjósið var rífið 1977 eða 1978.

Nú er þar garður við íbúðarhúsið.

Engin ummerki eru eftir fjósið, en að sögn heimildamanns mun það hafa verið svipað að lengd og nýrri hluti íbúðarhússins.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: BBSÞ 1963, 648.

SP-300:012 varða landamerki

"Sunnan í þeirri hólbungu stendur merkivarða [007], og upp frá henni liggur garður allgreinilegur rétt norðan Mýrarkotstúns, stefnu til heiðar meðfram núverandi Ketilsstaðatúni, upp yfir Miðdegismýrinni utarlega (norðarlega), að vörðu, sem stendur ofan þjóðveggar (bílveggar) rétt norðan við mynni Grænulágar á svolölluðum Miðdegisási ..." Varðan er merkt inn á meðfylgjandi og sést hún vel rétt austan þjóðvegarinn.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Mýrarkot svör við sp., 1

SP-300:018 heimild um landamerki 66°09.971N 017°14.166V

"Þegar kemur niður fyrir melbungu þá, sem varðan [013] stendur á, tekur við mýri, og niður eftir henni sást (og sést) fyrir garði allt til sjávar, þó ekki eina 16-70 metra fremst á bakkanum; þar ræður lækjarseyra merkjum. Þaðan var fyrir einum 50-60 árum grafinn skurður upp mýrina meðfram gamla garðinum og hlaðið ofan á gamla garðinn; þó nær sá skurður ekki nema svo sem þrjá fjórðu vegar frá sjó upp að mel þeim, sem varðan stendur á." Er hér um að ræða landamerkjagarð á milli Hóls og Mýrarkots. Garðlagið sést ekki eftir að skurðinum sleppir að austanverðu. Þó gæti verið að um sama garðlag sé að ræða á um 60 m löngum kafla vestan við þjóðveg. Einnig gæti líka verið um að ræða hleðslu undir landamerkjagirðinguna sem liggur þar ofan á.

Við austurenda garðlagsins er melhóll, annars votlendur og þýfður grasmói. Í skurðinum sem liggur samsíða garðlaginu að sunnanverðu, rennur lækur sem kallaður er Kaldaveita. Þar sem því sem kom upp úr landamerkjaskurðinum milli Mýrarkots og Hóls var hlaðið upp á garðlagið þá sést ekki til þess en lengd skurðarins frá austurenda til vesturs um 500 m.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Mýrarkot svör við sp., 1-2

SP-300:022 náma mógrafir 66°10.198N 017°13.754V

"Svörðurinn var aðallega tekinn yzt og efst í mýrum þeim, sem eru á milli bæjanna Hóls og Mýrarkots, spöl neðan þjóðvegarins, en sunnan heimreiðar, þó er hann víðar í þessum mýrum." Grafirnar eru um 300 m ASA frá bæjarhólnum. "Torf var auðvitað mikið rist hér áður víða í mýrunum, þar sem slétt var, en þótti ekki gott, ..." Ekki sjást merki um torfristu.

Þýfður grasmói með lyngblettum hér og þar.

Hér er í raun um að ræða tvö svæði og er það vestara, um 40x30 m að stærð. Um 10 m fyrir norðan þess svæðis, og nær vestur hlið þess er mókofatóft sem er um 4.5x2 m að stærð. Hitt mógrafasvæðið er um 40 m austar og er það talsvert stærra, eða um 100x60 m. Við suðurhlið svæðissins er mókofatóft sem er svipuð að stærð og sú sem lýst er hér að framan.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Mýrarkot svör við sp., 4

SP-301 Hóll

SP-301:001 Hóll bæjarhóll bústaður 66°09.858N 017°14.134V


"Norðaustur frá Ísólfsstöðum stendur bærinn Hóll, skammt vestan þjóðvegarins, en alllangan spöl frá sjó." Núverandi íbúðarhús stendur á gamla bæjarhólnum, sunnan heimreiðar. Lækur rennur á milli bæjarhóls og heimreiðar. Annað íbúðarhús, byggt upp úr 1950 stóð um 50 m vestar. Það er nú horfið fyrir túni. Lækur rennur meðfram bæjarhólnum að vestanverðu.

Varla er hægt að segja að um bæjarhól sé að ræða þar sem hann er í flatara lagi. Engar leifar er að sjá á hólnum. Gróflega áætlað þá er bæjarhóllinn um 20x20 m að stærð. Kjallari er ekki undir íbúðarhúsinu er stendur á hólnum.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: BBSÞ 1963, 647

SP-301:003 tóft fjárhús 66°09.896N 017°14.446V



Fjárhústóft er um 60 m NV við bæjarhólinn. Vegur liggur framhjá tóftinni að sunnanverðu. Yngri fjárhús sem nú hafa verið rifin stóðu örskammt austan við tóftina. Núverandi útihús standa um 20 m vestan við tóftina.

Óræktaður blettur innan túns.

Tóftin er um 14x7 m að stærð og er hleðsluhæðin mest um 0,5 m. Tóftin er tvískipt og sjást leifar af millivegg er liggur eftir henni miðri. Nyrðri hluti tóftarinnar er óskýr. Þykkt veggja er mest um 1.5 m. Dyr virðast hafa verið á norðurgaffli.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-301:004 heimild um hlöðu 66°09.866N 017°14.515V

Hlaðan stóð á hól, um 70 m VSV af bæjarhólnum, og um 100 m suður af 003. Hefur staðurinn nú verið sléttaður undir túni.

Í túni.

Þó búið sé að slétta yfir staðinn, þá sést þar regluleg ferköntuð dæld sem sýnir hvar hlaðan hefur staðið. Dældin er um 12x7 m að stærð.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-301:005 tóft kvíar 66°09.935N 017°14.301V

"Efst í túni eða ofan þess voru Kvíar." Í athugasemdum og viðb. segir: "Kvíar. Þar var rétt. Hólsrétt, og var réttað þar á haustin úr heiðinni, lögð niður nú á þeim stað." Í túnjaðrinum, um 100 m NA af bæjarhólnum eru hleðsluleifar eða tóft í óræktaðum grásmóa.

Þýfður grasmói.

Lögun tóftarinnar er óljós en hún virðist hafa verið um 10x10 m að stærð. Á þessum stað er brot í annars þýfðum móa sem lítur út fyrir að vera leifar af hleðslum.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Túnakort 1917

SP-301:006 heimild um hesthús 66°09.935N 017°14.488V

Hesthús stóð þar sem núverandi útihús eru. Það var rífið árið 1954.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Heimildamaður er ekki viss um hvort nýju húsin hafi verið byggð alveg yfir hesthúsið. Segir hann mögulegt að þau standi nokkrum metrum austar. Þar af leiðandi gætu a.m.k. hlutar hesthússins verið þar sem nú er gerði vestan við nýju húsin.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917. Ö-Hóll, 2; Ö-Hóll ath og viðb, 5.

SP-301:012 *Sjóarlág* heimild um leið 66°09.853N 017°14.888V

"Beint niður af bæ er melhóll, sem heitir Sjóarmelur, og suður af honum, milli hans og suður og niður melana, er lág, sem heitir Sjóarlág. Þar lá leiðin til sjávar." Sjóarmelur er um 300 m vestur af bæjarhólnum. Sjóarlág er dálítið gil sunnan við Sjóarmel, um 100-150 m á breidd. Er Sjóarlág á milli Sjóarmels og svokallaðra Hóla.

Lág á milli tveggja melhóla eða holta.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Hóll, 2

SP-301:015 *Reiðingslág* örnefnirista 66°09.981N 017°14.174V

"Suður af hólunum upp af Kölduveitulæk er Reiðingslág. Þar hefur líklega verið reiðingsrista. Við Reiðingslág voru mógrafir sem ábúandi Hóls nýtti." Reiðingslág er lögð á milli tveggja hólrana norður af bæjarhólnum. Nær hún frá þjóðvegi að eystri enda landamerkjaskurðarins á milli Hóls og Mýrarkots. Fjarlægð frá bæjarhólnum er um 250 m.

Þýfður gras og lyngmói. Mýrlendi.

Í Reiðingslág norðanverðri eru tvær grafir. Sú eystri er fremur grunn eða uppgróin og gæti verið um leifar eftir torfristu að ræða. Er hún um 20x12 m að stærð. Vestari gröfin er nokkuð dýpri og gæti þar verið um mógröf að ræða. Er hún um 30x10 m að stærð. Ekki sjást merki um aðrar mannvistarleifar.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Hóll, 2

SP-301:021 heimild um ristu 66°09.768N 017°14.812V

"Syðst á merkjum móti Ísólfstöðum er á, sem heitir Kerlingará. Hún nær um það bil upp að vegi, en sprettur upp utanvert við Hólsflóa, þar sem heitir Torfdalsbotn. En Torfdalur liggur í sveig upp með ánni." Í svörum við spurningum segir: "Torfdalur: Torf var rist þar og notað á hey og húspök. Svarðartekja var líka í Torfdal, 5-6 stungur" Um 20 m frá

stekk 024 eru mógrafir á víð og dreif í dalbotninum.


Þýfður gras og lyngmói, votlendi.

Á þessum stað eru litlar mógrafir á víð og dreif. Ekki sjást merki um torfristu, en svæðið sem grafirnar eru á er um 50x20 m að stærð. Leifar af torfkofa eru skammt ANA við svæðið.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hóll, 1; Ö-Hóll svör við sp. 1

SP-301:024 2 tóftir stekkur 66°09.791N 017°14.976V



"Stekkir eru þrír; á sjávarbakka við Kerlingaá, syðst á Hólshöfða og sunnan í Hólum, norðan við Torfdal." Stekkurinn í Torfdal er í norðurhlíð dalsins. Fjarlægð frá bæjarhól í norðri er um 1 km. Um 100 m eru í landamerkjagirðingu sunnan megin í dalnum.

Stendur í grasi vaxinni brekku. Fyrir neðan brekkuna er fremur votur og

þýfður grasmói með vallendisblettum inn á milli.

Tvær aðskildar tóftir og eru um 3 m á milli þeirra. Sú eystri er um 12x5 m að stærð og eru einar dyr greinilegar á henni eða á vesturgaffli. Hleðsluhæð hennar er um 0,8 m. Vestari tóftin er um 15x12 m að stærð og skiptist í 2 jafnstór hólf. Hleðsluhæð hennar er um 0,7 m. Dyr virðast hafa verið á suðurvegg vestara hólsins, en einnig gætu hafa verið dyr norðarlega á millivegg á milli hólfana. Þær eru þó mjög óskýrar. Báðar eru tóftirnar nokkuð signar.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hóll svör við sp. 2

SP-302 Ísólfstaðir

SP-302:026 tóft 66°09.485N 017°14.711V

"Rétt neðan (þ.e. vestan) þjóðvegur og nokkru norðar en móts við bæ er Sjónarhóll, mjög áberandi hóll. Farið var meðfram honum áður. Á honum vestanverðum er rúst eftir hundakofa og smálavörðu." Tóft er vestarlega undir suðurhlíð hólsins.

Við brekkurætur. Þýfður lyngmói, en síðan tekur við nokkuð slétt og votlent graslendi.

Tóftin er um 14x6 m að stærð. Hleðsluhæð er um 0,3 m. Tóftin er tveggja hólf. Einar dyr eru greinilegar og eru þær á norðurvegg við NV- horn.

Skýring á hættumati: Sjónarhóll er ofarlega á lista vegagerðarinnar, sem malarnáma í tengslum við endurbætur á veginum um Tjörnes. Var þegar byrjað að taka mól úr hólum er þar var skráð sumarið 1999.

Hættumat: Hætta v.grjótnáms

Heimildir: Ö-Ísólfstaðir, 6

SP-302:027 varða 66°09.436N 017°14.660V

"Rétt neðan (þ.e. vestan) þjóðvegur og nokkru norðar en móts við bæ er Sjónarhóll, mjög áberandi hóll. Farið var meðfram honum áður. Á honum vestanverðum er rúst eftir hundakofa og smalavörðu." Á Sjónarhól eru í raun tvær bungur og er varðan efst á þeirri syðri, sem einnig er hærri. Sjónarhóll er um 400 m austur af bæjarhólnum, og um 40 m frá þjóðveginum.

Á háum grjóthól.

Varðan er hlaðin úr grjóti og er um 1.3 m á hæð.

Skýring á hættumati: Sjónarhóll er ofarlega á lista vegagerðarinnar, sem malarnáma í tengslum við endurbætur á veginum um Tjörnes. Var þegar byrjað að taka mól úr hólnum þegar þar var skráð 1999.

Hættumat: Hætta v.grjótnáms

Heimildir: Ö-Ísólfsstaðir, 6

SP-302:028 náma mógrafir 66°09.666N 017°14.355V

"Austur af Grýluhól og norður af Sjónarhól [sjá 026] er mói, sem nefndur er Tögl. Þau ná alveg að þjóðvegi. Í Töglum var tekinn upp svörður til eldiviðar hér áður fyrr, og sjást grafirnar mjög vel enn." Mógrafirnar eru norður við landamerkjagirðinguna á móti Hóli í um 100 m fjarlægð vestur frá þjóðveginum. Nokkuð þýfður, grasi og lyngi vaxinn votlendismói.vestur frá þjóðvegi.

Grafirnar eru um 30x30 m að stærð. eru þær mjög greinilegar, en eru þó nokkuð upp grónar. Ekki sést til annara fornleifa við grafirnar.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ísólfsstaðir, 7

SP-302:029 tóft Hundakofi 66°09.433N 017°14.684V

"Rétt neðan (þ.e. vestan) þjóðvegur og nokkru norðar en móts við bæ er Sjónarhóll, mjög áberandi hóll. Farið var meðfram honum áður. Á honum vestanverðum er rúst eftir hundakofa og smalavörðu." Á Sjónarhól eru tvær bungur og er hundakofinn vestan til á þeirri syðri, sem einnig er hærri, um 18 m frá smalavörðunni (027).


Á uppgrónum mel eða grjóthól.

Tóftin sem er eingöngu hlaðin úr grjóti er um 7x7 m að stærð. Er hún niðurgrafín að hluta. Grjóthleðslur eru mikið hrundar en það sem uppi stendur nær mest um 1 m á hæð. Tóftin er opin í norður-enda.

Skýring á hættumati: Sjónarhóll er ofarlega á lista vegagerðarinnar, sem malarnáma í tengslum við endurbætur á veginum um Tjörnes. Var þegar byrjað að taka mól úr hólnum er þar var skráð sumarið 1999.


Hættumat: Hætta

Heimildir: Ö-Ísólfsstaðir, 6



SP-302:030 tóft heystæði

66°09.700N 017°14.722V



"Upp úr Torfadalsbotni [sjá 024] og norðan við Tögl er Litlibakki. Hann er þar sem Kerlingará rennur niður. Að sunnanverðu við ána er lítill vallendisbletur; þar var heyjað hér áður fyrr. Þar sést fyrir heystæði, en þar hafa ekki verið nein hús." Einfaldast er að fylgja landamerkjagirðingunni vestur frá mógröfum 028. Er þá komið að Litlabakka sem er í dálítilli lægð sem Kerlingaráin

(sem er í raun lækjarseyra), rennur um áður en hún fellur niður í Torfdalsbotn þar skammt vestar. Sunnan til við Litlubakka er svonefndur Grýluhóll og er heystæðið VNV undir honum.

Dálítill hvammur eða lægð sem lækur fellur um. Að mestu vallendi í bland við lyngmóa. Tóftin er um 6x5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Dyr virðast opnast í austur. Hleðslur eru signar.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ísólfsstaðir, 7

SP-302:031 heimild um leið 66°09.178N 017°14.838V

"Nokkru sunnar en Syðri-Sjónarhólsmyri er Ytra-Reiðholt vestan við þjóðveg. Það er alveg, þar sem farið er heim að Ísólfsstöðum. Um það var vegur áður fyrr." Ytra-Reiðholt er skammt suður af heimreiðinni, um 10 m vestan þjóðveggar. Fyrsti akvegurinn heim að bænum lá um holtið að NV- verðu.


Uppgróið melholt.

Á NV-verðu holtinu má sjá leifar þessa gamla akveggar. Ekki sést til annara fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ísólfsstaðir, 7

SP-302:032 heimild um mógrafir 66°09.298N 017°13.682V



"Rétt ofan við Fögruhlíð er Svarðarmýri. Þar var tekinn upp svörður á Svarðarmýri bæði fyrir ofan Torfhól og Fögruhlíð. Þetta þótti góður svörður, og var þykkin 5-7 stungur og var notaður á Ísólfsstöðum. Það mun hafa verið hætt að taka upp svörð kringum 1945, en grafirnar sjást greinilega." Fagrahlíð er um 1 km austur af bæjarhólum. Er Torfhóll við syðri enda

hennar og sund á milli. Sunnan við Torfhól er annað sund er einnig heitir Torfhólssund. Liggja landamerki Ísólfsstaða og Hallbjarnarstaða um Torfhól. Svarðarmýri er austan við Fögruhlíð og nær hún suður fyrir syðra Torfhólssundið og norður fyrir Fögruhlíð. Er hún því bæði í landi Ísólfsstaða og Hallbjarnarstaða. Í Ísólfsstaðahluta Svarðarmýrar eru tvö mógrafasvæði, annars vegar nokkrar grafir við norðurenda Fögruhlíðar og stærra svæði sem er við suðurendann, eða við nyrðra Torfhólssundið.

Nokkuð breiður, grasi vaxinn og sléttur mýrarfláki í lægð á milli tveggja melholta.

Stærra mógrafasvæðið er um 50x48 m að stærð. Ekki sjást leifar mókofa við grafirnar, en tóft er um 10 m norður af þeim, á SA horni Fögruhlíðar sem gæti verið eftir mókofa.

Tóftin er um 4x3 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,2 m.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ísólfsstaðir, 8-9

SP-302:033 náma mógrafir 66°09.432N 017°14.707V

Votlendissvæðið suður af Sjónarhól (sjá 027), nefnist Sjónarhólsmýri. Austast í mýrinni og upp við Sjónarhól eru greinilegar gamlar mógrafir. Á þessu svæði má greina leifar eftir 3 mókofa, en einungis einn af þeim, sá vestasti, er nógu greinilegur til þess að hægt sé að lýsa honum og teikna hann upp. Lækur rennur í gegnum svæðið til vesturs.

Nokkuð slétt og grasi vaxið mýrlendi.

Svæðið sjálft er um 100x35 m. Virðast grafirnar vera nokkuð gamlar þar sem þær eru talsvert grónar. Vestasti mókofinn er um 4x3 m að stærð og er hleðsluhæð hans um 0,3 m. Dyr eru á vesturvegg við NV-horn. Hinir mókofarnir eru illgreinanlegir eins og áður sagði og líta út fyrir að vera þýfðir grashólar.

Hættumat: Hætta v. vatnsaga

SP-302:043 tóft óþekkt 66°09.443N 017°14.739V


Tóft er um 25 m NV af tóft 026 við Sjónarhól.

Tóftin stendur í jaðri þýfðs lyngmóa sem umkringir Sjónarhól. Um 5 m sunnar tekur við nokkuð slétt og grasi vaxið votlendi er nefnist Sjónarhólsmýri.

Hér er um að ræða smá veggjarbrot sem eru talsvert sigin, þ.e.a.s. hér virðist vera um að ræða leifar af norður-vegg (5 m), austur-vegg (5 m) og vestur-vegg (3 m). Hleðsluhæðin er um 0,2 m. Skýring á hættumati: Sjónarhóll er ofarlega á lista

vegagerðarinnar, sem malarnáma í tengslum við endurbætur á veginum um Tjörnes. Var þegar byrjað að taka mól úr hólnum skráð var sumarið 1999.

Hættumat: Hætta v. grjótnáms



SP-302:044 garðlag

Garðlag er fast við þjóðveginn að vestanverðu og við suðurhlið Sjónarhóls. Mýrlendi. Grasi vaxið að mestu.

Rekja má þetta garðlag meðfram þjóðveginum frá Sjónarhól til suðurs að afleggjaranum að Ísólfsstöðum. Lengd þess er um 360 m.

Hættumat: mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c. 1:35000)

SP-303 Hallbjarnarstaðir


SP-303:001 *Hallbjarnarstaðir* bæjarhóll bústaður 66°08.985N 017°15.076V

Gamla bæjarstæðið er þar sem nú er íbúðarhúsið að Hallbjarnarstöðum I. Er það byggt árið 1935. Á Hallbjarnarstöðum eru 4 íbúðarhús, þar af 3 norðan bæjarlækjarinnar og er hér um það vestasta af þeim að ræða. Handgrafinn kjallari er undir húsinu. Í túni. Ekki sést til fornleifa. Varla er hægt að segja að hér sé um bæjarhól að ræða því hann er í flatara lagi.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir:

SP-303:012 tóft kvíar 66°09.001N 017°14.878V



"Vestan í Reiðholtinu voru gamlar kvíar." "Vestan í Reiðholti sjást vel grónar kvíatættur, líka frá fyrri tíð." Norður af Hallbjarnarstöðum er svonefnt Reiðholt, eða Syðra Reiðholt. Við rætur holtsins, um 50 m NA af austasta íbúðarhúsinu er kvíar þessar að finna.

Í túnjaðri.

Tóftin er um 12x8 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Hún er tveggja hólfa. Dyr eru á SV-gafla, en að auki virðist hafa verið nokkurnskonar aðhald við dyrnar. Það mun þó vera óljóst. Hleðslur eru signar.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 5; Ö-Hallbjarnarstaðir viðb, 4

SP-303:019 heimild um ristu 66°08.983N 017°14.005V

"Héraðsgarður [sjá 671:001] er rétt austan við veginn. Þá er þar í austur smáhóll, sem heitir Torfhóll. Við Torfhól er Torfhólssund. Þar var tekin rista." Torfhólssund er suður undir Torfhól. Er hér um að ræða anga sem teygir sig til vesturs frá svonefndri Svarðarmýri sem er austan Fögruhlíðar og Torfhóls. Sunnan Torfhólssunds er síðan norðurendi svonefndra Hallbjarnarstaðaása. Bæjarlækur Hallbjarnarstaða rennur úr Torfhólssundi og er aðalvatnsból bæjarins þar austast. Norðan við Torfhól á milli hans og Fögruhlíðar er annað sund sem líklega heitir líka Torfhólssund að sögn heimildamanns.

Er hér um að ræða sund á milli tveggja hæða. Er þetta sléttlendur mýrarfláki, vaxinn lágu grasi.

Ekki sést til fornleifa. Ekki sjást merki um torfristu þó þar hafi verið aðal torfristusvæði bæjarinn.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 2

SB-303:025 Halldórsstekkur tóft

stekkur66°08.622N 017°14.906V

"Austast í [Hallbjarnarstaðagili] er Halldórsstekkur ..." Í viðb. segir "Halldórsstekkur er kenndur við mann, Halldór Sigurjónsson, sem bjó á Hallbjarnarstöðum frá því um 1900-1940. Hlóð Halldór stekkin." Þegar hér er talað um að Halldórsstekkur sé austast í gilinu, þá er átt við þann part af gilinu sem er fyrir vestan þjóðveginn. Er stekkurinn sunnan til á flötunum í gilinu um 300 m vestan þjóðveggar. Um er að ræða tvær tóftir. Síðast var fært frá á Hallbjarnarstöðum árið 1925.


Grasmói í gili, smápýfður á köflum, annars sléttur.


Stærri og syðri tóftin er einföld, um 20x8 m að stærð og er hleðsluhæðin um 1 m. Dyr eru ekki ljósar en eru þó líklega NA- til á NV-vegg tóftarinnar.

Hleðslur standa grónar. Nyrðri tóftin er mun minni eða 6x5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Dyr opnast til SA. Er tóftin vaxin háu grasi svo hún minnir á sérkennilegan hól, séð úr fjarska. Syðri tóftin stendur að hluta til á barmi árgilsins og gæti því verið í talsverðri hættu vegna rofs. Óljósar leifar af garðhleðslum sjást við tóftirnar.

Hættumat: Hætta v.rofs

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 4; Ö-Hallbjarnarstaðir viðb, 2





"Austast í [Hallbjarnarstaðagili] er Halldórsstekkur, en í miðju gilinu heitir Horn. Austanvert í Horninu sér móta fyrir gömlum görðum, líklega kornrækt, enda heitir brekkan Akurbrekka." Þegar talað er um að Halldórsstekkur sé austast í gilinu er átt við þann part af gilinu sem er vestan þjóðvegjar. Miðja vegu á milli þjóðvegjar og sjávar gengur svonefnt Horn fram úr norðurbarmi gilsins til suðurs. Miðað við Hallbjarnarstaðabæinn þá er Hornið SA af gamla samkomuhúsinu í landi Hallbjarnarstaða II. Austanvert í þessu horni, í snarbrattri brekku, sést votta fyrir leifum af ferköntuðu gerði. Í gilinu fyrir neðan hornið er talsvert undirlendi sem nær alveg upp undir þjóðveg til austurs frá Horninu og um 300 m til vesturs. Var undirlendi þetta eitt af aðal slægjulöndum Hallbjarnarstaðabænda hér áður fyrr. Þegar talað var um að fara suður í gil, þá var yfirleitt átt við þennan stað.

Í grasi vaxinni og brattri brekku sem snýr mót suðri.

Gerðið er ferkantað um 20x15 m að stærð. Er það talsvert sigið og er hleðsluhæð þess því ekki nema um 0.2 m.


Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 4

SP-303:027 Eggjastekkur tóft

stekkur 66°08.618N 017°15.524V

"Stallur heitir neðst í gilinu. Vestur og norður af honum gengur lág, sem heitir Kambslág. Norðaustur úr Stallinum gengur önnur lág, sem heitir Stekkjarlág, en hún liggur upp á bakkana nær gilinu. Þá er svonefndur Eggjastekkur, rétt austan við veginn á miðjum móanum." Eggjastekkur er um 20m norður af stekkjarlág og um 50m austan þjóðvegjar.



Þýfður lyngmói

Tóftin er um 11x6 m að stærð og er talsvert sigrin, en er afmynduð af stórbýfi. Hleðsluhæð hennar er um 0,5 m. Dyr opnast í austur. Tóftin sem er tveggja hólfa, lítur út fyrir að vera nokkuð gömul.

Eggjastekkur fékk nafn sitt af því að fuglar verptu í honum.

Hættumat: Engin hætta


Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir, 4; Ö-Hallbjarnarstaðir viðb, 2

SP-303:031 tóft heystæði 66°08.588N 017°15.002V

Heystæði er um 100 m vestur af Horninu, á flötunum í Hallbjarnarstaðagili (sjá 026).

Grösugt undirlendi í gili. Smábýfi.

Tóftin er um 7x7 m að stærð. Hleðsluhæð er um 0,3 m. Tóftin er vaxin háu grasi svo erfitt er að átta sig nákvæmlega á stærð og lögun hennar. Hleðslur eru signar. Dyr eru ekki greinilegar.



Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir viðb, 4

SP-303:033 varða landamerki 66°09.043N 017°14.020V

"Landamerkjalyking: Að sunnan: Hallbjarnarstaðaá og svo áfram Slægjulandalækur, síðan Föxugróf upp yfir Brekkur. Að norðan Merkigarður frá bakkabrún að Torfhól [013] ..." Um 300 m ANA af afleggjara frá þjóðveginum heim að Hallbjarnarstöðum og austan þjóðvegjar, er svonefndann Torfhól að finna. Á hólnum er landamerkjavarða. Heimildamaður segist muna eftir leifum af landamerkjagarði á milli Hallbjarnarstaða og Ísólfstaða er hafi teigt sig til vesturs frá Torfhól. Sagði heimildamaður að þær hefðu verið mjög óljósar. Ekki varð vart við landamerkjagarð þennan við vettvangskönnun, en er loftmynd af svæðinu er skoðuð er hann mjög greinilegur og í góðu samræmi við lýsingu örnefnaskrár

Melhóll eða holt. Uppblásið að mestu á hábungunni, annars vaxið lyngi.


Varðan er um 1 m á hæð og er hlaðin úr grjóti. Breidd hennar að neðan er um 1 m.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir viðb, 5

SP-303:039 náma mógrafir

66°08.993N 017°13.799V



"Sunnan við Torfhólssund [sjá 013] er Svarðarholt nyrzt í Ásunum. Suður af Torfhól gengur hæðarbunga, sem nefnd er Ásar. Ganga þeir þvert yfir landið suður að árgilinu. Svarðarmýri er enn austar, rétt sunnan merkjanna." Í viðbótum við örnefnalýsingu Hallbjarnarstaða segir: "Á Svarðarholti var þurrkaður svörður, sem fékkst úr gröfum í Svarðarmýri, sem er bæði í landi Hallbjarnarstaða og Ísólfstaða. Svörðurinn var

allt upp í fimm stungur. Hann var nýttur af Hallbjarnarstaðabæjum, sem voru þá þrír. 1940-50 var torf rist á þessari gömlu mýri og notað bæði á hey og hús." Svarðarmýri er næst fyrir austan Fögruhlíð og Torfhól. Liggur hún samsíða Fögruhlíð. Nær hún skammt suður fyrir Torfhól og norður fyrir Fögruhlíð. Landamerki á milli Hallbjarnarstaða og Ísólfstaða liggja um Torfhól.

Mýrlendi, grasi vaxið að mestu, en lyngi vaxið á stökum stað.

Miklar mógrafir er að finna í Hallbjarnarstaðahluta Svarðarmýrar. Svæðið er um 185 m á lengd og um 85 m þar sem það er breiðast. Á mógrafasvæðinu eru leifar eftir a.m.k. 4 mókofa og er sá heillegasti um 6x5 m að stærð og er hleðsluhæð um 0,3 m. Tóftin er opin í suðurenda. Hleðslur eru signar.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir viðb, 5

SP-303:040 heimild um mógrafir 66°08.845N 017°13.305V

"Margar mógrafir eru á Nautatjarnamýri." Nautatjarnamýri er skammt SA af Torfhólssundi og Svarðarmýri. eru mógrafir á við og dreif um mýrina. en þó mun stærsta samfellda svæðið vera austurjaðri mýrarinnar. Nautatjarnamýri liggur hærra í heiðinni en Svarðarmýri.

Mýri, slétt og grasi vaxin. Umlukin þýfðum lyngmóa.

Stærsta samfellda mógrafasvæðið í mýrinni er um 170 m langt og um 35 m breitt þar sem það er breiðast. Ekki sjást mókofatóftir á eða við Nautatjarnamýri.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir viðb, 5

SP-303:042 náma mógrafir 66°08.560N 017°14.796V

"Þá var tekinn svörður einnig við Slægjulandagróf, og nokkrar grafir eru suðvestur af Steindalsmel suður undir Hallbjarnarstaðaa." Heimildamaður segir að hér hafi einungis verið um tilraunagrafir að ræða, þ.e.a.s að einungis var verið að kanna gæði svarðarins á svæðinu. Grafirnar eru vart sjáanlegar v. gróðurs. Grafirnar eru um 100 m norður af Halldórsstekk í Hallbjarnarstaðargili (025).

Slétt og grasi vaxið undirlendi í gili. Votlent á köflum.

Gróið er yfir grafirnar að mestu svo þær eru vart sýnilegar.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir viðb, 5

SP-303:044 *Grænugötur* heimild um leið 66°08.453N 017°13.949V

"Grænugötur liggja frá Hallbjarnarstaðabæjum í suðaustur yfir móana og upp Grænulág, upp aftur giljaðri og upp með Slægjulöndum." Hlíðin austur af bænum og sunnan Torfhóls heitir Hallbjarnarstaðaásar. Er hún lyngi vaxin. Svonefndar Grænur eru brekkur sem ganga út úr Halbjarnarstaðaásum að sunnanverðu og ná alveg suður að Hallbjarnarstaðagili. Það sem einkennir Grænur þessar er að þær eru eingöngu grasi vaxnar og sléttar og skera þær sig því töluvert úr landslaginu. Grænugötur liggja upp á Græurnar við Hallbjarnarstaðagil.

Leiðin liggur um lyngmóa, fyrst í stað en sveigir síðan austur til heiðar, upp grasi vaxnar brekkur.

Gróið er yfir götur þessar að mestu fyrir neðan hlíðina en er upp á Græurnar er komið eru göturnar mjög greinilegar og er auðvelt að fylgja þeim eftir gilbarminum.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hallbjarnarstaðir viðb, 5


SP-303:046 tóft óþekkt 66°08.613N 017°15.144V

Um 100 m NV af heystæði 031 í Hallbjarnarstaðagili er tóft.

Grasi vaxið undirlendi í gili. Smáþýfi.

Aðeins sjást tveir veggstubbar, 6 og 5 m langir og mynda þeir nokkurskonar vinkil. Að öðru leyti er lögun tóftarinnar óljós þar sem hún er vaxin háu grasi. Hleðsluhæðin er um 1 m. Úr fjarlægð minnir tóftin á stall eða pall. Gæti verið heystæði.

Hættumat: Engin hætta



SP-303:047 garðlag landamerki

"Landamerkjalyfing: Að sunnan: Hallbjarnarstaðaá og svo áfram Slægjulandalækur, síðan Föxugróf upp yfir Brekkur. Að norðan Merkgarður frá bakkabrún að Torfhól [013] ..." Um 300 m ANA af afleggjara frá þjóðveginum heim að Hallbjarnarstöðum og austan þjóðvegur, er Torfhól. Á hólnum er landamerkjavarða. Heimildamaður segist muna eftir leifum af landamerkjagarði á milli Hallbjarnarstaða og Ísólfstaða er hafi teygst sig til vesturs frá Torfhól. Sagði hann að þær hefður verið mjög óljósar. Skrásetjari varð ekki var við landamerkjagarð þennan við vetvangskönnun, en á loftmynd er hann mjög greinilegur eins og í góðu samræmi við lýsingu örnefnaskrár.

Gras og lyngmói.

Áætluð lengd garðlagsins frá Torfhól fram á sjávarbakka er um 1225 m. Það skal tekið fram að núverandi þjóðvegur og tilvonandi vegarstaði, er liggur örlítið austar á þessum stað, liggja bæði yfir garðlagið og telst það því í hættu vegna vegagerðar.

Hættumat: mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c.a. 1:35000)

SP-303:052 garðlag óþekkt

Garðlag, eða leifar þess, eru í túninu við félagsheimilið Sólvang. Sást ekki við vetvangskönnun en er hinsvegar glögg á loftmynd.

Í ræktuðu túni.

Garðlagið nær u.þ.b. frá mótum heimreiðar að Hallbjarnarstöðum og þjóðveggar. Liggur það í nokkuð kröppum sveig SV eftir túninu. Lengd þess er 437 m. Garðlag þetta gæti hafa gengið saman við landamerkjagarðinn á milli Hallbjarnarstaða og Ísólfstaða, en sú tenging hafi síðan verið rofin er þjóðvegurinn var lagður um Tjörnes.

Hættumat: Hætta v. vegagerðar

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c.a. 1:35000)

SP-304 Ytri-Tunga

SP-304:001 *Ytri-Tunga* bæjarhóll bústaður 66°07.898N 017°14.528V

"Bærinn stendur nokkuð frá sjávarbakkanum, norðan Skeifár, vestan þjóðveggarins." Húsið Ytri-Tunga Ia er 50 m norðvestar en gamli bærinn. Stóð hann um 5 m austar en girðing sem liggur frá norðri til suðurs, austan við Ytri-Tungu I a. Gamli bærinn er nú horfinn með öllu og hefur staðurinn verið sléttaður. Var jarðýta notuð við verkið. Einungis nokkrar dældir í túninu benda til þess hvar bærinn stóð.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa. Varla er hægt að tala um bæjarhól því hóllinn er mjög flatur og í lægra lagi.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: BBSÞ 1963, 641; Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 2

SP-304:002 *Jonnahús.* heimild um fjárhús 66°07.865N 017°14.615V

"Í suðvestur frá bæ, í stefnu á Nónþúfu, voru enn tvö fjárhús, nefnd Jonnahús." Fjárhús þessi voru um 100 m suður af íbúðarhúsinu í Ytri-Tungu Ia, á dálitlum hól í túninu. Þau voru enn uppistandandi er heimildamaður var barn.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-304:003 *Stórhús/Gunnarshús* heimild um fjárhús 66°07.949N 017°14.585V

"Túnspildan norðan lækjar nefndist Tunga eftir lögun hennar. Á henni miðri, norðvestur frá gamla bænum, voru tvö samliggjandi fjárhús. Hið austara hét Stórhús, og áföst við norðurenda þess Stórhúshlaða. Vestara fjárhúsið hét Gunnarshús eftir manni, er þar hirti fénað sinn um síðustu aldamót ..." Stórhús voru um 35 m austur af núverandi vélageymslu í Ytri-Tungu Ia. Húsin eru nú horfin og hefur staðurinn verið sléttaður undir tún. Var jarðýta notuð við verkið.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-304:004 *Jónshús* heimild um útihús 66°07.934N 017°14.743V

"Fáa metra neðan Bæjarlækjar, þar sem hann rann norður úr túninu, og rétt sunnan núverandi útihúsa Ytri-Tungu Ia, voru tvö fjárhús, Jónshús, og milli þeirra heyhlaða, Jónshúshlaða." Jónshús stóðu um 20 m suður af súrheysturni er sambyggður er núverandi útihúsum. Hús þessi munu nú vera horfin með öllu og hefur staðurinn verið sléttaður. Heimildamaður man eftir tóftum á þessum stað. Smá lægðir eða dokkir sjást þar sem húsin stóðu.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.


Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917. Ö- Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 2

SP-304:005 *Árbær* bæjarstæði bústaður/fjárhús/túngarður 66°07.812N

017°15.569V

"Árbær nefndist býli á sjávarbakkanum norðan Skeifár, stofnað rétt eftir síðustu aldamót ... Árið 1930 lagðist land býlisins aftur til Ytritungu." "Á Skeifárbökkum, norðan Skeifárgils fram á sjávarbakkanum, var reist nýbýli



1902 af Gísla Þorkelssyni og Sigríði Þórarinsdóttur og hjónunum Jóni Jakobssyni og Sigurlaugu Jóhannesdóttur. ... Býlið nefndu þau Árbæ. Það fór í eyði árið 1930. Fjárhús Gísla, Gíslahús, stóð í norðvesturhorni túnsins. Þar við ræktaði hann Gíslasléttur." Skeifá rennur sunnan við Ytri-Tungu. Það sem eftir er af býli þessu er annarsvegar túngarður, en hins vegar fjárhústóft. Önnur bæjarhús eru horfin. Fjárhústóftin stendur við við NV-horn túngarðsins og gengur norðurgافل hennar saman við garðinn. Á þessum stað liggur túngarðurinn eftir endilöngum sjávabakkanum á blábrúninni. Túnið er nytjað af ábúendum í Ytri-Tungu Ia. Íbúðarhúsið í Árbæ stóð um 120 m SA af fjárhúsinu.

Þýfður lyngmói


Fjárhústóftin er um 15x8 m að stærð og hleðsluhæðin um 1 m. Hér er um 2 m hólf að ræða. Þó tóftin sé talsvert illa farin þá verða hleðslur samt að teljast grónar. Erfitt er að átta sig fullkomlega á lögun túnsins því stykki vantar í túngarðinn hér og þar. Þeir hlutar sem sjást benda þó til þess að garðurinn hafi verið talsvert mannvirki, en breidd hans að neðan er um 1 m og nær hæð hans um 1,7 m. Svæðið sem túngarðurinn afmarkar virðist vera um 210x160 m að stærð.

"Árbær á Tjörnesi er horfinn, nema túnið, sem nytjað er á nútímalegan hátt, bærinn rifinn og brottnuminn. Túngarður hlaðinn úr stórgerðum hnausum, stendur þar óhagganlegur að sjá, þó að hallfleytt sé stæðið ..."

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: BBSÞ 1963, 641; Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir, 5-6; Karl Kristjánsson: "Sunnan jökla og norðan", 73

SP-304:006 *Beiolfstader/Beigolfstader* bæjarstæði býli 66°08.272N 017°14.161V



FRÍÐLÝSTAR MINJAR

"Beiolfstader eður Beigolfstader, eyðihjáleiga. Bygð fyrri manna minni í úthögum út frá heimajörðinni og varaði bygðin inn til næstu 10 ára." segir í jarðabók Árna og Páls frá 1712. "Norðaustur frá bænum er fornt eyðibýli, Böðólfstaðir ..." Beigólfstaðir eru örskammt suðaustur af Efri-Reiðdal, fast við þjóðveginn að austan, um 200 m sunnan Hallbjarnarstaðagils og um 10 m austan þjóðveggar. Þýfður lyngmói.

Túngarðurinn er hringlaga, um 100 m í þvermál. Breidd hans er um 1,5 m og er hleðsluhæðin um 1 m. Innan túngarðsins eru rústir sem líta út fyrir að vera frá mismunandi tímum. Innan túngarðs eru 4 tóftir. Tóftin sem merkt er 6a á teikningu, er um 26x7 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Tóftin er 4-5 hólfa. Hleðslur eru signar. Tóft 6b er um 16x7 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,3 m. Tóftin er tveggja hólfa. Hleðslur eru signar. Tóft 6c er um 17x17 m að stærð og er hleðsluhæðin um 1 m. Tóftin er 5 hólfa. Hleðslur eru signar. Tóft 6d er um 10x5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,3 m. Er hér um 1 hólf að ræða. Hleðslur eru signar. Brynjúlfur Jónsson taldi Beigólfstaði vera landnámsbæinn á Tjörnsei, en landnámsmaðurinn á Tjörnsei hét Böðólfur og hélt Byrnjúlfur að bærinn hefði upphaflega heitið Böðólfstaðir en fyrir því eru engar heimildir. Eins og bent er á í ÍF I, 279 nm er eins líklegt að nafnið hafi síðar verið lagað að Landnámu. Lýsing Brynjúlfs er á þessa leið: "Böðólfstaðir eru í Ytri-Tungu landi austur við Hallbjarnarstaðaá og er dálítið lengra frá sjó en næstu bæir eru nú. Sér þar glögt fyrir túngirðingu og rústum. Virðist bygð hafa haldist þar nokkuð langt fram á aldir, því sumar rústirnar eru grænar. Ein þeirra hefir tvær hliðartóftir og þriðju þar inn af. Það getur verið fjóstótt. Hún er inni í austanverðri girðingunni. Önnur rúst er í henni vestanverðri. Það er fornleg bæjarrúst: er að sjá sem þar hafi verið 4 bæjarhús hvert af enda annars. Því miður hefir í seinni tíð verið bygð fjárrjett eða stekkur, ofan á miðju þessarar rústar. Suðaustan til er partur af girðingunni myndaður af rúst, sem er tvískift: hvort tóftin af enda annarar, og er hvor um sig um það bil 3 fðm löng. Þetta sýnist einnig verið bæjarrúst. Hún er mjög niðursokkin og svo fornleg, að eigi sér á henni grænan lit. Er að sjá, að sú rústin hafi fyrst verið lögð niður. Enn er ein rúst, sem myndar part af girðingunni norðaustan til. Það er óskift tóft, ef til vill forn fjárrétt, og slær að eins grænum lit á hana."

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: JÁM XI, 265; BBSÞ 1963, 641; Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 10; ÍF I, 279

SB-304:009 *Mariugerði* heimild um mannvirki 66°07.867N 017°14.734V
Mariugerði var nafn á rústum sem voru um 20 m suður af 011. Hér var um að ræða talsvert miklar rústir, þ.e. hringlaga gerði með tóftum innan í. Rústir þessar ollu talsverðum erfiðleikum er tún var sléttað á þessum stað, sökum þess að mikið af hleðslugrjóti kom upp. Var jarðýta notuð við verkið. Einn hlutur kom upp við túnsléttunina, en það var hryggjarliður úr hval og var talið að hann hafi verið notaður til þess að bera í eld, þar sem hann var talsvert brunninn að innan. Einnig komu upp miklir sléttir hellusteinar er taldir voru leifar af hlóðum.. Var talið að um bæjarrúst væri að ræða. Að sögn heimildamanns var ekki óalgengt að rústir sem ekkert var vitað um væru kallaðar Mariugerði.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

SB-304:010 heimild um túngarð 66°07.852N 017°14.799V
"Gamla Ytri-Tungutúnið var talið 16-18 dagsláttur að stærð, með hringlaga garði." Túngarðurinn er nú svotil horfinn og er varla hægt að segja að nokkrar leifar sjáist eftir hann. Þó stendur næsta girðing vestur af íbúðarhúsinu í Ytri- Tungu Ia á hálfgerðum stalli sem mun vera leifar gamla túngarðsins. Lögun túngarðsins var nákvæmlega eins og sýnt er á túnakortinu frá 1917.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 2

SB-304:011 *Mariugerði* heimild um mannvirki 66°07.899N 017°14.721V
Um 40 m vestur af íbúðarhúsinu í Ytri-Tungu Ia, innan gamla túnsins voru tóftir. Þær eru nú horfnar vegna túnsléttunar. Á staðnum má reyndar greina dálitla dokk í túninu, sem bendir til þess hvar þær hafa verið

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

SB-304:012 *Brunnhús* heimild um vatnsból 66°07.918N 017°14.525V
"Brunnhús var yfir Bæjarlæk, um 45 m norður frá bæ." Bæjarlækurinn var tekinn af er túnið var sléttað á árunum 1952-1953. Á þessum stað sést þó vel lægð í túninu þar sem bæjarlækurinn rann áður. Þegar sagt er að brunnhúsið hafi staðið um 45 m norður frá bæ, er átt við gamla bæjarstæðið. Stóð það þétt upp við og austan við girðingu þá er nefnd er í 001.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 2

SP-304:013 heimild um mannvirki 66°07.803N 017°15.047V

"... hæð [var] milli Árbæjar og Tungu. Þessi hæð heitir ekkert sérstakt, en yzt á henni er þúfa, sem heitir Nónþúfa." "Vestur af Nónþúfu eru nafnlausar tættur." Tóftir þessar hafa nú verið sléttaðar og verða ekki staðsettar nákvæmlega.

Í ræktuðu túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir AG, 5, Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir AG ath og viðb, 11

SP-304:015 heimild um kvíar 66°07.830N 017°14.831V

"Sunnan við gamla vallargarðinn [túngarðurinn 010], vestan við suður frá bæ, voru Kvíar. Þar voru ær mjaltaðar, a.m.k. fram til ársins 1904." Kvíarnar voru um 150 m SV af íbúðarhúsinu í Ytri-Tungu Ia. Þar sá lengi fyrir grjóti sem talið var vera hleðsluleifar. Það hefur nú allt verið sléttað undir tún.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 3

SP-304:016 heimild um kvíar 66°07.822N 017°14.369V

"Í suðaustur frá bæ, utan gamla túnsins, þar sem útihús Tunguvalla standa nú, voru strax um síðust aldamót miklar, lágreistar, harðgrónar tættur, sem nefndust Kvíar, eftirsóttur leikvöllur barna með fénað sinn. Engar sagnir um það, hvenær þær hafa verið nýttar fyrir alvörubúskap." Tóftir þessar voru þar sem útihús við bæinn Tunguvelli standa nú. Tunguvellir eru nýbýli frá Ytri-Tungu sem nú er í eyði.

Í túni Tunguvalla.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 3

SP-304:017 *Maríugerði* bæjarstæði býli 66°07.961N 017°14.830V

"Aðeins norðan við vestur frá gamla bænum, neðan gamla túnsins, voru allmiklar tættur gamals eyðibýlis, er nefndist Maríugerði." Maríugerði var um 170 m VNV af íbúðarhúsinu í Ytri-Tungu Ia, skammt vestan næstu girðingar vestur af húsinu. Búið er að slétta þessar tóftir undir tún. Hafði heimildamaður orð á því að ekki hafi komið í ljós einn einasti steinn er tóftunum var rutt, en jarðýta var notuð við verkið. Um 45 m sunnar í sama túni voru aðrar tóftir. Þær munu einnig hafa verið sléttaðar. Norðan Maríugerðis, þ.e. syðri tóftanna, var dálítill öskuhaugur er hafði að geyma mikið af beinum, mest fiska, og einnig töluvert af krákuskeljum (kræklingi)

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 3

SB-304:019 heimild um mógrafir 66°07.695N 017°14.118V

"Þar sem þjóðvegurinn liggur frá túni yfir Skeifárgil, heitir Sveigur, sem skiptist á vegastæðinu í Efrisveig og Neðrisveig. Þar sá fyrir miklum fjölda svarðargrafa (mógrafa), áður en jarðrask hófst." Mógrafir þessar voru þar sem þjóðvegurinn liggur nú yfir Skeifárgil. Þær munu hafa horfið við lagningu vegarins.

Í árgili.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: Hætta V. vegagerðar

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 3

SB-304:020 *Sveigsgötur* heimild um leið 66°07.790N 017°14.203V

"Á vegastæðinu skaut norðurbakkinn aflíðandi fæti suður í gilið; um hann lágu heybandsgötur að bæ úr Sveignum, Sveigsgötur. Á giljaðrinum lágu þær um uppblásinn mel með háu rofabarði mót suðri, Sveigsbarð." Sveigsbarð lítur út eins og dálíttill hóll um 300 m ASA frá bæ. Fjarlægð þess frá nyrðri gilbarmi er um 50 m. Þar er nú ræktað tún og sjást göturnar ekki lengur og staðsetning þeirra verður ekki ákveðin með vissu.

Ræktað tún.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 4

SB-304:021 *Huldusteinn* heimild um huldufólksbúst aður 66°07.792N 017°14.125V

"Á vegastæðinu skaut norðurbakkinn aflíðandi fæti suður í gilið; um hann lágu heybandsgötur að bæ úr Sveignum, Sveigsgötur. Á giljaðrinum lágu þær um uppblásinn mel með háu rofabarði mót suðri, Sveigsbarð. Undir því er ákaflega stór, stakur steinn, Huldusteinn. Þar hugðu ýmsir huldufólk búa." Steinn þessi er nálægt SA horni túnsins sem nú er á Sveigsbarði (sbr. 020).

Steinninn er um 5x4 m að stærð og um 1.5 m á hæð. (Þ.e.a.s. það sem stendur upp úr jörðu).

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 4

SB-304:022 heimild um vað 66°07.690N 017°14.355V

"Á vegastæðinu skaut norðurbakkinn aflíðandi fæti suður í gilið; um hann lágu heybandsgötur að bæ úr Sveignum, Sveigsgötur. Á giljaðrinum lágu þær um uppblásinn mel með háu rofabarði mót suðri, Sveigsbarð. ... Neðan Neðrasveigs þrengist gilið, því fram í það ganga ranar frá báðum hliðum niður að á; þar var Vaðið og þjóðleiðin um sveitina." Lýsing örnefnaskrár er mjög greinargóð og er litlu við hana að bæta öðru en því að fjarlægð vaðsins vestur frá þjóðveginum er um 150 m.

Í árgili þar sem er talsvert breitt og grasi vaxið undirlendi.


Leifar af götunum sjást beggja vegna vaðsins. Við vaðið breikkar áin talsvert, grynnskar og bakkinn lækkar.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 4

SP-304:023 tóft stekkur

66°07.598N 017°15.073V



"Enn leggur Skeifáin lykkju á leið sína frá norðurbrekkunni í gleiðum boga og myndar þar Miðnes, og slítur síðan sundur slægjulandið að kalla, þar til við tekur annað nes, breitt og langt. Austari hlutai þess heitir Stekkjarpartur. Á háum árbakka syðst og austast í honum er Stekkur, tættur eru allgreinilegar." Fjarlægð stekkjarsins vestur frá þjóðvegi er um 400 m. Nokkuð mikið undirlendi í árgili, vaxið háu grasi.

Tóftin er á árbakkanum.

Tóftin er um 13x8 m að stærð. Hleðsluhæðin er um 0,5 m. Tóftin er tveggja hólfa. Er hún all greinileg þeim sem að henni leitar, en hún er vaxin háu grasi. Einu dyrnar sem eru greinilegar, eru á austur-hlið stærra hólfins. Óljósar dyr eru á minna hólfinu við norður-enda tóftarinnar. Hleðslur eru signar.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 5

SP-304:024 *Stekkjargötur* heimild um leið 66°07.671N 017°15.136V

"Enn leggur Skeifáin lykkju á leið sína frá norðurbrekkunni í gleiðum boga og myndar þar Miðnes, og slítur síðan sundur slægjulandið að kalla, þar til við tekur annað nes, breitt og langt. Austari hluti þess heitir Stekkjarpartur. Á háum árbakka syðst og austast í honum er Stekkur, tættur eru allgreinilegar. Frá honum liggja glöggar götur upp gilbrekkuna og heim að bæ, Stekkjargötur. Eftir þeim var heyband flutt úr Stekkjarparti." Stekkjargötur eru mjög greinilegar norðan við Stekkinn (023). Liggja þær upp og vestur eftir brekkunni.

Gilbrekka, grasi vaxin.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 5

SP-304:043 *Sjóargata* heimild um leið 66°08.182N 017°15.007V

"Á Höfðanum sér óglöggt fyrri götum frá Tungukambi, beina stefnu á Ytri-Tungubæ. Þær liggja rétt við Ytri-Svarthamarssneiðing og eru eftir það alldjúpt og margar. Þær nefnast Sjógata og liggja rétt austan undir áberandi, strýtulaga hól, Sjóþúfu, , er stendur á norðurbarmi Sjólagar, sem nær ofan á bakkann hjá Syðri-Svarthamri." Sjóþúfa er um 250 m norður af útihúsum í Ytri-Tungu Ia og sjást götunrar enn vel við hann.

Lyngmói. Öldótt landsslag.

Her er nokkra samsíða troðninga að ræða. Eru þeir mjög greinilegir.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 9-10

SP-304:044 heimild um sundlaug 66°08.468N 017°14.277V

"Um 300-400 m austan við áðurnefndan Höfða ganga tvö lágarskörð inn í syðri barm

Hallbjarnarstaðagils, sem heita Neðri-Reiðdalur og Efri-Reiðdalur. ... Í efri dalnum var um skeið kennt sund af þeim Grími Bjarnasyni, síðar tollverði í Reykjavík og Marteini Sigurðssyni úr Kinn. Vatnið í sundpollinum var kalt, tekið úr Reiðdalslæk, sem á upptök sín austur á Brunngilsmýrum." Sundpollurinn eða stíflan er myndaði hann munu nú vera horfin var nálægt þeim stað þar sem Reiðdalslækur fellur í Hallbjarnarstaðaána um 40 m austan þjóðvegjar. Í árgili á mótum lækjar og ár.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. vatnsaga

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 10

SP-304:049 heimild um ristur 66°07.925N 017°13.791V

"Neðan [Brunngilsklofa þar sem lágirnar koma saman] þrengist gilið, rétt austan þjóðvegjarins, og nefnist Brunngilsmjódd. Í þessu gili, allt frá Grænum og niður að bæ, var ákaflega góð velta, og þangað sóttur allur strengur og mýrartorf, sem notað var heima." Brunngilið er næsta gil norður frá bænum. Ekki sjást merki um ristur í gili. , Lækjargil með talsvert miklu undirlendi, votlendu á köflum.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir JB, 12

SP-304:053 tóft óþekkt

Tóftarbrot eru norðan Brunngils, um 360 m norður af íbúðarhúsinu í Ytri-Tungu I. Þau sjást vel á loftmynd frá 1976 en ekki varð vart við þau á vettvangi og má vera að þau séu nú horfin.

Lyngmói.

Er hér un að ræða nokkuð stóra ferkantaða tóft og eru nokkur hólf í henni.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c.a. 1:35000)

SP-304:054 garðlag óþekkt

Um 430 m austur frá afleggjaranum að Ytri-Tungu er garðlag. Nær það frá Reiðdalslæk og nánast að Skeifárgili.

Þýfður lyngmói að mestu.

Út frá túlkun loftmyndar virðist garðlagið vera um 700 m langt.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c.a. 1:35000)

SP-305 Hringver

SP-305:001 *Hringver* bæjarhóll bústaður 66°07.248N 017°15.077V
Núverandi íbúðarhús í Hringveri sem byggt er árið 1922, stendur á gamla bæjarhólnum. Í

minni heimildamanna voru sambyggð húsinu fjós, heyhlaða og tvær stofur úr torfi og grjóti sem voru leifar af gamla bænum. Af þessum er nú einungis fjósið uppistandandi. Að auki má sjá þar tóftir annarar stofunnar, eða svonefndrar Norðurstofu, hlöðunnar og eina tóft sem heimildamenn gátu ekki skilgreint. Fjósið var áður hlöðaeldhús og búr. Skúr, áfastur húsinu að norðanverðu stendur þar sem áður var svonefnd Suðurstofa.

Í túni.

Bæjarhóllinn er um 28x26 m að stærð. Tóft Norðurstofu eru um 8x4 m að stærð.

Norðurstofa er sú gömlu tóftanna sem stendur vestast. Næst kemur Fjósið sem enn er uppistandandi, en það er einnig um 8x4 m að stærð. Þar næst kemur hlöðutóftin og er hún um 10x4 m. Sambyggð hlöðutóftinni að sunnan er síðan tóft með óskilgreint hlutverk, sem er um 5x4 m að stærð. Hleðsluhæð tóftanna er yfirleitt um 1.7 m.

Hættumat mun því miðast við að jörðin sé í ábúð þótt ekki sé hún það í eiginlegri merkingu eins og er.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir:

SP-305:002 heimild um fjárhús 66°07.295N 017°15.297V

Fjárhús þessi voru við NV horn gamla túnsins um 150 m NV frá bæjarhólnum. Hús þetta er nú horfið með öllu og hefur staðurinn verið sléttaður undir tún.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-305:003 *Stórhús* heimild um fjárhús 66°07.210N 017°15.044V


Stórhús voru um 60 m SV af Samfösthúsum (004). Var hér um að ræða fjárhús og hlöðu úr torfi og grjóti. Hús þessi hafa nú verið rifin og hefur staðurinn verið sléttaður undir tún.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



SP-305:004 *Samföstudhús* heimild um fjárhús 66°07.203N 017°14.977V
Samföstu hús voru fjárhús um 30 m vestur af Hornhúsum (005). Húsum þessum var rutt fyrir margt löngu en þó var hleðslugrjótið ekki fjarlæggt og er staðsetning húsana því greinileg jafnvel þótt gróið hafi yfir grjótið. Stingur staðurinn talsvert í stúf við annars slétt túnið í kring.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917


SP-305:005 *Hornhús* tóft fjárhús 66°07.220N 017°14.950V

Sunnan heimreiðar gegengur allmikil lág í gegnum túnið frá ANA-VSV. Sá hluti túnsins sem er sunnan lautarinnar nefnist Suðurtún. Er þetta eins og hálfgerið útskot úr túninu og er tóft Hornhúsa við ANA hornið á þessu útskoti. Nefnist þessi ANA hluti Suðurtúns Nátthagi. Fjarlægð Hornhúss ASA frá bæjarhólnum er um 100 m.


Í túni. Tóftin er um 30x9 m að stærð og er hleðsluhæðin um 1,9 m. Tóftin er þriggja hólfa. Dyr eru greinilegar á nyrst á vestur vegg nyrsta hólfsins, á milli nyrsta hólfsins og miðhólfsins, og nyrst á vesturvegg syðsta hólfsins. Tóftin er sambyggð túngarði þeim er umlykur túnið að hluta og myndar hann austurvegg hennar.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917



SP-305:006 tóft hesthús 66°07.251N 017°14.987V



Hesthús er um 50 m austur af bæjarhólnum. Myndar túngarðurinn austurhlíð tóftarinnar. Bæjarlækurinn rennur til vesturs þétt upp við tóftina að sunnanverðu.


Í túni.

Tóftin er um 10x10 m að stærð og er hleðsluhæðin um 1.5 m. Hleðslur standa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir:

SP-305:008 Flekatá bæjarstæði býli 66°06.908N 017°15.568V



"Flekatá nefndist eyðibýli á bakkanum suður við Rekatá. Þar var búið nokkur ár á seinnihluta 19. aldar." "Flekatá liggur beint upp af Sandhvilftinni, milli Hvilftar og Rekárgils. Yzt heitir Hvilftarbakki eða Jaðar. Flekatá er mjög grösug, og á henni sunnarlega eru rústir eftir samnefnt býli, sem þar var í byggð um nokkurt árabíl seint á

nítjándu öld." Býlið er vestast á norðurbarmi Rekárgils, sem aðskilur lönd Hringvers og Syðri-Tungu. Þar eru tvær tóftir og er önnur eftir íbúðarhús, en hin eftir útihús.

Á gilbarmi. Slétt graslendi.

Vestari tóftin sem er af íbúðarhúsinu er um 12x12 m að stærð og er hleðsluhæðin um 1 m. Er tóftin þriggja hólfa. Hin tóftin sem er um 20 m austar er líka um 12x12 m að stærð og er hleðsluhæðin um 1 m. Er hún þriggja hólfa.

"Fjórir bændur höfðu þar skamma búsetu, en allir urðu fyrir óhöppum nokkrum og fór býlið í eyði sökum trúar á óhappafylgur."

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: BBSÞ 1963, 640; Ö-Hringver, 3; LSP, 377

SP-305:010 heimild um lendingu 66°07.372N 017°15.559V

"Nálægt miðri fjöru í Hvilftarsundinu er lending, og er hún kennd við Hringvershvilftog kallað að lenda í Hvilftinni [002]. Nokkru norðar, í Miðsundinu, gengur sjórinn þó ívið lengra til austurs, og þar er þrautalendingin. Þar rennur bæjarlækurinn í sjó, og er þetta

kallað að lenda við Nýjalækinn." Bæjarlækurinn rennur norðan við bæjarhólinn. Á þessum stað skiptast á sandur og smágrýti.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Hringver, 1

SP-305:011 heimild um leið 66°06.853N 017°15.713V


"Upp af fjörunni eru alls staðar háir bakkar. Norðan við Rekána er allstór, grasi vaxinn hjalli í miðjan bakkann. Það heitir Sandhvilft. Upp að og upp frá henni liggja stígar, og voru reiðgötur áður."

Grasi vaxin brekka norður við Reká fyrir ofan fjöru. Ekki sést lengur fyrir þessum götum.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Hringver, 1-2

SP-305:012 Borgin tóft beitarhús 66°07.146N 017°15.595V



"Til suðausturs upp af Bátatorfunni [sem er upp af 002] liggur Hringvershvilft ... Er það fyrst Neðstahvilft. Þar heitir Flesja yzt, suður af Kambinum. Beitarhús voru áður í Neðstuhvilft vestast. Það ysta þeirra, sem kallað var Borgin, var síðast notað fyrir tæpum þrjátíu árum ..." Vestast í Hringvershvilft eru nokkrar tóftir. Er Borgin sú nyrsta af þeim. Á grasi vaxinni torfu við fjöru.


Tóftin er um 12x6 m að stærð og er hleðsluhæðin um 1,5 m. Tóftin er hálf niðurgráfin og er farið að gróa yfir hleðslur. Þó fellur hún í flokkinn hleðslur standa. Dyr eru á vesturgafli.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Hringver, 2

SP-305:013 tóft verbúð

66°07.136N 017°15.583V



30 m suður af Borginni 012 eru 2 tóftir.

Á grasi gróinni torfu við fjöru.

Syðri tóftin og jafnframt sú stærri er um 12x10 m að stærð. Hleðsluhæðin er mest um 0,5 m. Tóftin er gróin miklu og háu grasi og er lögun hennar því ekki skýr. Hin tóftin er um 6m NV af þeirri fyrir nefndu. Er hún um 8x4 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,3 m.


Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hringver, 2

SP-305:014

tóft fjárhús

66°07.137N 017°15.585V



"Til suðausturs upp af Bátatorfunni [sem er upp af 002] liggur Hringvershvilt ... Er það fyrst Neðstahvilt. Þar heitir Flesja yzt, suður af Kambinum. Beitarhús voru áður í Neðstuhvilt vestast. Það ysta þeirra, sem kallað var Borgin, var síðast notað fyrir tæpum þrjátíu árum, en sunnan við Borgina eru tóttir af eldra fjárhúsi og hlöðu, er þar var ekki alls fyrir löngu, og er þar suður af hvammur sem heitir Húshvammur." Fjárhús þetta er um 50 m suður af verbúðatóftunum (013). Öldótt graslendi við sjó.

Tóftin er um 17x16 m að stærð og er hleðsluhæð hennar um 1 m. Er tóftin þriggja hólfa. Er hún vaxin miklum gróðri sem gerir það að verkum að tóftin er ógreinilegri. Dyr eru ekki greinilegar. Gæri verið sama og 009

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hringver, 2

SP-305:015 *Húshvammur* heimild um mannvirki 66°07.103N 017°15.652V

"Til suðausturs upp af Bátatorfunni [sem er upp af 002] liggur Hringvershvilt ... Er það fyrst Neðstahvilt. Þar heitir Flesja yzt, suður af Kambinum. Beitarhús voru áður í Neðstuhvilt vestast. Það ysta þeirra, sem kallað var Borgin, var síðast notað fyrir tæpum þrjátíu árum, en sunnan við Borgina eru tóttir af eldra fjárhúsi og hlöðu, er þar var ekki alls fyrir löngu, og er þar suður af hvammur sem heitir Húshvammur. Einnig munu þar vera nokkur merki um gamlar verbúðir." Húshvammur er að finna um 40 m SA við 014, og aðeins ofar í brekkunni.

Grösugur hvammur.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hringver, 2

SB-305:016 heimild um leið 66°07.003N 017°15.384V

"Loks er Efstahvilt [sjá 011], og er hún allmiklu minni en hinar hviltirnar, hvor um sig. Austur af henni er stígur upp á bakkann, sem heitir Sneiðingur. Á mörkum hennar og Miðhviltar kallast Hryggur; um hann liggja stígar, og liggur leiðin neðan frá fjörunni venjulega um Flesjuna, Grundina og Hrygginn upp á Flekatá [004]. Þessi leið hefur verið farin á bílum." Ekki sjást nein merki um troðninga á þessum slóðum sem hægt var að glöggva sig á, en hins vegar er svonefndur Hryggur sem skilur á milli Miðhviltar og Efstuhviltar mjög greinilegur. Að öðru leyti er ekki skýrt hvar þessi leið hefur legið. Í grasi vaxinni brekku við sjó.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Hringver, 3

SB-305:017 *Gatnalaut* heimild um leið 66°07.040N 017°15.110V

"Upp frá Flekatá liggur laut, sem heitir Langalaut, en beggja megin lautarinar heita Hryggir; austan við syðri hrygginn er Gatnalaut og liggur suður í Rekárgilið. Þar voru áður reiðgötur." Göturnar eru horfnar undir þjóðveg.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. vegagerðar

Heimildir: Ö-Hringver, 3

SB-305:018 *Mariugerði* bæjarstæði býli 66°06.982N 017°14.622V


"Spölkorn austan við Bungu, upp með Rekárgilinu, er fornt eyðibýli, sem heitir Mariugerði. Þar sést móta glögg fyrir rústum, bæði bæjar og útihúsa, og dálitlu hringlaga túni, sem garður hefur verið hlaðinn um, en engar ákveðnar sagnir um býlið vita menn nú." Mariugerði er um 800 m SA af bæjarhólnum í Hringveri.

Í lyngi vöxnum múum.


Rústir á um 4 stöðum og garður um. Greinileg tvískipt rúst norðarlega. Tóftin er um 9x5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Tóftin er vaxin grasi og lyngi. Vestan við hana er önnur óleggri án sýnilegrar hólfaskiptingar. Sú er um 13x5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,3 m. Er tóft þessi vaxin lyngi, sokkin útflött og óskýr. Sunnan við gleggri tóftina er önnur glögg rúst, með 2 eða 3 hólf. Er hún um 8x7,5 m að stærð. Er tóftin vaxin grasi. Fjórða rústin er við garðinn vestanverðan að innan. Er hún um 6x4 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,4 m. Tóftin er vaxin lyngi. Garðlagið umlykur svæði sem er um 82x67 m að stærð. Er garðlagið um 1,5- 2 m að breidd og er hleðsluhæðin um 0,5 m þar sem hún er mest.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Hringver, 4



SP-305:019 Brandtótt tóft verbúð 66°07.264N 17°15.211V



"Norðan lautar heitir Miðtún, en flötin ofan við bæinn, milli bæjarlækjar og heimreiðar, heitir Tunga. Neðst í túnfætinum, rétt sunnan við bæjarlækinn, er tóttarbrot, sem heitir Brandstótt, og er talin vera gömul verbúð." Tóftin er

um 70 m vestsuðvestur af bæjarhólnum.

Í túni.

Tóftin er um 10x5 m að stærð. Hleðsuhæð er um 0,3 m. Tóftin er vaxin háu grasi og er því illgreinanleg. Úr fjarlægð minnir hún á grösugan hól í túninu. Tóftin virðist vera tvískipt og opnast bæði hólfín til suðurs.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Hringver, 4-5

SP-305:020 heimild um verbúð 66°07.273N 17°15.276V


"Norðan lautar heitir Miðtún, en flötin ofan við bæinn, milli bæjarlækjar og heimreiðar, heitir Tunga. Neðst í túnfætinum, rétt sunnan við bæjarlækinn, er tóttarbrot, sem heitir Brandstótt, og er talin vera gömul verbúð. (Nokkru sunnar var einnig til skamms tíma önnur tótt, samskonar, en nafnlaus. Yfir hana var sléttað fyrir nokkrum árum.)" Sunnan við Brandstótt eru nú sléttuð tún og engin merki þeirrar verbúðar sem þar hefur verið eru greinileg.

Þar sem verbúðin hefur staðið eru nú sléttuð tún.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Hringver, 4-5

SP-305:021 heimild um skotbyrgi 66°07.439N 017°15.040V



"Sunnan við Kálfadalinn [sem er í mónum utan við túnið], litlu vestar en í stefnu á bæinn, heitir Kofaholt. Þar er sagt, að verið hafi gamall skotkofi, og má sjá um hann nokkur merki." Um 200- 200 m NNV af íbúðarhúsinu.

Í lyngi vöxnum móa.

Hér er um að ræða lága lyngi vaxna þúst með dæld í

miðju og þar stóran stein.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hringver, 5

SP-305:022 heimild um kolagröf 66°07.432N 017°15.017V

"Sunnan við Kálfadalinn [sem er í mónum utan við túnið], litlu vestar en í stefnu á bæinn, heitir Kofaholt. Þar er sagt, að verið hafi gamall skotkofi, og má sjá um hann nokkur merki. Þarna í nánd eru einnig gamlar kolagrafir." Sunnan í Kofaholti, 150-200 m

norður af íbúðarhúsi.

Þýfður mói, vaxinn lyngi. Á þessum stað eru víða skvompur milli þúfna en ekki er hægt að fullyrða hverjar af þeim eru kolagrafir

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hringver, 5

SP-305:023 heimild um beitarhús 66°07.578N 017°15.380V

"Bakkinn utan við Kálfadal [sjá 017], út að Skeifárgili, heitir Horn, en upp af því, austur með giliinu, heitir Jaðar. Sunnan til á Horninu eru mörg tóttarbrot, ef til vill eftir gömul beitarhús." Á þessum stað hefur séð fyrir tóftum til skamms tíma. Nú eru þar engin sannfærandi tóftarbrot en steinar standa upp úr sverði og litamunur er á gróðri.

Grasi og lyngi vaxnir bakkar.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hringver, 5

SP-305:025 heimild um mannvirki 66°77.682N 17°13.853V

"Sunnan árinna eru þó nokkrar litlar grasdökkir, sem heita Hvammar. Hinn stærsti þeirra er ofarlega, þar sem nú liggur bílavegurinn (raunar liggur vegurinn rétt neðan við sjálfan hvamminn). Hann heitir Borgarhvamur, og eru þar rústir af einhverri byggingu, sem þar hefur verið fyrrum. Hæðin sunnan við gilið upp af Borgarhvammi, heitir Borgarhvammshæð." Með bílveginum er átt við gamla veginn sem er nú gróinn og aflagður og er 100-150 m austan við þjóðveginn við Skeifá. Í Borgarhvammi hafa sést rústir af byggingu en þær eru ekki greinilegar lengur.

Undirlendi Borgarhvamms er ekki mjög mikið en þar er fremur þýft sæði og er mögulegt að tóftirnar séu hlaupnar í þúfur.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hringver, 6

SP-305:026 *Kvíaból* tóft kvíar 66°07.275N 017°14.934V


"Skammt ofan við túnið, norðan bæjarlækjar, var kvíabólið áður fyrr. Sjást þess greinileg merki, og þar heitir enn Kvíaból." Síðast var fært frá árið 1918. Sést vel fyrir tóftum. Tóftin er 100-150 m NV. af gamla íbúðarhúsinu.

Þýfður mói

Tvískipt tóft nokkuð mikið sigin og útflött, en þó greinileg vel. Rétt norðan við tóftina er þúst, vaxin háu grasi. Hugsanlega aðrar mannvirkjaleifar.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hringver, 6



SP-305:027 *Stórhúshringur* heimild um fjárhús 66°07.156N 017°14.861V

"Rétt ofan við Nátthagann er talsvert stór, hringmynduð lægð, sem heitir Stórhúshringur, kennd við fjárhús, sem nú er ekki lengur til. Stórhúshringur (sem var mjög fallegur), er nú að miklu leyti búið að rífa upp með jarðýtu vegna vegagerðar."

Milli túngarðs að vestan og þjóðvegur er lág sem skorin er af gamla þjóðvegi og fer einnig að einhverju leiti undir hinn nýja.

Lágin er með nokkru þýfi. Þar vex gras, ljónslappi og lyng m.a.

Hættumat: Mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: Ö-Hringver, 6

SP-305:029 *Brunnhús/Lind* heimild um vatnsból 66°07.189N 017°15.093V

"Í túninu, skammt sunnan við bæinn, er laut, og í henni neðanverðri kemur upp ofurlítill kaldavermsluppspretta, sem heitir Lind. ... Áður hafði allt vatn verið sótt ofan í Lind. Þar er ágætt vatn, en erfitt að sækja. Skýli var byggt yfir vatnsbólið í Lindinni. Þar voru til skamms tíma rústir og kallað Brunnhús, en nú er búið að slétta yfir." Lægðin eða lautin sem er talað um er sú sem skilur á milli svonefnds Miðtúns og Suðurtúns (sbr. 005). Ef laut þessari er fylgt til vesturs kemur brátt að því að hún dýpkar snögglega og lindin sprettur fram. Þaðan rennur lækurinn síðan til sjávar eftir lautinni. Lindin er nánast beint suður af bæ.

Í túnjaðri

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Hringver, 6, 8

SP-305:030 garðlag 66°07.258N 017°14.561V

Tvö garðlög eru við Nýja lækinn (bæjarlækinn), að sunnan verðu, skammt austan þjóðvegur. Liggja þau bæði þvert á stefnu lækjarinns sem rennur til vesturs.

Þýfður lyngmói að mestu, en vallendisblettir inn á milli. Votlendi á köflum.

Vestara garðlagið er um 50 m austan þjóðvegur og er um 30 m langt og um 1 m á breidd. Hleðsluhæðin er um 0,5 m. Eystra garðlagið er um 80 m austar. er það um 15 m langt og um 1m að breidd og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Liggur garðlagið að hluta til norðan lækjar, eða u.þ.b. 5 m. Garðlögin eru bæði frekar vönduð að gerð og líklega eingöngu úr torfi. Sennilega er um áveitugarða að ræða.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Hringver, 6, 8

SP-305:035 heimild um uppsátur

"... er sagt að Túngumenn (þeirrar syðri) hafi áður haft hjer skipsuppsátur frí, en til Ytri Túngu hafi goldist 20 álna tollur." Heimildamenn gátu ekki fullyrt hvar uppsátur þetta muni hafa verið, en töldu þó líklegt að það hefði verið í Hringvershvilft (sbr. 036).

Heimildir: JÁM XI, 263

SP-305:036 heimild um lendingu 66°07.165N 017°15.643V

"Lending er góð í Hringvershvilft ..." "Nálægt miðri fjöru í Hvilftarsundinu er lending, og er hún kennd við Hringavershvilftog kallað að lenda í Hvilftinni." Hringvershvilft er auðþekkjanleg þegar að henni er komið, en þar er um að ræða stóran sveig í sjávarbakknum sem myndar breitt sund eða dalverpi er gengur undir þessu nafni. Lækurinn sem kemur úr Lindinni (029) fellur til sjávar skammt norðan Hringvershvilftar. Stefna frá bæ er í VSV.

Sandfjara.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta


Heimildir: BBSÞ 1963, 640

SP-305:037 garðlag túngarður 66°07.195N 017°14.940V

Túngarður er um tún á Hringveri.

Garðurinn er misþykkur og mishár.

Hættumat: Hætta v. ábúðar




SP-305:038 tóft óþekkt 66°07.499N 017°15.170V

300-350 m NNV af íbúðarhúsi, norðan við Kálfadal, er tóft.

Lyngi vaxinn þýfður mói.

Á þessum stað er ílangur grasi vaxinn hóll í móanum og lítil tóft á eystri enda hans. Tóftin er hringlaga, grasi vaxin. Gæti verið heystæði.

Hættumat: Engin hætta



SP-305:039 66°07.338N 017°14.986V


100-150 m N af íbúðarhúsinu er blettur sem gæti haft að geyma mannvistarleifar.

Í lyngi vöxnum mó.

Blettur þessi er um 5x3,5 m að stærð. Snýr hann NNA-SSV. Á honum er allt annar gróður en umhverfis, þ.e. gras og ljónslappi í stað lyngs.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

SP-305:040 tóft óþekkt 66°07.492N 017°15.151V




Í sjálfum Kálfadal, í láginni sem lækurinn rennur um, er lítil tóft. Er hún nánast í hánorðri frá íbúðarhúsi. Norðan við læk.

Ferhyrnd tóft, um 4x3 m að stærð. Er hleðsluhæðin um 0.4 m. Skarð er á austurvegg sem gæti hafa verið inngangur. Tóftin er vaxin háu grasi og punti.

Hættumat: Engin hætta

SP-305:041 garðlag 66°07.484N 017°15.087V



Garðlag er í Kálfadal, um 40-50 m austur af 040, sunnan við lækinn.

Í grasi vaxinni lægð, eða hvammi.

Hér er um að ræða

hálfhringlaga garðlag. Mál frá N-S er um 15 m.

Hlutverk garðlagsins er ekki þekkt en hugsanlegt er að hér sé um nokkurs konar aðhald fyrir skepnur að ræða.

Hættumat: Engin hætta

SP-306 Syðri-Tunga

SP-306:001 Syðri-Tunga bæjarhóll bústaður 66°06.427N 017°14.893V

"Bærinn stendur í hvilft undir Tunguheidi ofurlitið austan við þjóðveginn, um 1 km. frá sjó." Gamli bærinn stóð uppi á hæð um 100 m austur af íbúðarhúsi nýbýlisins Steindalur. Gamla íbúðarhúsið í Syðri-Tungu er byggt var árið 1938, var brennt og rífið um tveimur vikum áður en skráð var 1999. Nýir eigendur hafa nú tekið við jörðinni og stendur til að flytja sumarbústað á hana og á hann að standa á bæjarhólnum. Jarðvegsframkvæmdir höfðu greinilega farið fram á bæjarstæðinu er skrásetjari kom þar en að sögn nýs eiganda

hafði leifum gamla bæjarins einungis verið ýtt burt en ekki grafið í hólinn. Ekki stendur það heldur til.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: BBSÞ 1963, 637

SP-306:002 heimild um bænhús 66°06.466N 017°14.855V

"Bænhús er sagt að hjer hafi að fornu verið, og er þar eitt skemmuhús með girðing um."

"Um 20-30 m norður frá bæ, norðan lækjar, var fallegur, lágur hóll, Kirkjuhóll. Þar mun hafa staðið hálfkirkja fyrr á öldum. Fjánhús voru byggð á hólnum 1950. Þá kom upp mikið af mannabeinum upp úr grunni húsanna. Ætla má, að menn hafi sparað sér að smíða kistur utan um líkin, því legin, sem höggvin voru í þetta móhelluna voru svo ákaflega þröng." Fjánhúsin frá 1950 standa sunnan til á hólnum sem ekki er mikill. Áður stóðu þar og örlítið austar, fjánhús úr torfi og grjóti er nefnd voru Lækjarhús. Mannabeinin er komu í ljós við byggingu fjánhúsana voru aðallega undir norður-helmingi þeirra og lágu þau frekar grunnt. Beinín voru urðuð aftur á sama stað, en dýpra ofan í jörðinni. Fjánhúsin standa um 20 m norður af bæjarhólnum.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar


Heimildir: JÁM XI, 260; Ö-Syðri-Tunga, 2

SP-306:003 tóft óþekkt 66°06.509N 017°16.505V

Um 60 m norður af tóft 020, í eða við svonefnt Mýrarsund er tóft. Í grasi vaxinni brekku.

Myndarleg tóft sem kemur þó fyrst í stað fyrir sjónir sem djúp dokk. Ef betur er að gáð kemur í ljós að um tóft er að ræða sem virðist vera hálfgrafin inn í brekkuna. Tóftin er um 8x6 m að stærð og er hleðsluhæðin um 1m

Hættumat: Engin hætta



SP-306:004 heimild um útihús 66°06.384N 017°14.936V

Um 100 m vestur af bæjarhólnum, suður undir hólrana þeim er heimildamaður telur að sé svonefndur Hesthúshóll, man hann eftir að séð hafi fyrir tóftum. Þær hafa nú verið sléttaðar.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-306:005 heimild um útihús 66°06.361N 017°14.786V

Um 150 m SV af bæjarstæðinu í túnjaðrinum man heimildamaður eftir tóftum. Þær voru sléttaðar undir tún fyrir margt löngu.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-306:009 heimild um leið 66°06.443N 017°14.838V

"Norðaustur frá bæ var lítil túnspilda, sem afmarkaðist helzt af Bæjarlæk annars vegar, og götutroðningum hins vegar." Götutroðningar lágu frá Kirkjudal vestur fyrir fjárhúsin á Kirkjuhól og síðan SV eftir túninu. Ekki sést til gatnanna lengur. Einnig lágu götur úr austri niður eftir túninu og sameinuðust þessum norðan við fjárhúsin á Kirkjuhól.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga, 2

SP-306:010 heimild um leið

"Á móts við Engjahóla er Svarðarflötur. Þar var allgóður og djúpur svörður, nýttur frá Tungubæjum og Kvíslarhóli. Þarna á fletinum sá fyrir mörgum götutroðningum í átt frá Syðri-Tungu og til suðvesturs um brekkufótinn, neðan Kvíslarhóls." Hér er um að ræða framhald gatna 009.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga, 10

SP-306:011 heimild um mógrafir 66°06.390N 017°15.319V

"Á móts við Engjahóla er Svarðarflötur. Þar var allgóður og djúpur svörður, nýttur frá Tungubæjum og Kvíslarhóli." Tungá liggur þar í kröppum boga til norðurs og svo aftur til suðurs og hringar sig um þetta svæði sem mun teljast sunnan árinna. Fjarlægð frá bæjarhólnum (001) í vestur er um 300 m. Aðeins sést móta fyrir gröfunum, en þær voru að sögn heimildamanns fylltar að mestu til þess að varna því að skepnur færu sér að voða í þeim.

Þýfður gras og lyngmói.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga, 10

SP-306:012 heimild um hesthús 66°06.399N 017°14.993V

"Skammt vestur frá bæjarhúsum var Hesthúshóll." "Hesthús á Hesthúshól var í brekkubrún suður af bæ." Dálíttill hólrani er suður af bænum og heitir vestasti hluti hans líklega Hesthúshóll, en heimildamaður var ekki viss um staðsetninguna. Man hann heldur ekki eftir tóftum og hvað þá húsum á þessum stað. Fjarlægð frá bæ er um 130 m í SV.

Í túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga, 2; Ö-Kvísjarhóll og Syðri-Tunga, 8

SP-306:015 heimild um ristur 66°06.520N 017°15.513V

"Að túni að vestan og niður að þjóðvegi var fyrrum hálfdeigjumýri, Tungumýri, sem notuð var til slægna og torfristu, nú framræst og breytt í tún að stórum hluta." Hér er um að ræða tún það sem er alveg vestur við þjóðveg. Mýrin hefur verið ræst fram en þó ekki sléttuð öll og er þar þýfður grasmói vestast við þjóðveginn. Ummerki eftir torfristu sjást ekki.

Þýfður grasmói að hluta (vestast), annars slétt tún.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga, 3

SP-306:016 heimild um mógrafir 66°06.520N 017°15.513V

"Tveir grónir malarhólar eru vestur við gamla þjóðveginn, er heita Engjahólar. Steypt brú, sem stendur enn (1984), er þar á Tunguá, Tunguárbrú. Beggja megin þessarar brautar, á mótis við Tungugerði, var svörður (mór) tekinn upp frá Syðri-Tungu og Tungugerði um allmörg ár, síðast 1949. Þarna var góður, sprekmikill svörður." Mógrafir þessar er að finna sitt hvoru megin við gamla þjóðveginn þar sem hann liggur í gegnum Tungumýri (015).

Þýfður grasmói. Framræst mýri.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga, 3

SP-306:021 heimild um kolagröf 66°06.842N 017°15.585V

"Reká er lítið vatnsfall, nema í vatnavöxtum. Hún rennur eftir Rekárgili og í allháum fossi, Rekárfossi, fram af sjávarbakkanum. Ofan við Skonsur, norður við Rekárgil, er Rekárhöfði. Sunnan í honum, við giljaðarinn, sér fyrir kolagryfjum og einhverjum fornum tóttum."

Tún er á höfðanum. Þar sjást hvorki kolagrafir né tóftir.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Syðri-Tunga, 6

SP-307 Tungugerði

SP-307:001 *Tungugerði* bæjarhóll bústaður 66°06.543N 017°15.800V


Bæjarhóllinn í Tungugerði er á hæð vestan þjóðveggar, vestur af bæ í Steindal. Ávalur hóll í túni, vaxinn grasi og njóla.

Steyptur grunnur stendur sunnan í hólnum. Grunnurinn er um 8x6 m að stærð auk viðbótar sem er um 5x5 m að stærð. Hóllinn er um 20x15 (lengri frá N-S), og um 1,5 m hærri en umhverfið þar sem hann er hæstur. Íbúðarhúsið í Tungugerði var brennt sumarið 1999. Stefnir heimildamaður að því að slétta yfir rústirnar. Bað skrásetjari hann að hafa vakandi auga fyrir fornminjum.

Hættumat: mikil hætta v. ábúðar

Heimildir: BBSÞ 1963, 638

SP-307:002 tóft útihús 66°06.569N 017°15.821V



Um 40 m NV af 001 mótar fyrir lág í túni eftir útihús.

Í sléttuðu túni, vöxnu háu grasi og sinu.

Lágin snýr NV-SA

Heimildamaður ættlar að láta slétta yfir tóftina.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-307:003 heimild um útihús 66°06.562N 017°15.813V

Útihús var 40-50 m NNA af bæjarhól.

Í sléttuðu túni.

Ekki sést til tófta, en túnið er vaxið háu grasi og punti. Á þessum stað er dálítið af vallhumli.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-307:004 heimild um útihús 66°06.484N 017°15.818V

40-50 m SA af bæjarhólnum er lágur hóll þar sem útihús stóðu. Hallar niður af til A og S.

Sléttað tún

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-307:005 álagablettur 66°06.793N 017°15.758V

"Skonsur er samnefni á mjög stórri dokk, er liggur suður frá Reká rétt ofan við fjöru. ... Skonsur skiptast þannig: Yztaskonsa er við Reká. Um miðja Yztuskonsu er stór steinn, Stóristeinn. Hákon Jónsson, áður bóndi í Tungugerði, kannast við, að þetta hafi verið kölluð Stórusteinslág. Sú var trú manna, að ekki mætti slá blettinn frá steini út að á. Áttu álfar að eiga þann blett. Víst er, að sumir Tungugerðisbændur munu hafa farið eftir þessu. Skonsur voru áður nytjaðar frá Tungugerði. Þar er mjög vel gróið. Skonsur eru nú eign Syðri Tungu, það gerðist í ár (1985)."

Grasi vaxin lág, suður frá Reká.

Stór steinn 3x2x1,3 m. Fjarlægð hans frá ánni er 80-100 m.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Kvísarhóll og Syðri-Tunga, 6


SP-307:007 tóft óþekkt 66°06.518N 017°08.78V

Um 30 m suður af bæjarhól Tungugerðis má sjá ummerki um mannvirki.

Í sléttu túni.

Hér er um að ræða röð af stökum steinum og mótur fyrir vegg eða undirstöðu úr torfi eða mold, hornrétt á röðina að vestanverðu. Ekki er greinilegur veggur á móti en lægð er austan við steinaröðina - kannski eftir efnistöku.

Hættumat: Hætta v. ábúðar



SP-308 Kvíslarhóll

SP-308:008 *Sólveigarflötur* heimild um legstað 66°06.106N
017°16.452V

"Þegar kemur að gamla þjóðvegi, þar sem nú er rétt, var sléttur harðvellisblettur, er nefnist Sólveigarflötur, eftir konu, sem átti að hafa sett sig og barn sitt í Kvíslina og verið dysjuð í flötinni."

Sléttlendi neðan, og vestan við hólinn sem bærinn stendur upp á.

Að nokkru ræktað tún en að nokkru óræktað sléttlendi suður að gili. Gamli þjóðvegurinn liggur til norðurs á þessum stað.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Kvíslarhóll og Syðri Tunga, 1

SP-308:009 *Byrgishvammur* heimild um 66°06.074N 017°16.555V

"Þar suður af [005], eða aðeins ofar í gilinu, eru smáuppsprettur og mosapembur í hvammi; þar er Dýjahvammur. Þá er næstur Byrgishvammur; þar átti að sjást fyrir tóftarbroti. Hann er talinn vera rétt ofan við gömlu brúna." Tóftarbrotið fannst ekki við vettvangskönnun og heimildamaður kannaðist ekki við það.

Grasi vaxinn hvammur við á.

Ekki sést til fornleifa.

Í athugasemdum segir: "Ekki vissi faðir minn, hvert hefði verið notagildi tóftarinnar í Byrgishvammi, en gat sér þess til, að það muni hafa verið stekkur eða kvíar. Ekki hefur það verið skotbyrgi eða fyrir yfirsetu. Þarna er brött brekka, er tekur af alla sýn nema meðfram ánni, en yfir sumarið er mjög skjólsælt undir brekkunni á sléttum bala við ána, sem er fjárheld."

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Kvíslarhóll og Syðri Tunga, 2; Ö-Kvíslarhóll og Syðri Tunga ath og viðb, 1

SP-308:010 brú brú 66°06.374N 017°16.992V

"Talað hefur verið um göngubrú yfir Kvíslina við fjöruborð, en það er ekki rétt. Vegaslóð liggur niður bratta brekku að sunnan með upphlöðnum vegarstubb að brú, sem er um 4-5 m há en 2 m breið. Stöplar, sem steypdir voru um eð aupp úr aldamótum, standa vel enn."

Niðri við fjöru þar sem Kaldakvísl sem þar hefur sameinast Tungá, fellur til sjávar.

Brúarstöplar eru steyptir, en hlaðið undir og að. Brúargólf er úr timbri, handrið úr járnri og reipi. Brúin er 12-15 m löng. Jarðvegsfylling fallin frá suðurenda. Frá brekku að brúnni að sunnan er upphlaðinn vegur, um 3 m breiður og um 15 m að lengd. Er hann um 3 m hár næst brú.

Hættumat: Hætta v. vatnsaga

Heimildir: Ö-Kvíslarhóll og Syðri Tunga, 2

SP-308:014

Sagt er að bræður tveir er þjuggu á Kvíslarhóli séu grafnir í höfðanum og sjái þar fyrir tveim leiðum. Örlítið sunnar en 017 eru nokkuð reglulegar þúfnamyndanir, sunnan við dálitla laut, sem gætu verið þessi leiði.


Grasi vaxið land.

Allreglulegar þúfur en ekkert greinilegt mannvirki. Austur af þessum stað er kartöflugeymsla sem ekki er skráð.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir:

SP-308:017 tóft óþekkt 66°06.267N 017°16.842V



Tóft er vestan þjóðvegjar, norðan við Köldukvísl, þar sem tveir höfðar ganga fram.

Grasi vaxið, fremur slétt land.

Hér er um að ræða tveggja hólfa tóft.

Hættumat: Engin hætta

SP-309 Rauf

SP-309:001 *Rauf* bæjarhóll bústaður

"Bærinn stendur í gildragi upp af Eyvíkinni og austan þjóðvegjarins, um 150 m frá sjó."

Gamla bæjarstæðið er um 100 m NNA af nýja íbúðarhúsinu.

Hóll sunnan við læk. Norðan til í hólnum er steyppt haughús.

Allstór hóll, um 30 m á hvorn veg og líklega um 1,5-2m á hæð. Greinilegt er að hóllinn hefur verið sléttaður að hluta. Hóllinn er eflaust að nokkru leyti náttúrulegur.

Gamli bærinn brann árið 1965.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: BBSÞ 1963, 635

SP-309:002 heimild um útihús 66°05.716N 017°17.749V

Ekki tókst að staðsetja nákvæmlega og er tekin sama mæling fyrir 2 og 3. Mæling er tekin um 50 m SA af gamla bæjarstæðinu.

Í túni

Ekki sést til fornleifa

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-309:003 heimild um útihús 66°05.716N 017°17.749V

Ekki tókst að staðsetja nákvæmlega og er tekin sama mæling fyrir 2 og 3. Mæling er tekin um 50 m SA af gamla bæjarstæðinu.

Í túni

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-309:004 heimild um útihús 66°05.759N 017°17.884V

Útihús var um 70 m vestur af bæjarhólnum.

Séttað tún. Vegur hefur verið lagður yfir það austar en sýnt er á túnakorti.

Ekki sést til fornleifa.

Heimildamaður kveðst ekki muna eftir tóftum á þessum stað. Þjóðvegur hefur verið færður austar en hann var þegar túnakort var gert árið 1917. Um 80 m eru frá bæjarstæðinu að nýja veginum.

Hættumat: Hætta v. vegagerðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-309:005 heimild um útihús 66°05.765N 017°18.000V

Útihús var 20-25 m NV af steiptum fjárhúsum og hlöðu sem nú er vestan þjóðvegur.

Þarna er sléttuð tún

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-309:006 heimild um lendingu 66°05.831N 017°18.070V

Árið 1712 segir að lending sé brimsöm og stórgrýtt. Árið 1963 segir að lendingin sé slæm. Lendingin var fast við ós lækjar sem rennur fast norðan við útihúsin vestan þjóðvegur.

Niður við fjöru.

Á þessum stað mótast fyrir dálítilli dokk og segir heimildamaður að þar hafi bátar verið settir upp.

Þessi dokk er þessleg að vera að nokkru manngerð.

Hættumat: Hætta v. sjávarrofs.

Heimildir: JÁM XI, 261; BBSÞ 1963, 635

SP-309:008 2 tóftir óþekkt 66°05.662N 017°18.081V



Suður af nýja íbúðarhúsinu er svonefnd Stekkjarlæg.

Þýfður mói niður í láginni.

Tveggja hólfa tóft sem liggur N-S lyngi vaxin og hlaupin í þúfur. Er hún um 12x5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,3 m. Við norðurenda tóftarinnar virðist móta fyrir annari tóft sem er mikið hlaupin í þúfur.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

SP-309:011 garðlag óþekkt

Á sjávarbakkanum, um 85 m norður af svonefndu Hellisnefi, er leifar garðlags.

Sjávarbakki

Garðlagið liggur A-V og nær frá sjávarbakka um 87 m til austurs.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c.a. 1:35000)

SP-309:012 garðlag óþekkt

Mjög óljósar slitrur af garðlagi sem einungis eru sýnilegar á loftmynd. Er um 90 m norður frá afleggjaranum heim að Rauf. Garðlagið liggur A-V.

Við þjóðveg. Lyngmói.

Garðlagið er um 200 m langt. Liggur þjóðvegurinn yfir það að hluta og eru um 2/3 hlutar garðlagsins austan hans.

Hættumat: Hætta v. vegagerðar

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (1:35000)

SP-310 Héðinshöfði

SP-310:001 *Héðinshöfði* bæjarhóll bústaður 66°05.082N 017°19.082V

"Þá er eftir að geta um hvar talið er að bærinn hefur staðið áður. Upp við vallargarð, efst í túni Úlfs, rétt norðan við þar sem nú er rabbabargarður, voru miklar tættur, reyndar á fleiri stöðum. En þar er giskað á að bærinn hafi staðið." Gamla bæjarstæðið er um 100 m norður af yngra íbúðarhúsinu að Héðinshöfða II, og um 150 m NA af íbúðarhúsinu á Héðinshöfða I.

Í sléttuðu túni.

Ekki sést til fornleifa. Bæjarústunum var ýtt út. Sunnan við þær var allstór garður. Þar er nú rabbabarabeð, sem er talsvert minna en garðurinn var.

"Bærinn stendur neðarlega í túninu austan þjóðvegarins."

Heimildir: BBSÞ 1963, 633; Ö-Héðinshöfði, 6

SP-310:002 heimild um bænhús 66°05.020N 017°19.011V

1712: "Hálfkirkja eður bænhús er hjer, og embættað þá heimafólk var til sacramentis inn til bólunnar, síðan ekki." "Þá er eftir að geta um hvar talið er að bærinn hefur staðið áður. Upp við vallargarð, efst í túni Úlfs, rétt norðan við þar sem nú er rabbabaragarður, voru miklar tættur, reynar á fleiri stöðum. En þar er giskað á að bærinn hafi staðið. Þar var Bænhús og blettur við, kallað Bæhúsbeð. Þar sást fyrir grafreit, en nú er allt komið í tún." 1471: "til fullrar eignar jordena halfa hedenshaufda ... med þessum hvsum og taudvm badstofv alla ok bvr i gaungvnum. halft fios ok halfa hlauduna fyrer nedan kirkjuuna ok lambhus ut a uellinum." Bænhús þetta mun hafa staðið 160-170 m NA af bæjarhólnum. Heimildamaður man vel eftir hringlaga gerði, á að giska um 10 m í þvermál og þúfum inn í, sem hann telur að gætu hafa verið leiði. Faðir hans, Úlfur Indriðason er fluttist að Héðinshöfða árið 1927, var vantrúaður á þetta.

Í sléttuðu túni

Ekki sést til fornleifa. Gerðið var sléttað á þann hátt að veggirnir voru felldir inn í það. Heimildamenn muna hvorugur eftir sögum um að bein hafi komið upp á þessum stað.

1842 sjást enn merki um bænhúsið SSP, 191.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: JÁM XI, 258; Ö-Héðinshöfði, 6; DI V, 617

SP-310:006 *Bensahús.* heimild útihús 66°05.054N 017°19.096V

Norðarlega í túni, um 70-80 m austur af íbúðarhúsi heimildamanns, er tóftarbrot. Segir heimildamaður að faðir sinn hafi kallað það Bensahús.


Í sléttuðu túni.

Ekki sést til fornleifa.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Túnakort 1917

SP-310:011 Hólkot tótapyrping býli 66°05.184N 017°18.274V



Árið 1431 skipta bræðurnir Hallur og Finnur Ásgrímssynir milli sín jörðinni. Sá sem hafði ytri völlin fékk Hólkot til slæгна ásamt Krossteiga suður við á. "Hólkot, önnur hjáleiga. Bygt fyrir manna minni út frá heimajörðunni, afdeilt einasta að túni, en öðrum landsnyttjum óskift." 3 hdr. 1712. "Hólkot, í landi Héðinshöfða austur frá túni, óvíst um fyrstu byggð, fór í eyði um eða eftir 1712." "Enn sér fyrir garði í kringum Hólkot og Kárhól. Á Hólkoti hefur verið skilarétt, sér fyrir 2 stórum hólfum og 8 minni í kringum." "Hólkot ... var austur frá túni og átti afdeildan kýrfóðursvöll, en aðrir landsnyttjar sameiginlegar." Í norður og austur frá bæ.

Á þessum stað er nú rétt úr torfi með 2 stórum hólfum og 8 minni.

Réttin er um 37x25 m að utanmáli og er hleðsluhæðin um 0,8 m. Norðan og austan við réttina eru óglöggar tóftir og vestan hennar og neðar í brekkunni 3 tóftir sem allar eru innan túngarðs sem þar er. Tóftin norðan við réttina er um 15x5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,4 m. Tóftin sunnan við réttina er um 15x5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,4 m. Austasta tóftin af þeim þrem er standa vestar og neðar í brekkunni og innan túngarðsins, er um 17x7 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Sú vestasta af þessum, er hringlaga, um 6 m í þvermál og er hleðsluhæðin um 0,5 m. Loks er syðsta tóftin af þessum þremur um 7x5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,4 m. Utan túngarðsins eru 3 tóftir áfastar honum. Stendur ein þeirra við hann vestarlega á suðurhlið og er hún um 5x5 m að stærð með hleðsluhæð 0,4 m. Tvær standa síðan norðarlega við vesturhlið og er sú nyrðri um 5x5 m að stærð, hleðsluhæð um 0,4 m. Sú syðri er um 10x6 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,4 m. Úr túngarðinum NV-verðum liggur garðlag til norðurs að svonefndu Mariugerði (033). Um 80 m SA frá SA horni réttarinnar og utan túngarðs, er tóft sem er um 12x8 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,8 m. Er hún tvískipt. Tóftin er ekki vel glögg. Svæðið sem túngarðurinn afmarkar er um 130x90 m að stærð. Hleðsluhæð hans er um 0,4 m, en breidd hans er um 1 m. Túngarðurinn er mjög óglöggur á köflum."Hólkot: Rétt er, að það sé talið eyðikot á 15. öld, í byggð 1712. 1760 er það metið sér, svo að trúlega hefur þá verið búseta þar."

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: DI IV, 436-437; JÁM XI, 2600216; BBSÞ 1985, 583; Ö-Héðinshöfði, 4; Ö-Hólkot ath og viðb, 1; LSP, 374

SP-310:012 tóft 66°05.440N 017°19.799V


Tóft er á lágu holti skammt NV af Langholti.

Á lágu holti.

Tóftin virðist vera um 6x3,5 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,4 m. Hún kann að hafa verið lengri, en það er þó óljóst.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir:



SP-310:017 Breiðiskurður heimild um áveitu

"Hér [eftir 015] er komið að víðlendum mýrum, sem skiptast eftir áveituskurðum eða gördum. Næst Hólfum og túni, Húsflæði þá Ystaflæði, Miðflæði og Syðstaflæði og er þá komið að Breiðaskurði. Þar sem Breiðiskurður og áveitugarður koma saman, utan og ofan við Krók, heitir tungan Görn."

Breiðiskurður, sem er sigrin saman og ekki verulega breiður lengur, liggur vestur mýrina og er beygja á honum um 170 m vestan við veg, beint niður af íbúðarhúsinu að Héðinshöfða I. Ekki sést í vatn í skurðinum.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Héðinshöfði, 3

SP-310:021 garðlag áveita 66°05.172N 017°19.661V

"Skammt neðan við bæ Úlfs við Breiðaskurð er smágarður sem notaður var til að veita á Norðurmýri. ... Stíflustykki austan við áðurnefndan garð, þar er kelda er kallast Víti."

Garðlag þetta liggur nánast nákvæmlega N-S. Liggur hann að Breiðaskurði, að norðanverðu um 50 m vestur af beygju sem er á Breiðaskurði. Garðlag þetta er um 0,5 m breitt og er hleðsluhæðin um 0,4 m. Garðlagið sést vel á um 40 m kafla til norðurs, en kann að hafa verið lengra. Stíflustykki nefnist mýrin austan við garðlagið.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Héðinshöfði, 3

SP-310:024 frásögn um öskuhaug 66°04.981N 017°19.119V

Um 20 m SV af gamla bæjarstæðinu var hóll sem nú hefur verið sléttaður.

Í sléttu túni.

Á þessum stað gróf heimildamaður gryfju og kom þá niður á þykk öskulög. Nú er búið að taka um 1 m ofan af hólnum.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir:

SP-310:027 náma mógrafir 66°05.081N 017°19.490V

"Austan við Götulæk nær vegi er stórt svæði, sundurgrafið, Svarðargrafir. Tekin var upp svörður fram að 1954 og var svörðurinn þurrkaður á túni rétt norðan við, nefnd Grundargerðistún." Mógrafir þessar eru sunnan og vestan við íbúðarhúsið að

Héðinshöfða I.

Flatlendi, múrlent.

Um er að ræða allstórt svæði, og hafa að sögn heimildamanns, verið mógrafir þar víða, margar litlar. Svæðið í heild er um 100x150 m. Eru mógrafir greinilegastar á um 10x30 m stóru svæði.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Héðinshöfði, 3

SB-310:028 Grundargerðishús/Grundargerði heimild um útihús 66°05.152N
017°19.397V

"Austan við Götulæk nær vegi er stórt svæði, sundurgrafið, Svarðargrafir. Tekin var upp svörður fram að 1954 og var svörðurinn þurrkaður á túni rétt norðan við, nefnd Grundargerðistún. Þar voru útihús er kölluðust Grundargerðishús eða Grundargerði."

Sléttað tún

Aðeins má sjá ummerki þess að hér hafi verið sléttað úr byggingu, en ekki er hægt að greina stærð eða lögun. Var um að ræða fjárhús, hesthús, og rétt sem Úlfur, faðir heimildamanns mun hafa reist.

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Héðinshöfði, 3

SB-310:029 heimild um ristu 66°05.444N 017°19.811V

"Frá Grundargerði [022] út að Langholtbökkum, sem er út við sjó, er samfelld múri, Langholtsmýri. Spöl neðan við veg, er allmikið holt nokkuð samfelld út á Bakka, kallast Langholt. Út að því nær Norðurmýri. Vestan við Langholt er lítið holt, kallað Litla-Langholt. Frá því út að Bökkum er sléttlendi, áður deiglent, kallast Torfsund. Þar var rist torf meðan engja heyskapur var mestur og hey sett saman á staðnum."


Slétt múrlendi

Ekki ljóst hvort þar var torfrista til bygginga eða hvort aðeins var rist yfir heystæði.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Héðinshöfði, 3

SB-310:030 7 tóftir heystæði 66°05.369N 017°19.670V



"Frá Grundargerði [022] út að Langholtbökkum, sem er út við sjó, er samfelld múri, Langholtsmýri. Spöl neðan við veg, er allmikið holt nokkuð samfelld út á Bakka, kallast Langholt. Út að því nær Norðurmýri. Vestan við Langholt er lítið holt, kallað Litla-Langholt. Frá því út að Bökkum er sléttlendi, áður deiglent, kallast Torfsund. Þar var rist torf meðan engja heyskapur var mestur og hey sett saman á staðnum." Á vonefndu Langholti eru leifar af einum 6 eða 7 heystæðum.

Lágt grasi vaxið holt.

Fimm af þessum heystæðum eru vel greinileg, og eru hleðslur allra mjög signar. Tvær þústir eru þar til viðbótar sem gætu verið leifar heystæða. Um 20 m NV af heystæðunum er um 30 m langt garðlag. Er það um 1 m á breidd og er hleðsluhæð þess um 0,3 m. Garðlagið liggur A-V

Hættumat: Hætta v. ábúðar

Heimildir: Ö-Héðinshöfði, 3

SP-310:031 *Tryggvahús* tóft fjárhús 66°05.509N 017°19.560V

"Norðan við Langholt [sjá 024], út við fjöru er smá melbunga, kallast Langholtsmelur. Þar sem melur og Langholt mætast byggði maður að nafni Tryggvi fjárhús og hlöðu, Tryggvahús."


Á grasi vöxnum bakka, um 30 m frá fjörunni.

Tóftin er um 14x5,5 m að stærð og er hleðsluhæð hennar um 0,3 m Tóftin er útflött. Sér fyrir garða í miðju.

Tóftinni gæti hugsanlega stafað hætta af sjávangangi.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Héðinshöfði, 3



SP-310:032 *Tryggvabrunnur* brunnur 66°05.516N 017°19.530V


"Norðan við Langholt [sjá 024], út við fjöru er smá melbunga, kallast Langholtsmelur. Þar sem melur og Langholt mætast byggði maður að nafni Tryggvi fjárhús og hlöðu, Tryggvahús. Rétt austan við var grafinn brunnur, Tryggvabrunnur, er sést enn."

Grasi vaxinn bakki, um 30-50 m frá sjó.

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Ö-Héðinshöfði, 3

SP-310:033 *Mariugerði* tótabyrping 66°05.513N 017°18.221V



"Frá Héðinshöfða heita þeir Hnefadalshólar. ... Beint í austur frá Hnefadalshólum eru tveir litlir malarhólar, Efri-Hólar. Neðan við þann ytri eru tættur með hringlaga garði, um það bil 100 m. Þvert yfir, kallast Mariugerði, að mestu eða alveg í Eyvíkurlandi."

Í lyngi vöxnum móum. Malarnám þar sem tekið er efni í Tjörnesveg er um 50 m norðan við rústirnar.

Mariugerðistættur eru á hól sem er um 25 m N-S en um 15-20 m A-V. Hólinn stendur SA-lega á svæði sem er um 105x68 m að stærð, en svæðið afmarkast af túngarði. Hleðsluhæð túngarðsins 0,4 m og er breidd hans um 0,8 m. Nyrst á hólnum er nokkuð glögg tóft sem er um 12x9 m að stærð og er hleðsluhæð um 0,5 m. Nyrst í tóftinni er eitt skýrt hól en sunnar er stærra hól tvískipt, en ekki eins glögt. Þar mun

hólinn vera hæstur. Nokkru sunnar eru leifar af annari tóft og sjást suður- og austurveggur glögglega. Tóftin virðist hafa verið um 10x6 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,3 m. Þar er talsvert þýfi, sem gerir erfiðara að ákvarða hleðsluhæð. Um 20 m sunnan við túngarðinn eru tvær tóftir. Sú vestari er um 7x3 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,6 m. Eystri tóftin er um 5x3 m að stærð og er hleðsluhæðin um 0,6 m. Í hana vantar austurgagl. Þar má líka sjá garðlag er gengur út frá túngarðinum SA-verðum og liggur það að svonefndu Hólkoti (011), og tengist túngarði sem þar er. Rústirnar kunna að vera í hættu ef malarnámið verður stækkað.

Hættumat: Hætta v.grjótnáms

Heimildir: Ö-Héðinshöfði, 4

SP-310:034 *Kárhóll* heimild um 66°05.269N 017°18.419V

"Í suður af Efri-Hólum [sjá 027] rís hár malarhóll, er nefnist Kárhóll. ... Enn sér fyrir garði í kringum Hólkot og Kárhól." Garður sá er tengir Mariugerði(33) og Hólkot(011) liggur meðfram Kárhólnum vestanverðum.

Hættumat: Engin hættu

Heimildir: Ö-Héðinshöfði, 4

SP-310:044 *Jónshús* heimild um útihús 66°05.118N 017°19.302V
"Og enn norðar er hóll í túninu, þar sem hús Úlfs standa, hét hólinn Jónshúshóll en húsinn Jónshús." Hóllinn er skammt austan við þjóðveg.
Lágur hóll. Norðan til á honum stendur steipt útihús, en íbúðarhúsið á Héðinshöfða I að sunnanverðu og sjást engin merki um útihúsin gömlu.
Hættumat: Hætta v. ábúðar
Heimildir: Ö-Héðinshöfði, 5

SP-310:050 garðlag landamerki 66°05.617N 017°18.877V
"Norðar, austan við Héðinshöfðamýrar, er svo Hnefadalslækur, sem rennur í sjó. Skammt norðan hans eru merkin milli Eyvíkur og Héðinshöfða, um gamalt garðsslitur." Sjá má leifar garðlags frá því þar sem malarvegurinn á landamerkjum beygir að útihúsum frá Eyvík
Hættumat: Hætta v. ábúðar
Heimildir: Ö-Héðinshöfði, 1051-1052

SP-671 Fornleifar á fleiri en einni jörð

SP-671:003 *Tunguheiðarvegur* heimild um leið
"Á norðurbarmi lágarrinnar [Leirlágar] eru landamerki milli Syðri-Tungu og Hringvers. Þar um liggur Tunguheiðarvegur upp á Tunguheiði. Hann var varðaður frá Syðra-Tungutúni að Fjöllum í Kelduhverfi, enda fjölfarinn vegur fyrrum, vetur sem sumar." "Mýrin norðan við Tungunúp hefur verið köllið Hafursteinsmýri. Um hana liggur upphlaðinn vegur, sem sést glöggt enn, Tunguheiðarvegur."
Ekki skráð.
Heimildir: Ö-Syðri-Tunga, 7; Ö-Kvísarhóll og Syðri-Tunga, 6

SP-671:006 *Syðritungugötur* heimild um leið 66°06.946N 017°14.918V
Ofan við Bungurnar sem er upp af lautunum upp af Flekatá í landi Hringvers eru götur sem liggja strikbeint milli bæjanna.
Lyngi vaxinn mói.
Breiðar götur eða margir slóðar, á um 10-12 m breiðu belt, þær dýpstu um 0,5 m djúpar.
Heimildir: Ö-Hringver, 4

SP-671:007 heimild um leið 66°10.408N 18°13.176V
"Auk þessara gatna voru götur með bæjunum t.d. djúpar, langtroðnar, beinustu leið á milli Mýrarkots og Ketilsstaða." Göturnar milli Mýrarkots og Ketilsstaða lágu stystu leið milli bæjanna tveggja en engin merki þeirra sjást lengur.
Þar sem göturnar lágu eru nú sléttuð tún.
Hættumat: Hætta v. ábúðar
Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 6

SP-671:010 heimild um leið 66°10.564N 18°12.793V
"Auk þessara gatna voru götur með bæjunum t.d. djúpar, langtroðnar, beinustu leið á milli Mýrarkots og Ketilsstaða. Einnig liggja ævagamlar götur milli Ketilsstaða og Sandhóla ..." Göturnar milli Ketilsstaða og Sandhóla lágu niður frá bænum á

Ketilsstöðum, yfir bæjarlækinn og svo norður um melana, þá niður að Sandhólum. Gatan liggur að mestu um lyngivaxna mela en lá þó einnig þar sem nú eru tún í námunda við bæina.

Götuskorningurinn sést skammt norðan við merki Ketilsstað og Sandhóla.

Hættumat: hætta vegna túnræktar

Heimildir: Ö-Ketilsstaðir, 6

SP-671:011 garðlag 66°10.142N 017°13.151V

Um 20 m austur af efstu girðingum Mýrarkots og Ketilsstaða er garðlag sem liggur N-S. Kemur það þvert á landamerkjagarðinn á milli Ketilsstaða og Mýrarkots.

Þýfðir lyng og grasmóar beggja vegna þjóðvegjar.

Garðlagið sést vel um 110 m til norðurs frá enda landamerkjagarðsins en til suðurs má rekja hann samfelld þar til hann sveigir til austurs og hverfur undir þjóðveginn, miðja vegu á milli Mýrarkots og Hóls. Austan við þjóðveginn er síðan hægt að rekja hann um 500 m til suðurs. Þegar loftmynd er skoðuð kemur í ljós óljóst framhald á um 400 m kafla til viðbótar þar sem það sveigir í átt til þjóðvegjar og hverfur við hann. Um 400 m vestan þjóðvegjar, SV frá svonefndum Sjónarhól í landi Ísólfstaða, eru síðan nokkuð greinilegar slitur af garðlagi, sem líklega eru framhald þess sem sést hjá Ketilsstöðum og Mýrarkoti. Sá stubbur er um 190 m langur. Garðlagið er víða sprungið en einnig er eins og það hafi gengið til á köflum. Það er mest um 5 m á breidd og um 1,7 m á hæð. Um 175 m frá þeim stað þar sem garðlagið kemur undan þjóðveginum má sjá leifar þess er virðist vera landamerkjagarður á milli Mýrarkots og Hóls og, birtast undan þjóðveginum þvert á stefnu garðsins er hér um ræðir og sameinast honum. Lengd landamerkjagarðsins er um 175 m.

Hættumat: mikil hætta v. vegagerðar

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c.a.1:35000)

SP-671:013 garðlag

Um 87 m norður af þeim stað þar sem garðlag SP-671:011 og landamerkjagarðurinn á milli Hóls og Mýrarkots mætast, er annað garðlag. Liggur það til austurs frá garðlagi 011 en sveigir síðan smám saman til suðurs.

Gras og lyngmói, votlendur á köflum

Fyrstu 525 m liggur garðlagið í austur frá 011. Eftir þaðan liggur það í nokkuð kröppum sveig til suðurs og hverfur eftir um 1050 m

Hættumat: Engin hætta

Heimildir: Loftmynd frá 09.10.76 (c.a 1:35000)

5. Kafli. Minjar í hættu vegna fyrirhugaðrar vegagerðar

Að lokinni heimildakönnun og vettvangsrannsókn er ljóst að á framkvæmdasvæðinu og næsta nágrenni þess eru yfir 300. staðir sem teljast fornleifar samkvæmt lögbundinni skilgreiningu þar um og eru því friðhelgir. Ljóst er að margir þessara staða eru ekki í neinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda en jafnframt er mögulegt að fleiri staðir

leynist á framkvæmdasvæðinu sem ekki eru til heimildir um og ekki sjást vísbendingar um á yfirborði. Í eftirfarandi umfjöllun er því bæði greint frá þekktum stöðum sem fyrirsjáanlegt er að verði í uppnámi vegna framkvæmdanna og einnig lagt mat á líkur á því að fornleifar komi í ljós. Miðað er við þær upplýsingar sem Vegagerðin á Akureyri lét Fornleifastofnun í té um fyrirhugað vegarstæði í nóvember 1999.

Frá Héðinshöfða er núverandi veglínu fylgt út að afleggjara að Syðri-Tungu. Því næst kemur tilfærsla á vegarstæðinu til austurs á um 950m löngum kafla og er fjarlægð frá eldra vegarstæði mest um 45m. Á þessu svæði er engar fornleifar að finna, ef frá er talin leið (SP-305:017) sem báðar veglínurnar liggja yfir, um 75 m suður frá þeim stað þar sem þær sameinast aftur.

Eftir þetta frávik er núverandi veglínu fylgt á um 925 m löngum kafla. Engar fornleifar sem talist geta í hættu vegna framkvæmdanna, er að finna á þessum kafla. Sú sem liggur næst vegarstæðinu er í um 25m fjarlægð vestur frá því en það er **túngarður** (SP-305:037) í Hringveri. Þarf að hafa aðgát á meðan á framkvæmdum stendur að túngarðurinn verði ekki fyrir raski.

Því næst kemur aftur tilfærsla á vegarstæðinu til austurs, og nú á um 850 m löngum kafla, en þar liggur vegurinn yfir Skeifárgil. Mesta fjarlægð frá eldri veglínunni er um 35 m en það mun vera þar sem vegurinn liggur yfir gilið. Í Skeifárgili var að finna **mógrafasvæði**(SP-304:019), sem mun hafa horfið er eldri vegurinn var lagður. Aðrar fornleifar sem gætu verið í hættu er ekki að finna á þessu svæði.

Veglínurnar sameinast aftur við afleggjarann að Ytri-Tungu og mun eldri veglínunni nú verða fylgt á um 920m löngum kafla, eða út að Hallbjarnarstaðagili. Á þessari leið eru engar mannvistarleifar sem talist geta í sérstakri hættu vegna framkvæmdanna, ef frátaldir eru svonefndir **Böðólfsstaðir**(SP-304:006), sem eru austan veglínunnar skammt sunnan Hallbjarnarstaðagils. Hér er um að ræða hringlaga túngarð og er að finna fornar rústir innan hans. Veglínan liggur um 15 m vestan við túngarðinn og þarf því að sýna sérstaka aðgát við framkvæmdir svo fornleifarnar verði ekki fyrir raski. Fyrir utan hina almennu vernd sem allar fornleifar njóta eru Böðólfsstaðir sérstaklega friðlýstir af þjóðminjaverði og gildir samkvæmt þjóðminjalögum 20 m

friðhelgi út frá ystu mörkum minjanna.⁸ Ljóst er að miðað við núverandi hönnun verður farið inn fyrir þau mörk og verður því annaðhvort að hnika til veglínunni eða sækja um leyfi til fornleifanefndar um að hafa veginn svo nálægt hinum friðlýstu minjum.

Næst kemur tilfærsla á vegarstæðinu til austurs, mest um 25m, á um 800m löngum kafla, eða þar sem vegurinn liggur yfir Hallbjarnarstaðagil. Í gilinu var **sundpollur** (SP-204:044), nálægt þeim stað þar sem Reiðdalslækur rennur í Hallbjarnarstaðaá. Stíflan er myndaði pollinn mun nú vera horfin með öllu. Áætluð fjarlægð hennar austur frá eldra vegarstæði var um 40m. Aðrar mannvistarleifar er gætu talist í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda er ekki að finna á þessum vegkafla.

Eftir 800m sameinast nýja veglínan þeirri eldri aftur á stuttum kafla en færist síðan örfáa metra vestur fyrir eldra vegarstæðið á um 300m kafla, eða að afleggjaranum heim að Hallbjarnarstöðum. Á þessum kafla er svonefndur **Eggjastekkur** (SP-303:027), um 50 m austur frá eldra vegarstæðinu. Hér er um að ræða tóft sem þarf ekki að vera í sérstakri hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, ef sýnd er aðgát svo hún verði ekki fyrir raski. Frá mótum heimreiðarinnar að Hallbjarnarstöðum og Þjóðvegarins, vestur eftir túninu við félagsheimilið Sólvang, liggur fornt **garðlag** (SP-303:052), sem örugglega er í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda þar sem þar er gömlu veglínunni fylgt, en vegurinn virðist liggja yfir NA enda þess. Mögulegt er að garðlagið hafi gengið saman við Landamerkjagarðinn á milli Hallbjarnarstaða og Ísólfstaða, en þau tengsl síðan verið rofin er vegurinn var lagður.

Frá heimreiðinni að Hallbjarnarstöðum og að Sjónarhóli kemur um 850m langur kafli þar sem er tilfærsla á vegarstæðinu til austurs, mest um 62 m. Um 250 m norður af afleggjaranum að Hallbjarnarstöðum liggja bæði gamla og nýja vegarstæðið yfir leifar af fornum **landamerkjagarði** (SP-303:047) sem hlýtur því að teljast í mikilli hættu vegna framkvæmdanna sem fyrirhugaðar eru. Vestan gamla vegarstæðisins frá afleggjaranum að Ísólfstöðum og að Sjónarhóli, er **garðlag** (SP-302:044), sem þarf ekki að vera í hættu vegna framkvæmdanna, ef sýnd er aðgát á meðan á þeim stendur. Minnsta fjarlægð þess vestur frá gamla vegarstæðinu er um 5m en mesta fjarlægðin er um 60m. Minnsta fjarlægð vestur frá nýja vegarstæðinu er um 50m. Fyrirhuguð veglína sameinast þeirri

⁸ Ágúst Ó. Georgsson. *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík, 1990, 53. 18. gr. Þjóðminjalaga: "Þeim minjum, sem friðlýstar eru, skal fylgja 20 metra friðhelgað svæði út frá ystu sýnilegu

gömlu aftur við Sjónarhól sunnanverðan og fylgir henni nú að Mýrarkotsafleggjaranum. Lengd þessa kafla er um 1530m. Við Sjónarhól norðanverðan, eða við malarnámuna er þar er að finna, liggur vegurinn yfir fornt **garðlag** (SP-671:011). Garðlagið liggur þar í löngum sveig og liggur veglínun yfir það á tveim stöðum, þ.e.a.s. við Sjónarhól, eins og áður hefur verið minnst á og um 300 m NA af afleggjaranum að Hóli. Garðlagið er síðan hægt að rekja vestan þjóðveggarins nánast að Ketilsstaðaafleggjaranum og er fjarlægð þess þar frá veglínunni mest um 50m. Garðlagið hlýtur teljast í umtalsverðri hættu vegna framkvæmdanna. Um 150 m NA frá Hólsaafleggjara, liggur veglínun yfir leifar af **landamerkjagarði** (SP-300:018) á milli Hóls og Mýrarkots. Hann er sérstaklega greinilegur fyrir austan þjóðveginn þar sem hann endar í eða við garðlag SP-671:011. Telst hann vera í mikilli hættu vegna framkvæmdanna.

Frá Mýrarkotsafleggjaranum að Ketilsstaðaafleggjara er örlítill tilfærsla á veglínunni til vesturs, mest um 12m. Mannvirkjaleifar sem vert er að nefna á þessu svæði eru áður nefnt garðlag SP-671:011, **landamerkjagarður**(SP-299:025) sem liggur A-V og gengur saman við garðlag SP-671:011 um 150 m norðan við heimreiðina að Mýrarkoti, og **landamerkjavarða**(SP-300:012) sem er um 50m austan núverandi veglínun eins og í framhaldi af landamerkjagarðinum. Tvær síðarnefndu fornleifar þurfa ekki að vera í hættu vegna framkvæmdanna ef höfð verður gát á þeim á meðan á framkvæmdum stendur.

Frá Ketilsstaðaafleggjara að Sandhólaafleggjaranum hnikast nýja veglínun aftur austur fyrir núverandi vegarstæði, mest um 25m. Á þessum kafla liggur hún yfir **mógrafir** (SP-299:020) sem eru austan við gamla vegarstæðið um 150 m NA af afleggjaranum að Ketilsstöðum. Einnig er þar að finna leifar **landamerkjagarðs** (SP-299:009) sem gæti verið í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Garðlagið liggur A-V. Á vetvangi er það eingöngu greinanlegt vestan þjóðveggar, en er loftmynd er skoðuð af svæðinu kemur í ljós að það nær a.m.k 350m austur fyrir þjóðveginn. Það er því ljóst að báðar veglínurnar liggja yfir það og er það því í mikilli hættu vegna vegagerðarinnar.

Frá Sandhólaafleggjara er eldri veglínunni fylgt um 550m og er engar mannvistarleifar að finna á þeim kafla. Þessu næst kemur um 650m langur kafli þar sem veglínun hnikast aftur til austurs, mest um 25m. Við upphaf þessa kafla liggur veglínun

yfir fornt **garðlag** (SP-298:068). Frá norðurenda þess liggur það fyrst N-S á um 200 m kafla. Því næst liggur það í aflíðandi boga í átt að þjóðveginum og endar loks austan hans eftir um 400 m. Telst garðlagið vera í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Um það bil á móts við þann stað þar sem nýja veglínan sameinast aftur þeirri eldri er **garðlag** (SP-297:020) skammt austan hennar. Garðlag þetta liggur NV-SA og liggur eldra vegarstæði er þar er, yfir NV-enda hans um 100m austur af nýju veglínunni. Mjög miklar líkur verða að teljast á því að garðlagið nái lengra, og nýja veglínan liggi þ.a.l. yfir það.

Þessu næst liggur vegurinn í gegnum land Breiðuvíkur og til þess að gera langa sögu stutta þá er einungis um 3 staði að ræða á þeirri leið sem vert er að nefna. Fyrst skal telja **útihús** (SP-297:002) er var innantúns við Breiðuvíkurbæinn, nánar tiltekið við SA-horn þess, um 25 m frá núverandi vegi, en tóft þess mun vera horfin fyrir margt löngu. Fornleif þessi er nefnd sökum nálægðar við veginn án þess þó að vera í beinni hættu. Hafa ber þó í huga að í heimatúnum og í nágrenni þeirra er alltaf mögulegt að fornleifar komi í ljós við jarðrask. Næst ber að nefna **tóft** (SP-297:007) sem er vestan við afleggjarann að Bröttuhlíð, um 20 m suður af eldra vegarstæði. Liggur nýja veglínan sunnar en sú eldri og miðað við könnun á vetvangi virðist hún liggja yfir norðurenda tóftarinnar sem telst því vera í töluverðri hættu. Tóftin er í svonefndum Nátthaga sem er grasi vaxið og slétt undirlendi í svonefndu Stekkjar- eða Nátthagagili. Mögulegt er aðrar fornleifar leynist þar. Loks ber að nefna **garðlag** (SP-297:019) sem er um 200 m austur af bæjargilinu. Garðlagið sem liggur N-S er um 250 m langt og liggur veglínan yfir það. Telst það því vera í mikilli hættu.

Frá garðlaginu er síðan engar mannvistarleifar að finna á um 1400 m löngum kafla. Því næst liggur vegurinn fram af vesturbrún Valadals. Þar er töluverð tilfærsla á vegarstæðinu til norðurs, mest um 125 m og er lengd þess kafla um 650m. Þar uppi í brúninni við dalsmynnið er svonefndur **Valahaugur** (SP-296:015) sem er meintur legstaður. Samkvæmt meðfylgjandi loftmynd þar sem nýja veglínan er sýnd, er ljóst að veglínan liggur yfir Valahaug og telst hann því í mikilli hættu. Um 380 m austur frá Valahaug liggur nýja veglínan yfir gamalt **garðlag** (SP-296:028). Liggur það N-S frá gamla vegarstæðinu, um 175m en sveigir svo til austurs og endar loks eftir um 50m. Telst það vera í mikilli hættu.

Næst kemur um 250m kafli þar sem gömlu veglínunni er fylgt. Því næst kemur um 225 m langur kafli þar sem er dálftil tilfærsla á veginum til norðurs, mest um 5m. Á þessum kafla liggur vegurinn yfir **landamerkjagarð** (SP-296:009) á milli Valadals og Mánár. Liggur garðurinn N-S og er hægt að rekja hann frá sjó um 750m. Fjarlægð garðlagsins austur frá afleggjaranum heim að Valadalsbænum er um 300m. Garðlagið telst í mikilli hættu. Næst kemur um 625m langur kafli þar sem eldri veglínunni er fylgt og liggur vegurinn um land Mánar og nýbýlanna Árhólts og Mánárbakka. Á þessu svæði liggur vegurinn í gegnum tún eða heimalönd jarðanna og þar af leiðandi er vel mögulegt að fornleifar komi í ljós við jarðrask svo þar ber að sýna aðgát og á það sama í raun við þar sem vegurinn liggur um land Valadals. Um 25 m austur frá afleggjaranum heim að Máná, spretta svonefndir **Gvendarbrunnar** (SP-295:022) upp undan þjóðveginum að norðanverðu. Er hér um að ræða tvær uppsprettur með um 10 m millibili. Hljóta þeir að teljast í hættu vegna framkvæmdanna.

Frá afleggjaranum að Mánárbakka kemur svo tilfærsla á vegarstæðinu til suðurs, mest um 100 m, á um 1030 m kafla. Á þeirri leið eru tveir staðir sem vert er að nefna sökum nálægðar við fyrirhugað framkvæmdasvæði. Fyrst ber að nefna svonefnda **Vörðuhóla** (SP-295:012). Er hér um að ræða 3 hóla sem liggja hver upp af öðrum frá norðri til suðurs. Eru tveir þeirra norðan eldra vegarstæðissins og eru þeir ekki í hættu vegna framkvæmdanna. Þriðji hóllinn og sá syðsti er mitt á milli veglínanna og telst því í hættu vegna framkvæmdanna. Á kolli nyrsta og syðsta hólsins er að finna hundapúfur er gætu verið leifar eftir vörður. Hafa þarf gát þegar vegurinn verður lagður framhjá þessum stað. Um 300m austar og um 75 m suður frá eldra vegarstæðinu eru svonefnda **Álfasteina** (SP-295:031). Er hér um að ræða tvo stóra steina sem eru við NA-horn svonefndrar Fögruhlíðar. Er annar þeirra við rætur hlíðarinnar en hinn um 40m norðar. Miðað við þær upplýsingar sem nú eru fyrirbyggjandi eru steinarnir í nýju veglínunni og teljast því í töluverðri hættu.

Næst færirst nýja veglínan norður fyrir þá eldri. Um 50m austan við þann stað þar sem veglínurnar skerast er að finna leifar gamallar **refagildru** (SP-295:033). Hún telst í raun ekki í sérstakri hættu vegna framkvæmdanna en er þó nógu nálægt framkvæmdasvæðinu til þess að vert sé að minna á að aðgát skuli höfð svo hún verði ekki fyrir raski.

Frá refagildrunni og út að Mánárseli er engar fornleifar að finna er gætu talist í hættu vegna nýja vegarstæðisins, en á þessum kafla sem er tæplega þriggja km langur, eru töluverðar tilfærslur á vegarstæðinu. Við **Mánársel** (SP-295:026) er nokkur fjöldi fornleifa. Þó eru einungis tvær sem vert er að nefna hér vegna nálægðar við vegarstæðið, en það munu vera selið sjálft sem er um 60m norður af nýja vegarstæðinu, og **tóft** (SP-295:016) sem er um 25m vestar. Hvorug þessara tófta þarf að vera í hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda ef aðgát verður sýnd. Í Mánárseli var búið lengi vel, síðast á síðari hluta 19. aldar. Tóft selsins/bæjarins er óröskuð en í kring hefur verið sléttað tún og gætu önnur mannvirki legið þar undir sverði þar í nágrenni við selið. Því er nauðsynlegt að sýna aðgát við þær framkvæmdir er fyrirhugaðar eru á svæðinu.

Næstu 2350m er engar fornleifar að finna í nágrenni við vegarstæðið, ef frá eru taldar **reiðleið** (NP-007:009) er liggur um sjávarbakkann skammt vestan Skeiðsaxlar og fyrirhuguð staðsetning **vörðu** (NP-007:007) á svipuðum slóðum, er líklega hefur aldrei verið hlaðin að sögn heimildamanna. Skammt sunnan við Skeiðsöxl um 2350m frá Mánárseli, við minni svonefnds Engidals, er **tóft** (NP-007:024) sem er í mikilli hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda þar sem nýja veglínun kemur til með að liggja yfir hana.

Frá tóftinni sem talað er um hér að framan og að Gerðibrekku er engar fornleifar að finna sem eru svo nálægt nýja vegarstæðinu að vert sé að minnast á þær hér.

Frá Gerðibrekku er veruleg tilfærsla á vegarstæðinu. Mun vegurinn liggja í sveig til austurs að Fjallahöfn, og þaðan út yfir svonefnt Rif, þaðan sem hann sveigir til suðurs og sameinast loks gamla vegarstæðinu skammt vestan við afleggjarann að Víkingavatni. Á þessum kafla er að finna fornleifar í nágrenni við veglínuna, og teljast sumar þeirra í mikilli hættu. Fyrst skal telja **tóft** (NP-008:35) sem er um 50 m vestur af nýju veglínunni, um 580m norður frá brún brekkunnar við Fjallahöfn. Telst þessi tóft ekki vera í beinni hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, en þó ber að hafa varann á svo hún verði ekki fyrir raski. Frá tóftinni og að Fjallahöfn er engar fornleifar að finna, en við höfnina sjálfa dregur þó til verulegra tíðinda. Uppi í brekkunni við höfnina er svonefndur Húsahjalli. Á þessum hjalla eru gömul **beitarhús** (NP-008:010), ásamt 3 öðrum tóftum sem ekki er hægt að skilgreina nánar að svo stöddu, en mögulegt er að séu eftir **verbúðir** (NP-008:029). Einnig verða að teljast miklar líkur á að fleiri fornleifar séu undir sverði á Húsahjalla. Fyrir neðan Húsahjalla að austanverðu er svo **stekkjartóft** (NP-008:031) og

mun vegkanturinn nema við vesturhlið hans eða jafnvel fara yfir hann að hluta. Fyrirhuguð veglína liggur yfir Húsahjalla og því teljast allar fornleifar á eða við hann vera í mikilli hættu. Frá Húsahjalla og að Víkingavatni er engar fornleifar að finna og er heldur ekki líklegt að þær komi í ljós þar sem vegurinn liggur yfir sand og hraun að mestu.

6. kafli. Tillaga um aðgerðir

Að lokinni heimildakönnun og rannsókn á vettvangi hefur komið í ljós að nokkrar fornleifar lenda í eða nærri fyrirhuguðu vegarstæði, miðað við áætlaða staðsetningu þess í nóvember 1999, og eru í uppnámi af þeim sökum. Vegurinn liggur að mestu um gróna móa þar sem ekki er mikið af fornleifum að vænta og þar sem líklegt er að fornleifar sjáist hafi þær verið á annað borð. Veglínan sker þó gönul tún í Breiðuvík, á Máná og Mánárseli en á slíkum stöðum eru alltaf miklar líkur á að minjar komi óvænt í ljós. Mælt er með því að fornleifafræðingur verði látinn fylgjast með framkvæmdum þegar veglínan verður lögð yfir hin gömlu tún.

Fyrir utan þá minjastaði sem eru beinlínis í uppnámi vegna þess að vegarstæðið fer yfir þá eru nokkrir sem eru svo nálægt vegarstæðinu að þeir gætu orðið fyrir hnjaski á meðan á framkvæmdunum stendur. Lagt er til að þeir verði merktir á áberandi hátt og að stjórnendum vinnuvéla verði greint frá staðsetningu þeirra.

Þeir minjastaðir sem teljast í uppnámi eru níu garðlög, ein leið, eitt mógrafasvæði, fimm tóftir og tóftaþyrpingar, einn meintur legstaður, Gvendarbrunnar og álfasteinar. Þessir staðir njóta allir friðunar samkvæmt þjóðminjalögum en vegna ólíks eðlis síns kalla þeir á nokkuð mismunandi aðgerðir. Í lögnum er tekið fram að ekki megi hylja fornminjar frekar en raska þeim eða eyðileggja og nema að fengnu leyfi fornleifanefndar.. Að sjálfsögðu væri æskilegast að hægt væri að sneiða hjá öllum fornleifum við framkvæmdir sem þessar en reynist það ekki unnt verður að grípa til aðgerða og eru hér setar fram ráðgefandi tillögur til vegagerðarinnar um það efni:

Lagt er til að sótt verði um leyfi til fornleifanefndar um að hylja **Gvendarbrunna** (SP-295:022), **Álfasteina** (SP-295:031), mógrafir (SP-299:020) og leið (SP-305:017) án

frekari aðgerða,

Lagt er til að sótt verði um leyfi til fornleifanefndar umað leggja veginn yfir níu garðlög (SP-303:052; SP-671:011; SP-300:018; SP-299:020; SP-299:009; SP-298:068; SP-297:020; SP-297:019; SP-296:028; SP-296:009) að undangenginni fornleifakönnun þar sem grafið verður eitt snið í hvern garð til að kanna uppbygginu hans og aldur miðað við afstöðu gjóskulaga.

Lagt er til að sótt verði um leyfi til fornleifanefndar um að hylja tóftirnar SP-297:007 og NP-007:024 að undangenginni takmarkaðri fornleifarannsókn sem miðaðist að því að kanna hlutverk og aldur þessara mannvirkja.

Lagt er til að vegarstæði verði hnikað svo að það verði utan við 20 m frá túngarði Beigólfsstaða og svo að það fari ekki yfir **Valahaug** (SP-296:015). Ef það er ekki unnt í seinna tilvikinu verður að sækja um leyfi til fornleifanefndar um að láta fara fram fullnaðarrannsókn á staðnum.

Þá er lagt til að sótt verði um leyfi til fornleifanefndar um að láta gera fullnaðarrannsókn á svæðinu á Húsahjalla við Fjallahöfn, en á því svæði eru **beitarhús** (NP-008:010) og **verbúðir** (NP-008:029). Slík rannsókn yrði fyrst og fremst miðuð við að kanna verbúðirnar en látið yrði nægja að grafa skurð í gegnum beitarhúsin til að kanna aldur þeirra og hvort aðrar og eldri minjar leynist undir en verulegar líkur verða að teljast á að svo sé. Gera þarf ráð fyrir að þessar rannsóknir geti orðið bæði tímafrekar og kostnaðarsamar. Svo heppilega vill til að rústirnar í Fjallahöfn eru á þeim hluta vegarins sem síðast verður ráðist í að byggja en lagt er til að byrjað verði á rannsóknunum við fyrstu hentugleika svo að tryggt sé að ekki verði árekstrar á milli hagsmuna minjaverndar og framkvæmda. Aðrar aðgerðir sem lagðar eru til eiga hvorki að vera tímafrekar né kosnaðarsamar og ættu samtals ekki að taka meir en tvo mannmánuði.

7. kafli. Niðurlag

Í skýrslulok er skylt að geta þeirra takmarka sem eru á þessu mati. Mat á áhrifum fyrirhugaðra framkvæmda á fornar mannvistarleifar er nýjung hér á landi, engin viðurkennd aðferðafræði liggur fyrir og þróun aðferða er skammt á veg komin. Enn er langt í land að unnt verði að skera úr með fullri vissu að veglína hafi verið valin á þann

hátt að engin hættu sé á að minjar finnist þar síðar. Þó miðar í þá átt að unnt verði að gera markvissa fornleifaleit í þágu framkvæmda á borð við vegagerð.

Við vettvangsrannsókn á Tjörnesi kom fram að nokkrir minjastaðir lenda í uppnámi vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Í skýrslunni er lögð fram tillaga að því hvernig bregðast skuli við. Er það ný og merk reynsla fyrir fornleifafræðinga að takast á við þann vanda að leggja til hvort og þá hvernig minjum skuli fórnað í þágu framkvæmda. Ofangreindar tillögur eru viðleitni til þess að fylgja ströngum minjaverndarsjónarmiðum í anda þjóðminjalaga, en jafnframt á þann hátt að tilhögun og framvinda verksins verði viðunandi fyrir framkvæmdaaðila sem og fornleifavörslu. Þá skal tekið fram að ekki lágu fyrir upplýsingar um efnistöku vegna fyrirhugaðra framkvæmda og því er ekki hægt að leggja mat á fornleifar í hættu vegna hennar.

Heimildir

Óprentaðar heimildir:

Fornleifastofnun Íslands

ÍSLEIF, gagnagrunnur um íslenskar fornleifar, Adolf Friðriksson og Orri Vésteinsson ritstj.

Þjóðminjasafn Íslands

Ágúst Ó. Georgsson, *Fornleifaskrá. Skrá um friðlýstar fornleifar*. Reykjavík 1990

Bjarni F. Einarsson, *Katlar sunnan við Húsavík og Hlíðarhorn á Tjörnesi*.

Fornleifakönnun vegna mats á umhverfisáhrifum. Reykjavík 1997.

Þjóðskjalasafn Íslands

Jarðadeild. Tjörneshreppur, Kelduneshreppur, túnakort.

Örnefnastofnun

Ö-Bangastaðir. Skúli Skúlason og Ari Gíslason skráðu.

Ö-Fjöll og Auðbjargarstaðir. Kristján Eiríksson skráði.

Ö-Máná. Ari Gíslason skráði.

Ö-Valadalur. Ari Gíslason skráði.

Ö-Breiðavík. Ari Gíslason skráði.

Ö-Breiðavík. Athugasemdir og viðbætur. Svavar Sigmundsson skráði.

Ö-Breiðavík. Viðbætur. Jónína Hafsteinsdóttir skráði.

Ö-Sandhólar. Baldur Steingrímsson skráði.

Ö-Sandhólar. Athugasemdir og viðbætur. Baldur Steingrímsson skráði.

Ö-Ketilsstaðir. Ari Gíslason skráði.

Ö-Mýrarkot. Svör við spurningum. Friðbjörn Sörensson skráði.

Ö- Hóll. Ari Gíslason skráði.

Ö- Hóll. Athugasemdir og viðbætur. Friðbjörn Sörensson skráði.

Ö- Hóll. Svör við spurningum. Jóhannes Þ. Jóhannesson skráði.

Ö-Ísólfstaðir. Gerð eftir örnefnaskrá Ara Gíslasonar, með seinni viðbótum.

- Ö-Hallbjarnarstaðir. Ari Gíslason skráði.
- Ö-Hallbjarnarstaðir, viðbætur. Eiður Árnason skráði.
- Ö-Ytri-Tunga og Tunguvellir. Jóhannes Björnsson skráði.
- Ö-Hringver. Kristín Geirsdóttir skráði.
- Ö- Kvislarhóll og Syðri-Tunga. Jóhannes Jóhannesson skráði.
- Ö- Kvislarhóll og Syðri-Tunga. Athugasemdir og viðbætur. Jóhannes Þ. Jóhannesson skráði.
- Ö-Syðri-Tunga. Jóhannes Björnsson skráði.
- Ö-Héðinshöfði. . Jóhannes Þ. Jóhannesson skráði.

Prentaðar heimildir:


BBSÞ: *Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1985*, Reykjavík 1986.

BBSÞ: *Byggðir og bú Suður Þingeyinga 1963*, Reykjavík 1963.


JÁM: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín* 1-11, Kh. 1913-43; 12-13 Rv. 1990.


JJ: J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi*, Kaupmannahöfn 1847.


SSÞ: *Þingeyjarsýslur. Sýslu- og sóknalýsingar Hins íslenska bókmenntafélags 1839-1844*, Rv. 1994.





			VEGAGERDIN		Norðaustur vegur	
			MELKV. 1:5000		Héðinshöfði - Halbjarnarstaðir 8507	
			Tækn. Dagsetning og Nafn		Grunnmynd 1./3	
			Dags. Breyting		Breytt af	





			 VEGAGERDIN		Norðaustur vegur Héðinshófi - Halbjarnarstaðir		8507
			MELKY 1:5000	Hannað Teikn.	Dagsetning og Nafn Dagsetning og Nafn		2./3
Dags.	Breyting	Breytt af					





		 VEGAGERDIN		Norðaustur vegur Héðinshöfði - Hallbjarnarstaðir		8507
		MELIKV. 1:5000	Hönnuð Tekn.	22-mars-1999		3./3
				Grunnmynd		
Dags.	Breyting	Breytt of				





			 VEGAGERDIN		Norðaustur vegur um Tjörnes	
			MELIKV. 1:5000	Hornad. Teikn.	Grunnmynd	
			Yfirf. Samb.	4./9		
Dags.	Breyting	Breytt af				



			 VEGAGERDIN		Norðaustrurvegur um Tjörnes	
			NÆLKV. 1:5000	Hönnuð Teikn. Yfirf. Somp.	Grunnmynd	
Dags.	Breyting	Breytt af			5./9	





			 VEGAGERDIN		Norðausturvegur um Tjörnes	
			MELKV. 1:5000	Hannað Tekn.	Grunnmynd	
				Yfirf.	7.79	
Dags.	Breyting	Breytt af		Samb.		



		VEGAGERÐIN		Norðausturvegur um Tjörnes	
		SKALKV.	Horsoð		
		1:2000	Teikn.		
			Yfirt.		
			Sömp.		
Daga	Breyting	Breytt af			

Grunnmynd







Dags.	Breyting	Breytt af	


VEGAGERDIN	
MELIKV.	Hannað
1:2000	Tekn.
	Yfirf.
	Samb.


Norðausturvegur um Tjörnnes
Grunnmynd



		VEGAGERÐIN		Norðausturvegur um Tjörnes	
		SKALKV.	Horsoð		
		1:2000	Teikn.		
			Yfirt.		
			Sömp.		
Daga	Breyting	Breytt af			





			 VEGAGERDIN		Norðausturvegur um Tjörnes	
			MÆLKV. 1:2000	Hannað Tekn.	Grunnmynd	
Dags.	Breyting	Breytt af		Yfirl.		
				Samp.		